

**Ársrit**  
**Bandalags íslenskra leikfélaga**  
**2012–2013**



Útgefandi:

Bandalag íslenskra leikfélaga

Kt. 440169-0239

Kleppsmýrarvegi 8, 104 Reykjavík

Símar: 551 6974 og 562 2944

Fax: 562 2984

Netfang: [info@leiklist.is](mailto:info@leiklist.is)

Veffang: [www.leiklist.is](http://www.leiklist.is)

Ritstjórn og ábyrgðarmenn:

Þorgeir Tryggvason

Guðfinna Gunnarsdóttir

Halldór Sigurgeirsson

Ólöf Þórðardóttir

Þráinn Sigvaldason

Uppsetning efnis:

Ármann Guðmundsson

Aðstoð við uppsetningu:

Hörður Sigurðarson

Prófarkarlestur:

Ritstjórn

*Forsíðumyndin er úr sýningu Leikfélags Kópavogs,  
Við höfum allar sömu sögu að segja.*

# Efnisyfirlit

Þröng staða	5
Aðildarfélag Bandalags íslenskra leikfélaga leikárið 2012–2013	6
Stjórn, starfsfólk og nefndir	7
Skýrsla stjórnar	8
Skýrsla skólanefndar	9
Skýrsla handritasafnsnefndar	10
Leiklistarvefurinn – Skýrsla vefnefndar 2013	11
Leiklistarskóli Bandalags íslenskra leikfélaga	12
Verkefni og skýrslur aðildarfélaganna leikárið 2012–2013	16
Námskeið í stjórnun leikfélaga	51
Athyglisverðasta áhugaleiksyning leikársins 2012-2013	52
Frá Kópavogi til Rokiskis	54
NEATA-Youth í Sønderborg	56
Culture Across Borders – NEATA-hátíð í Sønderborg, Danmörku	58
Stjórnarfundir Bandalags íslenskra leikfélaga	62
Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga	67
Menningarstefna Bandalags íslenskra leikfélaga	76
Allt fyrir andann	76
Ársreikningur Bandalags íslenskra leikfélaga 2012	77
Greinargerð vegna Laugavegsmálsins	85
Lög Bandalags íslenskra leikfélaga	86



## Þröng staða



Enn þrengir að rekstri þjónustumiðstöðvar Bandalags íslenskra leikfélaga. Nú er svo komið að grípa hefur þurft til róttæks niðurskurðar á starfshlutfalli með tilheyrandi takmörkun á opnunartíma. Þegar þetta er skrifað stendur ritari miðstöðvarinnar vaktina einn, og opnunartíminn er 9–13. Með einn starfsmann í hlutastarfi er vitaskuld ekkert svigrúm til að halda opnu í veikindum og fríi.

Vonir standa til að hægt verði að þoka málum í betra horf á næsta ári ef fjárlög gera mennta- og menningarmálaráðuneytinu kleift að standa við þjónustusamning sinn við Bandalagið. Þó er ljóst að jafnvel þó svo fari verður starfsmannahald ekki með sama sniði og verið hefur um langt skeið.

Vitaskuld kemur þessi niðurskurður niður á möguleikum þjónustumiðstöðvarinnar til að sinna verkefnum sínum og veita aðildarfélögum, skólum, atvinnuleikhúsgeiranum og öðrum sem fást við leiklist í víðasta skilningi þjónustu.

Nokkur aflögufær aðildarfélög hafa tekið það upp hjá sjálfum sér að styrkja Bandalagið sérstaklega með fjárframlögum undanfarna mánuði og verður sú rausn seint fullþökkuð. Eins hefur starfsfólk okkar tekið sviptingunum með ótrúlegu æðruleysi og vilja til að láta starfsemina ganga eins vel og mögulegt er miðað við aðstæður.

Vonandi renna fljótlega upp tímar þar sem við snúum vörn í sókn á ný. Þörfin fyrir starfsemina breytist nefnilega ekkert meðan sköpunarkraftur leikhúsáhugafólks lifir – og ekkert kæfir hann.

*Þorgeir Tryggvason,  
formaður*

# Aðildarfélög Bandalags íslenskra leikfélaga leikárið 2012–2013

*Áhugamannaleikklúbbur Grundarfjarðar*

*Borgarbörn, Reykjavík*

*Freyvangsleikhúsið, Eyjafirði*

*Halaleikhópurinn, Reykjavík*

*Hugleikur, Reykjavík*

*Leikdeild Umf. Gnúpverja*

*Leikdeild Umf. Vöku, Villingaholtshreppi*

*Leikfélag Austur-Eyfellinga*

*Leikfélag Blönduóss*

*Leikfélag Bolungarvíkur*

*Leikfélag Dalvíkur*

*Leikfélag Flateyrar*

*Leikfélag Fljótsdalshéraðs*

*Leikfélag Hafnarfjarðar*

*Leikfélag Hofsóss*

*Leikfélag Hornafjarðar*

*Leikfélag Hólmavíkur*

*Leikfélag Húsavíkur*

*Leikfélag Hveragerðis*

*Leikfélag Hörgdæla*

*Leikfélag Keflavíkur*

*Leikfélag Kópavogs*

*Leikfélag Mosfellssveitar*

*Leikfélag Ólafsfjarðar*

*Leikfélag Ólafsvíkur*

*Leikfélag Patreksfjarðar*

*Leikfélag Rangæinga*

*Leikfélag Reyðarfjarðar*

*Leikfélag Sauðárkróks*

*Leikfélag Selfoss*

*Leikfélag Seyðisfjarðar*

*Leikfélag Sólheima, Grímsnesi*

*Leikfélag Vestmannaeyja*

*Leikfélag Þórshafnar*

*Leikfélag Ölfuss, Þorlákshöfn*

*Leikfélagið Grímnir, Stykkishólmi*

*Leikfélagið Hallvarður súgandi, Suðureyri*

*Leikfélagið Peðið, Reykjavík*

*Leikfélagið Skagaleikflokkurinn, Akranesi*

*Leikfélagið Skrugga, Reykhólum*

*Leikfélagið Sýnir, á landsvísu*

*Leikflokkurinn Hvammstanga*

*Leikhópurinn Lopi, Árborg*

*Leikhópurinn Vera, Fáskrúðsfirði*

*Leikklúbbur Laxdæla, Búðardal*

*Leikklúbburinn Krafla, Hrísey*

*Leikklúbburinn Saga, Akureyri*

*Leikklúbburinn Spuni, Lúxemborg*

*Leiknefnd Umf. Grettis, Miðfirði*

*Litli leikklúbburinn, Ísafirði*

*Snúður og Snælda, Reykjavík*

*Studentaleikhúsið, Reykjavík*

*Umf. Ármann, leikdeild, Kirkjubæjarklaustri*

*Umf. Biskupstungna, leikdeild, Bláskógabyggð*

*Umf. Dagrenning, leikdeild, Lundarreykjadal*

*Umf. Efling, leikdeild, Reykjadal*

*Umf. Íslendingur, leikdeild, Hvanneyri*

*Umf. Reykdæla, Reykholti*

*Umf. Skallagrímur, leikdeild, Borgarnesi*

# Stjórn, starfsfólk og nefndir



Meðstjórnandi  
Bránn Sigvaldason  
Borgarfirði eystri



Varaformaður  
Guðfanna Gunnarsdóttir  
Selfossi




Formaður  
Þorgeir Tryggvason  
Reykjavík



Ritari stjórnar  
Ólöf Þórðardóttir  
Mosfellsbæ



Meðstjórnandi  
Halldór Sigurgeirsson  
Akureyri




Varastjórn  
Bernharð Arnarson  
Hörgárdal



Varastjórn  
Magnús J. Magnússon  
Selfossi



Varastjórn  
Þórvör Embla Guðmundsdóttir  
Borgarfirði



Varastjórn  
Þrúður Sigurðar  
Þorlákshöfn



Varastjórn  
Tífa Mist Helgadóttir  
Bolungarvík



Frankvæmdastjóri  
Vilborg Árný Valgarðsdóttir  
Reykjavík



Ritari skrifstofu og  
handritasafnsnefnd  
Ármann Guðmundsson  
Reykjavík



Skólanefnd  
Hrunn Ólafsdóttir  
Reykjavík



Skólástýra  
Dýrleif Jónsdóttir  
Reykjavík



Skólástýra og  
handritasafnsnefnd  
Hrefna Friðriksdóttir  
Reykjavík



Skólanefnd  
Gunnhildur Sigurðardóttir  
Mosfellsbæ



Skólanefnd  
Herdís Þorgeirsdóttir  
Mosfellsbæ



Handritasafnsnefnd  
Örn Alexandersson  
Reykjavík



Lénsheerra  
Hördur Sigurðarson  
Reykjavík



Fulltrúi i NEATA-youth  
María Björt Ármannsdóttir  
Reykjavík

# Skýrsla stjórnar

## Lögð fram á aðalfundi Bandalags íslenskra leikfélaga í Logalandi 4.–5. maí 2013

### I – Stjórn

#### Á starfsárinu skipuðu stjórn þau:

Porgeir Tryggvason, Reykjavík, formaður  
Guðfinna Gunnarsdóttir, Selfossi, varaformaður  
Ólöf Þórðardóttir, Mosfellsbæ, ritari  
Halldór Sigurgeirsson, Eyjafjarðarsveit, meðstjórnandi  
og Þráinn Sigvaldason, Borgarfirði eystri, meðstjórnandi

Í varastjórn sátu Magnús J. Magnússon, Þrúður Sigurðar, Bernharð Arnarson, Þórvör Embla Guðmundsdóttir og Ylfa Mist Helgadóttir.

Í þjónustumiðstöðinni starfa síðan Vilborg Valgarðsdóttir framkvæmdastjóri og ritarinn Ármann Guðmundsson.

Fimm stjórnarfundir voru haldnir á árinu, í höfuðstöðvunum í Reykjavík, á Grjóteyri í Borgarfirði og í tengslum við aðalfundi. Stjórnarmönnum og starfsfólki er þakkað fyrir góða og vinnusama fundi á starfsárinu.

### II – Starfsemi félaganna

39 aðildarfélög Bandalagsins sendu inn styrkumsóknir fyrir alls 106 verkefni fyrir leikárið 2011-2012. Fullur styrkur reyndist vera 246.332 krónur. Ársritið okkar inniheldur síðan allar frekari upplýsingar um starfsemina. Ekki liggja fyrir tölur um umfang starfsins á þessu leikári en engin ástæða til að ætla annað en það sé svipað og verið hefur. Félagin í Bandalaginu eru nú 59, fjórum færri en í fyrra.

### III – Starfsáætlun

Á síðasta aðalfundi var að venju samþykkt starfsáætlun og mun ég fara yfir hana og geta þess hvernig unnið var að hverjum lið fyrir sig.

#### Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfsemi.

Fastir liðir starfseminnar, skólinn og vefurinn eru meira og minna í höndum til þess kjörinna nefnda og munu fulltrúar þeirra fara yfir þá þætti sem undir þá heyrja hér síðar á dagskránni.

Sú kerfisbreyting hefur verið gerð af stjórnvöldum að ríkisstyrkurinn til þjónustumiðstöðvarinnar er ekki lengur á fjárlögum, heldur er okkur gert að sækja um hann til ráðuneytisins. Í febrúar var gengið frá samkomulagi sem hljóðaði upp á 5 milljón króna styrk til miðstöðvarinnar árlega næstu þrjú árin. Ljóst er að það dugar ekki til að endar nái saman og er eitt verkefni þessa fundar að útfæra leiðir til að bregðast við því.

Hörðu aðhaldi hefur verið beitt í rekstrinum og útsjónarsemi starfsfólks hvað það varðar vakið aðdáun stjórnarmanna, en til að brúa bilið þarf róttækari aðgerðir. Að öðru leyti koma rekstrarmál þjónustumiðstöðvarinnar best fram í ársreikningum sem framkvæmdastjóri skýrir síðar á dagskránni.

Á haustdögum dró loks til tíðinda varðandi húsnæðið að Laugavegi 96 þegar það var sett á nauðungarsölu. Eftir dramatískar sviptingar í nokkra daga varð því miður ljóst að við myndum ekki geta endurheimt húsnæðið, og ólíklegt að nokkuð af þeim fjármunum sem við áttum útistandandi kæmu í okkar hlut.

Framkvæmdastjóri skrifaði greinargerð um málið allt og var hún send aðildarfélögunum þegar allt var um garð gengið og vísa ég í hana hvað nákvæma útlistun ferlisins varðar.

Niðurstaða þessa máls er vitaskuld hörmuleg fyrir okkur. Stjórnin hefur reynt að átta sig á hvar í ferlinu hefði verið hægt að afstýra því að svona færi og þykir ljóst að þá hefðum við þurft að hafa brugðist við svo snemma að ómögulegt hefði verið að sjá þessi málalok fyrir. Hugmyndir um að láta kaupin ganga til baka hafa iðulega verið viðraðar í gegnum þessi ár sem við höfum beðið niðurstöðu, en ávallt hniðið sterk rök til að gera það ekki. Engu að síður er þetta mikið áfall fyrir hreyfingu okkar.

Stjórn og framkvæmdastjóri nutu endurgjaldslausrar aðstoðar Eggerts Páls Ólasonar lögfræðings þessa daga og kunnum við honum bestu þakkar fyrir hans ómetanlegu ráðgjöf og vinnuframlag.

#### Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

Ríkisstyrkurinn er nú 16,4 milljónir kr. til starfsemi leikfélaganna. Sá liður er enn inni á fjárlögum, góðu heilli, en rýrnar enn þrátt fyrir aðgerðir til að hafa áhrif á ráðamenn. Það er vitaskuld eilífðarverkefni að ná þessari upphæð í viðunandi stærð.

Á síðasta aðalfundi var stjórn falið að sækja um styrki hjá a.m.k 10 stórfyrirtækjum. Þessi aðgerð skilaði tveimur styrkjum samtals að upphæð 850.000, frá Samfélags- sjóði Landsvirkjunar og Samfélags sjóði Landsbankans. Að auki fékkst aukaframlag frá mennta- og menningar- málaráðuneytinu. Alls námu þessar „sértekjur“ 1.550.500 kr. og eru vegna skönnunar og skráningar handritasafnsins. Stjórn metur það svo að árangur af þessu umsóknar- átaki sé viðunandi. Styrkir frá stórfyrirtækjum eru einatt bundnir ákveðnum verkefnum, og eru ekki vænleg fjárfli- unarleið til að fjármagna almenna starfsemi.

#### Halda áfram samstarfi við Þjóðleikhúsið með Athyglis- verðustu áhugaleiksyningu ársins.

Leikfélag Kópavogs fór með sigur af hólmi í keppinni í fyrra og sýndi Hringinn eftir Hrefnu Friðriksdóttur í Kassa Þjóðleikhússins í júní. Við eigum svo von á gesti frá Þjóðleikhúsinu í kvöld til að tilkynna um niðurstöðuna í ár. Úr 17 syningum er að velja svo þetta samstarf er í fullu fjöri. Listinn yfir hverjar þær eru er á Leiklistarvefnum, svo það er um að gera að kynna sér hann og byrja að velja fyrir sér niðurstöðunni.

#### Sérverkefnum leikársins er báðum lokið

Námskeið í stjórnun leikfélaga og markaðssetningu



var haldið í Bæjarleikhúsinu í Mosfellsbæ 29. september og tókst ágætlega. 26 manns frá 13 leikfélögum sóttu námskeiðið. Stjórn þakkar Leikfélagi Mosfellsuveitar og Ólöfu Þórðardóttur kærlega fyrir lán á húsnæði og góðar móttökur.

Og í gærkveldi fór fram einþáttungahátíð með fjórum einþáttungum. Stutt gaman og skemmtilegt.

#### IV – Erlent samstarf

Þrátt fyrir allt sóttu tveir leikhópar erlendar hátíðir á árinu. Leikfélag Kópavogs sýndi Hringinn á leiklistarhátíð í Rokiškis í Litháen og Hugleikur fór með þann glataða eftir Sigríði Láru Sigurjónsdóttur og fleiri á Norður-evrópsku hátíðina sem NEATA hélt að þessu sinni í Sønderborg í Danmörku. Þar voru einnig tveir íslenskir þátttakendur á vel heppnaðri leiksmiðju ungliðadeildar NEATA og þrjú fulltrúar frá Litla leikklúbbum á Ísafirði tóku þátt í umfangsmiklu tækniverkefni þar sem unnið var með stafrænar nýjungar í ljósi og hljóðum.

Í Sønderborg sátu formaður og framkvæmdastjóri aðalfund NEATA. Í ljósi fjárhagsstöðu Bandalagsins ákvað stjórn á síðasta stjórnarfundum að senda ekki fulltrúa á stjórnarfund NEATA í Finnlandi núna í apríl og hyggst ekki senda fulltrúa á aðalfund IATA í Mónakó í sumar.

Vinna við menningarstefnu Norrænu ráðherranefndarinnar hélt áfram og sótti Hulda B. Hákonardóttir fund fyrir okkar hönd í hópi sem gerði tillögur að þætti áhugafólks og sjálfbodaliða í stefnunni. Þar talaði hún fyrir þeim sjónarmiðum okkar og NAR að við teldum best að við hefðum sérmerktu peninga til úthlutunar, en þyrftum ekki að sækja um styrki á „jafnréttisgrundvelli“ við atvinnu-menn. Við kynntum þessi sömu sjónarmið fyrir mennta- og menningarmálaráðherra.

Stefnan sem ráðherranefndin síðan samþykkti er til einhverra bóta en uppfyllir þó ekki þessar óskir okkar.

Stjórn þakkar Huldu kærlega fyrir vinnu hennar í málinu.

#### V – Sviðslistalög

Eins og fram kom á síðasta aðalfundi var þá í gangi endurskoðun sviðslistalaga. Við höfðum skilað inn um-sögn og vissum ekki betur en tekið hefði verið tillit til sjónarmiða okkar. Okkur brá því í brún þegar endurskoðað frumvarp barst okkur og þar var einfaldlega búið að taka út allan texta um áhugaleikstarfsemina. Þær skýringar sem fengust gengu út á að þetta væri til samræmis við aðra lagabálka um lista- og menningarstarfsemi. Stjórn sendi harðorða athugasemd við þetta, enda teljum við að það sé okkur lífsnauðsyn að lagatextinn um þessa starfsemi fjalli sérstaklega um okkur. Leiklistarsamband Íslands er á sama máli og gerði líka athugasemd við þetta. Góðu heilli fór frumvarpið ekki lengra að þessu sinni, en það er eitt af mörgum mikilvægum verkefnum næstu stjórnar að vakta þetta mál, ef ný ríkisstjórn og þing hyggst halda áfram vinnu eftir sömu brautum.

#### VI – Lokaorð

Erfitt ár er að baki og ærin verkefni framundan. Glíman við að afla nægilegs fjár til að starfsemi Bandalagsins og aðildarfélaganna heldur áfram. Í þeirri baráttu eins og annarri þarf hæfilega blöndu af bjartsýni og raunsæi, dugnaði og hugmyndaauðgi. Góðu heilli býr hreyfing okkar yfir þessum eiginleikum í ómældu magni.

Reykjavík 3. maí 2013  
Þorgeir Tryggvason

## Skýrsla skólanefndar

### Lögð fram á aðalfundi BÍL 4. maí 2013

Árið 2012 var skólanefnd Bandalagsins skipuð sömu fulltrúum og setið hafa undanfarin ár – hana skipa Hrefna Friðriksdóttir, Dýrleif Jónsdóttir, Gunnhildur Sigurðardóttir, Herdís Þorgeirsdóttir og Hrunn Ólafsdóttir. Skólanefndin fundar jafnt og þétt allt árið og ber höfuðábyrgð á að skipuleggja starf leiklistarskóla Bandalagsins. Það er því fullt tilefni til að þakka öllum samnefndarkonum mínum fyrir mikið, metnaðarfullt og skemmtilegt samstarf.

Leiklistarskólinn var settur í 16. sinn þann 9. júní 2012 að Húnavöllum í Húnavatnshreppi. Skólastarfið er komið í nokkuð fastar skorður á Húnavöllum. Aðstaðan nýtist okkur vel og starfsfólk boðið og búið að mæta okkar þörfum. Eins og fyrri ár aðstoðaði Leikfélag Blöndóss okkur við skipulag óvissuferðar og ber að þakka kærlega fyrir það. Þá höfum við einnig reynt að rækta samband við stjórnendur sveitarfélagsins eftir föngum.

Skólann sóttu í fyrra alls 43 nemendur sem sátu þrjú námskeið. Í boði voru:

1. Leiklist I. Kennari Árni Pétur Guðjónsson.
2. Framhaldsnámskeið í leikstjórn – Masterclass. Kennari Sigrún Valbergdóttir.



3. Trúðanámskeið. Kennari Harpa Arnardóttir. Upphaflega stóð til að Ágústa Skúladóttir héldi þetta námskeið en hún forfallaðist. Við vorum svo stálheppin að fá Hörpu í hennar stað.

Við buðum einnig höfundum í heimsókn, þ.e. við buðum

þeim að dvelja á staðnum við skapandi skrif og að taka þátt í skemmtidagskrá utan hefðbundinna kennslustunda. Í þetta skiptið mættu fimm höfundar.

Niðurstöður viðhorfskönnunar bentu til almennrar ánægju með skólafarfið.

Árið 2013 verður Leiklistarskólinn settur að Húnavöllum þann 8. júní og honum slitið 16. júní. Verður þetta í fyrsta sinn í fjöldamörg árum sem 17. júní hátíðarhöld verða ekki hluti af skólafarfinu.

Í sumar munu ólíkir þættir leikhússins blómstra. Boðið er upp á þrjú námskeið:

– Árni Pétur Guðjónsson mun kenna Leiklist II – þar eru skráðir 15 nemendur.

– Rúnar Guðbrandsson býður upp á sérstakt framhaldsnámskeið fyrir leikstjóra. Á námskeiðið eru skráðir alls 12 nemendur.

– Þá verður í boði leikritunarnámskeið fyrir byrjendur undir styrki stjórn Karls Ágústss Ólfssonar og þar eru skráðir 14 nemendur.

Við auglýstum eitt námskeið í viðbót – Þórey Sigþórs-

dóttir leikkona ætlaði vera með sérnámskeið fyrir reyndari leikara þar sem skoða átti textavinnu og persónusköpun. Því miður urðum við að fella það niður vegna dræmrar þátttöku. Það voru einungis fimm sem skráðu sig – tveir uppfylltu ekki skilyrði en var boðið pláss á Leiklist II – af þeim þremur sem eftir voru fór einn á Leiklist II og einn á leikritun.

Þar sem ráðgert var að hafa fjögur námskeið og vegna þess að við bjóðum upp á höfundanámskeið var ákveðið að höfundum yrði ekki boðið í heimsókn að þessu sinni.

Við leggjum mikla áherslu á að halda kostnaði við skólann niðri og þáttökugjald hækkar einungis um kr. 1000.- milli ára, er árið 2013 kr. 73.500.-

Þetta er sem sagt skólinn sem við bjóðum upp á í sumar. Eins og venjulega eitthvað fyrir byrjendur og annað byggt ofan á góðan grunn. Skólanefndin vonar að nemendur allir sem einn muni nema og njóta í botn.

Fyrir hönd skólanefndar  
Hrefna Friðriksdóttir

## Skýrsla handritasafnsnefndar

### Lögð fram á aðalfundi BÍL 4. maí 2013

Handritasafnsnefnd skipa Ármann Guðmundsson, Hrefna Friðriksdóttir og Örn Alexandersson. Fundagleði var ekki að flækjast fyrir nefndinni og skrifast það fyrst og fremst á undirritaðan og þá staðreynd að þau verkefni sem eru aðkallandi fyrir handritasafnið vinnast að mestu í þjónustumiðstöð á skrifstofutíma. Stefnumótandi vinna hefur hins vegar setið á hakanum en ætlunin er að ráða þar bót á sem fyrst.

Fjöldi titla í handritasafninu er nú um 3.650 og hefur fjölgað um ca. 150 á frá síðasta leikári. Munar þar mest um að við fengum um 70 handrit af verkum sem Þjóðleikhúsið hefur sett upp og við áttum ekki fyrir. Einnig fengum við að venju ný verk frá stóru leikhúsunum og Bandalagsleikfélögum auk þess sem undirritaður hefur setið um leikskáld og aðra sem hann grunar um að luma á handritum sem safnið vantar, og farið þess á leit við þá að þeir sendu okkur þau. Jafnan hefur verið tekið vel í þessar umleitanir þótt efndir hafi kannski ekki alltaf fylgt í kjölfarið.

Lestrarhestaverkefnið hefur verið í gangi núna í vetur og er óhætt að fullyrða afrakstur hefur verið undir væntingum, lítið hefur skilað sér af lagfærðum skráningum. Hins vegar hefur undirritaður, með aðstoð veraldarvefsins og þá sérstaklega hinnar frábæru síðu timarit.is, grafið upp þó nokkuð af útdráttum úr leikritum sem vantaði. Einnig er í gangi allsherjar yfirferð á skráningu handritasafnsins þar sem fyllt er upp í þær eyður sem mynduðust þegar skráning var aukin og uppfærð fyrir nokkrum árum síðan. Má þar t.d. nefna að hægt verður að sjá hvar verkin hafa verið sett upp, fram kemur ef til eru fleiri leikgerðir og/eða þýðingar á verkunum, flokkun verka er endurmetin og úreltar leifar af gömlu skráningunni lagaðar. Þessi yfirferð er nýhafin og veður unnin í rólegheitum meðfram öðrum verkefnum. Áætlað er að hún taki um eitt ár.



Eins og fram kom í reikningum hefur skönnun handritasafnsins aflagð Bandalaginu talsverðra styrkja og er nú að mestu lokið skönnun á þeim handritum sem til eru á lausum blöðum en það er gróflega áætlað 90% safnsins. Reynt verður að ljúka því verki samhliða áður nefndri yfirferð á skráningu og stefnt á í framhaldi af því að skoða möguleika á að skanna inn það sem einungis er til í bókum.

Fyrir hönd handritasafnsnefndar  
Ármann Guðmundsson

# Leiklistarvefurinn – Skýrsla vefnefndar 2013

Lögð fram á aðalfundi BÍL í Reykholtssdal 4. maí 2013

Af rekstri Leiklistarvefs á yfirstandandi ári eru í sjálfu sér ekki mikil tíðindi. Daglegur rekstur gengur sinn vanagang, að mestu í mjúkum og hæfum höndum starfsmanna þjónustumiðstöðvar og þau vandamál sem upp koma yfirleitt lítilvæg og auðleyst. Að því sögðu er rétt að nefna það hér að vefumsjónarkerfið okkar er komið yfir síðasta söludag og orðið brýnt að uppfæra það. Vefkerfið gagnast enn vel við daglega vinnslu en það eru aðallega öryggismál sem yta á að það verði uppfært. Okkar þjónustuaðilar kljást reglulega við tölvuárásir af ýmsum toga og komið hefur fyrir að vefurinn hefir legið niðri hluta úr degi og jafnvel á annan sólarhring eins og gerðist núna um páskana.

Sú útgáfa af vefkerfinu sem við notum í dag er orðið meira en 5 ára gömul og í því eru þekktar öryggisholur sem einungis verður stoppað upp í með uppfærslu í nýjstu útgáfu. Í ljósi erfiðrar fjárhagsstöðu samtakanna hefur undirritaður ekki sett mikinn þrýsting á að ráðist verði í uppfærslu en það er mikilvægt að staða mála sé öllum ljós. Þó að kerfið sjálft sé ókeypis þurfum við að kaupa vinnu við uppfærslu sem getur verið flókin og kostar peninga sem eru af skornari skammti en stundum áður. Þessu tengt má einnig taka fram að ýmis vélbúnaður á skrifstofu er farinn að eldast og þar þarf einnig að hugsa fyrir uppfærslu innan tíðar.

Staðið hefur til í nokkurn tíma að koma í gagnið vefverslunarkerfi með aðaláherslu á myndræna framsetningu og meiri og betri upplýsingar um vörurnar sem til sölu eru. Slíkt er löngu tímabært og að mati undirritaðs skref sem þegar ætti að vera búíð að stíga. Núverandi vefverslun stendur ekki undir nafni enda eingöngu um að ræða langan vörulista án mynda né nánari lýsingar. Vefverslunarkerfið er að mestu tilbúið en það sem á skortir er aðallega tími hjá starfsmönnum þjónustumiðstöðvar til að fylla í sýndarhillurnar. Sannarlega væri ánægjulegt ef hægt væri að opna Leikhúsbúðina, eins og undirritaður vill kalla hana, á næsta leikári.



Lénsheerra beindi því til stjórnar í síðustu árskýrslu að brýnt væri gera erindisbréf fyrir hið óformlega embætti Lénsheerra og vefnefnd sem hafa nú starfað í rúman áratug án þess að hafa almennilega skilgreint starfssvið. Stjórn Bandalagsins er lævís og lipur og sendi óðar til baka svar þar sem Lénsheerra var sjálfur beðinn um að móta tillögur þar að lútandi og senda til stjórnar. Lénsheerra hefur nokkuð dregið lappirnar í þessum efnum en sendi þó tillögur að slíku til stjórnar fyrir nokkrum vikum og hefur beðið spenntur eftir að sjá hvaða Machiavellsku taktík stjórnin beitir á þær. Stjórn kom þó enn á óvart og hefur nú sent Lénsheerra skipunarbréf til tveggja ára ásamt stefnu og markmiðum sem unnin voru úr tillögum Lénsheerra.

Að lokum má endurtaka þá skoðun Lénsheerra sem komið hefur fram í fyrri ársskýrslum um að sóknarfæri séu í að nota vefinn til fjáröflunar fyrir Bandalagið, t.d. með því að efla verslunina og ekki síður með sölu auglýsinga. Félagar mega gjarnan hafa augu og eyru opin fyrir möguleikum á því. Einnig skal enn og aftur itrekað að allar góðar hugmyndir um reksturinn eru vel þagnar.

Fyrir hönd vefnefndar  
Hörður Sigurðarson

# Leiklistarskóli Bandalags íslenskra leikfélaga

Leiklistarskóli Bandalags íslenskra leikfélaga var settur í 16. sinn þann 9. júní 2012 og stóð til 17. júní. Hann fór fram að Húnavöllum í Húnavatnssýslu eins og tvö undanfarin ár. Þrjú námskeið voru í boði, Leiklist I – grunnnámskeið í leiklist, kennari Árni Pétur Guðjónsson, Leikstjórn III – sérnámskeið fyrir leikstjóra, kennari Sigrún Valbergsdóttir, sem fylgdi eftir velheppnuðum leikstjórnarnámskeiðum undanfarinna tveggja ára, og þriðja námskeiðið var Trúðleikur – sérnámskeið fyrir reyndari leikara. Upphaflega stóð til að Ágústa Skúladóttir kenndi það en vegna anna við Þjóðleikhúsið neyddist hún til að hætta við og Harpa Arnardóttir hljóp í skarðið en hún kenndi einmitt við skólann tvö fyrstu árin sem hann starfaði.

Eins og áður var höfundum boðið að dvelja að Húnavöllum við skapandi skrif. Ekki var um námskeið eða leiðsögn að ræða heldur gafst höfundum þarna fyrst og fremst tækifæri til að fá útrás fyrir sköpunargleðina og nýta sér aðstöðu og næði að Húnavöllum.

Þátttökugjaldið á öll námskeiðin var 72.500 kr. en fyrir höfunda í heimsókn 57.500 kr. Skólastýrur voru Dýrleif Jónsdóttir og Hrefna Friðriksdóttir.

*Textinn hér á eftir er úr skólabæklingnum.*

## Trúðleikur – Sérnámskeið

### Kennari Harpa Arnardóttir

Námskeiðið er ætlað þeim sem hafa sótt Leiklist I og II eða sambærileg grunnnámskeið eða hafa umtalsverða reynslu af leiklist.

Á námskeiðinu verður trúðleikurinn aðalundirstaðan. Hvers vegna erum við fyndin? Hvernig erum við fyndin? Byrjað verður á rauða nefinu, „einfalda trúðnum“ sem elskar að vera á sviðinu og gleðja áhorfendur. Hvernig gerist það hjá hverjum og einum? Með brosi og blikki eða því að fara með Hávamál og herma eftir þvottavél í leiðinni? Talar þinn trúður mikið eða er hann hinn fámáli, hjálpfúsi aðstoðarmaður? (ath. ekki verða látin í té fyndin hjálpartæki s.s. blóm sem sprauta vatni og ekki verður farið í að detta á rassinn né að keppa í því hver er bestur í kollhnís!)

Hér reynir á kjark og einlægni leikarans, það að hann þori að standa fyrir framan áhorfendur og hlusta eftir því hvað þeim þykir skemmtilegt. En það reynir ekki síst á að fagna því þegar maður er ekki fyndinn – og henda höfnunartilfinningunni sem því fylgir út í hafsauga og halda ótraud áfram.

Á síðari hluta námskeiðsins verður farið í tragíska trúðinn. Rauða nefið tekið af og dekkri hliðar lífsins taka við. Þessi trúður á sér vonir og þrár, getur orðið ástfanginn og svo misst ástvin sinn. Hann missir þó aldrei vonina eða sambandið við áhorfandann frekar en rauðnefjinn.

Þetta er í þriðja sinn sem Harpa kennir við skólann.



### Nemendur Hörpu

Brynhildur Sveinsdóttir  
 Erla Dan Jónsdóttir  
 Fanney Valsdóttir  
 Gríma Kristjánsdóttir  
 Guðrún Sóley Sigurðardóttir  
 Heiðdís Buzgò  
 Íris Árný Magnúsdóttir  
 Kristín S. Helgadóttir  
 Margrét Guttormsdóttir  
 Sigríður Hafsteinsdóttir  
 Silja Kjartansdóttir  
 Sveinbjörn Hjálmarsson  
 Telma Kjartansdóttir  
 Þrúður Sigurðar

## Leiklist I – Grunnnámskeið

### Kennari Árni Pétur Guðjónsson

Leiklist I er grunnnámskeið fyrir leikara. Næsta sumar verður Leiklist II í beinu framhaldi. Þegar nemendur hafa sótt bæði grunnnámskeiðin geta þeir sótt ýmis sérnámskeið sem skólinn mun halda á næstu árum.

Nemendur vinna út frá spuna með áherslu á endurtekn-inguna, leiktækni og leikni. Markmið námskeiðsins er að nemandinn kynnist sjálfstæðum vinnuaðferðum leikarans og auki þannig möguleika sína á að gefa skapandi huga sínum listrænt form. Áhersla verður lögð á þjálfun leikarans og rannsakandi vinnubrögð. Nemendur þjálfalíkamsbeitingu, raddbeitingu, samvinnu og textameðferð.

Unnið verður með texta úr leikverki sem nemendur fá sent áður en námskeiðið hefst. Kynntar verða ýmsar aðferðir til að nálgast persónur úr verkinu og tengjast því á skapandi hátt.

Þetta er í annað sinn sem Árni Pétur kennir við skólann.



**Nemendur Árna Péturs**

*Anna Bryndís Einarsdóttir  
Anna H. Guðmundsdóttir  
Anna Margrét Pálsdóttir  
Arnfinnur Daníelsson  
Ármann Ingunnarson  
Björgúlfur Egill Pálsson  
Davið Ingi Ragnarsson  
Eva Björg Harðardóttir  
Finnbogi D. Sigurðsson*

*Guðný Hildur Magnúsdóttir  
Helga Björk Pálsdóttir  
Hildur Tryggvadóttir  
Ingibjörg Skúladóttir  
Sara Blandon  
Sigríður Bára Steinþórsdóttir  
Stefanía E. Hallbjörnsdóttir  
Stefán H. Jóhannesson  
Valdís Eiríksdóttir*

## Leikstjórn III – Sérnámskeið

### Kennari Sigrún Valbergdóttir

Sérnámskeið í leikstjórn, ætlað þeim sem sótt hafa Leikstjórn I og II, og/eða framhaldsnámskeið eða hafa umtalsverða reynslu af leikstjórn.

Á námskeiðinu verður unnið út frá sögn og heildarhugmynd við uppfærslu á leiksýningu. Hver nemandi fær eitt verk að vinna með sem hann ber alla ábyrgð á og er hæstráðandi við allar ákvarðanir.

Um leið og skráningartíma lýkur fá nemendur verk í hendur til að vinna með. Fram að byrjun skólans verður unnið í n.k. fjarnámi, þannig að nokkur undirbúningur hefur farið fram þegar skólinn hefst.

Í masterclass kenntu verða lagðir upp spunar, skoðaðar senur og hvörf, þælt í útliti og stíl að viðbættri umfjöllun um persónu- og textaleikstjórn.



**Nemendur Sigrúnar**

*Bjarney Lúðvíksdóttir  
Daníel Freyr Jónsson  
F. Elli Hafliðason  
Gísli Björn Heimisson  
Guðfinna Gunnarsdóttir  
Gunnar Gunnarsson*

*Gunnsteinn Sigurðsson  
Halldór Magnússon  
Unnur Sveinsdóttir  
Ylfa Mist Helgadóttir  
Örn Alexandersson*

## Höfundar í heimsókn

Blundar í þér skáld? – Ertu að burðast með hugmynd?  
– Áttu hálfskrifað handrit? – Vantar þig lausa stund til að ljúka leikritinu?

Höfundum stendur til boða gisting og fæði með sama hætti og nemendum skólans, þeim ber að fara eftir reglum skólans um umgengni o.fl. og er að sjálfsögðu velkomið að taka þátt í öllu skólastarfi utan hefðbundinna kennslustunda. Þá geta höfundar nýtt sér aðstöðu í einni af kennslustofunum.


Við hvetjum höfunda til að nýta sér þetta tækifæri og lofum því að hinn eini sanni skólaandi verði einstök uppspretta sköpunargleði!

## Höfundar í heimsókn

*Ármann Guðmundsson  
Gerður Halldóra Sigurðardóttir  
Júlía Hannam  
Sigríður Lára Sigurjónsdóttir  
Þórunn Guðmundsdóttir*



*Kennarar, nemendur og skólastýrur.*



*Mænandi mæðgin.*



*Leiklistarhópurinn með atriði.*



*Kennurunum leiddist svo sannarlega ekki.*



*Það var leikið víða.*



*Þessi stemming kemur upp annað slagið.*



*Skólastýrin Dilla og Hrefna.*



*Aðeins ein úr hópnum meðvituð um myndavélina.*



*Rannsóknarlögreglan að störfum.*



*Betra að vera á varðbergi.*



*Harpa tjáir þakklæti sitt.*



*Fargarar meyjar...*



*...og föngulegir piltar.*

# Verkefni og skýrslur aðildarfélaganna leikárið 2012–2013

## Borgarbörn, Reykjavík



Jólævintýrið

### Jólævintýrið

Höfundur og leikstjóri: Erla Ruth Harðardóttir

Sýningafjöldi: 26

Þátttakendur: 26

Áhorfendafjöldi: 2231

Skýrsla stjórnar

### Skýrsla stjórnar

Stjórn skipa:

Erla Ruth Harðardóttir, formaður

Ragnheiður Hall, gjaldkeri

Steinunn Hall, ritari

Elfar Elí Schweitz Jakobsson, meðstjórnandi

Marólína G. Erlendsdóttir, meðstjórnandi

Borgarbörn, barna og unglingleikhús setti upp sitt árlega jólaleikrit. Þetta var sjöunda árið sem jólaleikrit er sett upp á vegum leikhússins. Árlega setur leikhúsið upp eitt til tvö verk.

Söngleikurinn Jólævintýrið eftir Erlu Ruth Harðardóttur var frumsýnt 1. desember 2012 í lðnó. Erla Ruth sá einnig um leikstjórn og átti hugmynd af búningum. Hún ásamt aðstoðarfólki (þremur unglíngum) unnu að búningum. Í öllum fyrri uppfærslum Borgarbarna hafa tvö „köst“ skipt á milli sín sýningum, fyrir utan þá nýbreytni sem við tókum upp síðasta ár með Óværuengla. Ákveðið var að hafa sama hátt og síðast (Óværuenglarnir) varðandi leikhópin, það er að þeir 18 leikarar sem tóku þátt, voru með í öllum sýningunum, en skiptu hinsvegar um hlutverk (hver leikari hafði tvö hlutverk). Þar með fengu krakkarnir mun meiri reynslu og höfðu mikla ánægju af að leika í þeim 26 sýningum sem sýndar voru við mikla gleði áhorfenda. Ótrúlegur fjöldi áhorfenda hafði orð á því eftir sýningu Jólævintýrsins, hversu ánægt það var og hvað það hefði notið sýningarinnar. Margir komu oftar en

einu sinni sem er að sjálfsgöðu einstaklega ánægjulegt. Aðstoðarfólk, sem sá um alla hljóð- og ljóastjórn, ásamt því að vera í hlutverki hvíslara á æfingum og aðstoða við búningagerð, voru fjögur í heildina, þar af tveir vel þjálfaðir Borgarbarnameðlimir, sem að þessu sinni hlutu laun fyrir sína vinnu.

Um hljóðmynd og söngstjórn sá Ragnheiður, Katrín Ásta Jóhannsdóttir og Elísabet Inga Sigurðardóttir voru danshöfundar og sáu þær um allt sem laut að dansinum. Mjög flott vinnubrögð.

Við stofnun Borgarbarna var aðallega horft til skólasýninga á skólatíma. Borgarbörn fara ekki inn í skólana með sýningarnar heldur sýna einungis í leikhúsi því sem uppfærslan er í hverju sinni. Miðaverð frá upphafi (2006) hefur verið 500 kr. á mann ef keypt er ein sýning (miðað við 150 sæti) en 1000 kr. annars. Miðaverð var óbreytt á Jólævintýrinu. Piparkökur og djús hafa alltaf verið í boði og var svo einnig nú, þó svo að ætlunin hafi verið að taka þær veitingar út ef miðaverð yrði ekki hækkað. Jólágjafasöfnun var fyrir Mæðrastyrksnefnd, þessari föstu venju Borgarbarna verður haldið áfram. Því miður var ekki haldin sérstök styrktarsýning eins og til stóð og gert var hjá Óværuenglum. Mögulega verður það þó gert með jólasýningu leikhússins 2013.

Geisladiskurinn okkar, Sönglistin 2010, sem Borgarbörn gáfu út er enn notaður til gjafa. Ætlunin var að fá leyfi hjá Bandalaginu til að hafa hann til sölu þar en slugsaskapur og gleymaska formanns varð til þess að aldrei var beðið um það. Sjáum til hvað formaður gerir nú.

Mikil ánægja var meðal stjórnarmeðlima og meðlima Borgarbarna þegar kom í ljós að tvö síðustu leikar voru Leikfangalíf og Óværuenglarnir mjög ofarlega í mest sóttu áhugaleiksýningum landsins. Leikfangalíf í 4. sæti 2010 og Óværuenglarnir í 2. sæti 2011. Alltaf er ánægjulegt að sjá árangur erfiðis síns og ekki verra að vera meðal frábærra höfunda eins og Astrid Lindgren.

Borgarbörn sóttu um að taka þátt í fyrstu barnaleikhúshátíð Íslands sem haldin var á sama tíma og Barnameningarhátíðin. Vitað var að sex umsóknir bárust og þrjár fengu boð um að vera með. Því miður var Jólævintýrið ekki þar á meðal. Undarlegt að mati formanns og stjórnar því hversu mikið erindi á ekki söngleikur, sem telur 18 leikara á aldrinum 10–15 ára, þar sem danshöfundar, ljósa- og hljóðstjórn og flest annað sem við kemur þessari sýningu er í höndum unglíngna á aldrinum 15–19 ára, á barnaleikhúshátíð? Ef það er ekki barna- og unglíngamening, þá er undirrituð ekki alveg með réttan skilning á þeim orðum. Hins vegar eru Borgarbörn áhugaleikfélag, en þau þrjú leikrit sem urðu fyrir valinu er skipuð atvinnuleikurum. Ætti samt ekki að koma að sök, ef miðað er við að hátíðin var haldin á vegum Assitej á Íslandi, þar sem Borgarbörn eru meðlimir og borga sín félagsgjöld. Sjá má af ofanrituðum orðum að formaður og stjórn voru ekki alveg sátta með að fá ekki að vera með.

Borgarbörn sóttu einnig um að Jólævintýrið væri valin áhugaverðasta áhugaleiksýning ársins. Urðum við ekki



fyrir valinu, en ánægja var með það að leikrit Guðmundar Ólafssonar Stöngin inn væri kosið. Allt öðrum augum lítur formaður á það val, en valið á fyrstu barnaleikhúshátíðina á Íslandi.

Ekki hefur verið ákveðið hvaða jólasöngleikur verður settur upp næstu jóla en ákveðið er að Erla Ruth sjái um leikstjórn og skrif ef um frumsamið verk verður að ræða. Stjórnin leggur höfuðið í bleyti – möguleiki er að taka verk frá síðari árum þó flestir séu spenntari fyrir einhverju nýju. Það kemur í ljós í lok sumars. Búningar og leikmynd verða í höndum leikara, aðstoðarfólks og einnig verður leitað til foreldra leikara ef þörf þykir á.

*F.h. stjórnar Borgarbarna, barna- og unglíngaleikhúss  
Erla Ruth Harðardóttir, formaður*



*Skilaboðaskjóðan*

### Skýrsla stjórnar

Stjórn skipuðu:

Ingólfur Þórssón, formaður  
Brynjar Schiöth, varaformaður  
Steingrímur Magnússon, gjaldkeri  
Linda Guðmundsdóttir, ritari  
Haukur Guðjónsson, meðstjórnandi  
Halldóra Vilhjálmsdóttir, Hjálmar Arinbjarnarson og  
Jónsteinn Aðalsteinnsson, varastjórn

Leikárið 2012-2013 var eitt það allra stærsta hjá Freyvangsleikhúsinu. Enn einu sinni sýnum við hversu öflugt leikhúsið er. Tvær stórar sýningar og kabarett. Leikar sem spannar frá miðjum ágúst fram í lok apríl.

Sýningar leikársins urðu alls 43 sem er met. Aldrei hefur Freyvangsleikhúsið sýnt svo margar sýningar á einu leikári. Skilaboðaskjóðan var sýnd 19 sinnum, Dagatalsdömurarnar 22 sinnum og kabarettinn tvisvar. Þess má til gamans geta að þrír leikara léku í öllum þessum sýningum.

### Verkefni

Í lok ágúst hófust æfingar á barnaleikritinu Skilaboðaskjóðunni eftir Þorvald Þorsteinsson. Við fengum okkar ágæta félagu Daníel Frey Jónsson til að leikstýra fyrir okkur. Mikill fjöldi kom á samlestur og Daníel valdi mjög flottan hóp. Leikmynd, lýsing, búningar, leikur, söngur og tónlistarflutningur, allt þetta hjálpaðist við að framkalla mikið ævintýri, sannkallaða leikhúsveislu. Frumsýnt var laugardaginn 6. október og lokasýning var 24. nóvember. Þess má geta að þá helgi sýndum við fjórar sýningar. Alls urðu sýningarnar 19 og áhorfendurnir 1734.

Kabarettinn Jólahláðborðið var svo sýndur 30. nóvember og 1. desember. Það var félagi okkar Hjálmar Arinbjarnarson sem bar hitann og þungann af þessu verkefni sem hann leikstýrði og átti hann einnig stærsta hluta efnisins. Á föstudagssýningunni var boðið upp á kaffi og meðlæti og á laugardeginum var slegið upp balli. Í fyrsta skipti í mörg ár var tímasetningu kabarettisins breytt og hann færður af fyrstu helgi í nóvember til þeirrar síðustu. 190 manns komu á þessar tvær sýningar.

Síðasta verkefni vetrarins var svo Dagatalsdömurarnar eftir Tim Firth. Leikritavalið á sér talsverða sögu hjá leikhúsinu sem ég ætla að rekja stuttlega. Þann 11. ágúst 2011 misstum við í Freyvangsleikhúsinu góðan félagu sem hafði

## Freyvangsleikhúsið, Eyjafjarðarsveit



*Dagatalsdömurarnar*

### Dagatalsdömurarnar

Höfundur: Tim Firth  
Þýðandi: Davíð Þór Jónsson  
Leikstjóri: Sigrún Valbergdóttir  
Sýningafjöldi: 22  
Þátttakendur: 18  
Áhorfendafjöldi: 1582

### Jólahláðborðið mikla

Höfundar: Hjálmar Arinbjarnarson o.fl.  
Leikstjóri: Hjálmar Arinbjarnarson  
Sýningafjöldi: 2  
Þátttakendur: 19  
Áhorfendafjöldi: 190

### Skilaboðaskjóðan

Höfundur: Þorvaldur Þorsteinsson  
Leikstjóri: Daníel Frey Jónsson  
Sýningafjöldi: 19  
Þátttakendur: 40  
Áhorfendafjöldi: 1734

starfað lengi með félaginu, Hjördísi Pálmadóttur, eftir langvinna baráttu við krabbamein. Við fórum að velta fyrir okkur á hvaða hátt við gætum minnst hennar og strax um haustið 2011 var farið að hugsa um breska leikritið Calendar girls eftir áður nefndan Firth. Þar er einmitt í forgrunni baráttan við krabbamein og hverju fámennur hópur getur áorkað. Eftir talsverðar samningaviðræður um að fá leyfið þá gekk það í gegn 1. júní 2012. Sigrún Valbergadóttir var ráðin leikstjóri að verkefninu, Davíð Þór Jónsson þýddi. Þann 1. febrúar var þessi alvörubrunni gamanleikur frumsýndur. Sex stór kvenhlutverk, sem kröfðust m.a. nektar á sviði, mönnumust gríðarlega vel auk annarra ógleymanlegra persóna, allt hjálpaðist þetta að við að gera þetta að sannri stórsýningu. Lokasýning á Dömunum var 13. apríl, það var 22. sýning og alls sáu verkið 1582 áhorfendur. Sýningin var tileinkuð Hjöddu, en við vildum gera enn betur og eins og dömunar vildum við láta gott af okkur leiða, þannig að 10% af innkomu voru látin renna til Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis. Þess má geta að áhugarétturinn að Calendar girls var eingöngu í boði í eitt ár og er því að ljúka. Það skildi ekki vera að þessi uppsetning Freyvangsleikhússins verði sú eina á Íslandi?

### Önnur verkefni

8.–16. júní fór Daníel Freyr Jónsson í Bandalagsskólann að Húnavöllum á leikhússins vegum og nam þar Skapandi skrif hjá Karli Ágústi Úlfssyni. Daníel var okkar eini þátttakandi þetta árið.

4.–5. maí fóru fjórir fulltrúar frá leikhúsinu á ársþing Bandalags íslenskra leikfélaga sem haldið var í Logalandi í Borgarfirði.



*Skilaboðaskjóðan*

### Nokkrir þankar

Fjórar barnasýningar á átta árum. Og sú fimmta nú í æfingaferli. Freyvangsleikhúsið virðist vera eina leikhúsið á þessu svæði sem sinnir barnaleikhúsi. Það má aldrei líta þannig á barnasýningar að þær sé eingöngu auðfengnar tekjur. Aldrei má slaka á kröfunni um gott leikhús þar sem fagmennska á öllum sviðum er í fyrir rúmi. Við erum að ala upp leikhúsgesti framtíðarinnar.

Kabarettinn virðist eiga undir högg að sækja. Við sjáum fækkun áhorfenda og á þessu ári komu aðeins 190 manns

að horfa. Hvort um var að kenna breyttri tímasetningu, áhugaleysi féлага í leikhúsinu sjálfu, en ákaflega illa gekk að manna kabarettinn, tvö önnur stór verkefni eða bara það að kabarettinn í þeirri mynd sem við þekkjum hann sé barn síns tíma og sem slíkur orðin þorrablótsskemmtun Eyjafjarðarsveitar, er ekki gott að segja. Það er ljóst að kabarett verður ekki haldinn fyrir áramót og framtíð hans er í lausu lofti enn sem komið er.

Uppsetningin á Dagataldömunum er annað verkið á stuttum tíma hjá Freyvangsleikhúsinu þar sem um er að ræða Íslandsfrumflutning. Hitt var Svejk 2011. Við eigum eftir að sjá meira af frumfluttu efni á sviðinu í Freyvangi. Frumflutningur erlendra verk sýnir eingöngu styrk og þor leikhússins.

Freyvangsleikhúsið er gríðarlega öflugt leikhús með starfsemi sem á svo margan hátt líkist meira starfi atvinnuleikhúss en áhuga. En styrkur félagsins felst í fólkinu. Allt þetta öflugra fólk sem er tilbúið að taka þátt í áhuga-starfi af þessu umfangi, það er auðlind félagsins. Og sem fyrr býður Freyvangsleikhúsið alla velkomna. Alltaf vantar fólk til starfa sama hvort þú vilt leika, sauma, vera í ljósum, hljóði, í propsi, smíðum, selja miða, vera í sjoppu, vera sviðsmaður, það er svo margt sem þarf að gera. Við erum einn stór hópur, sama hvert sem hlutverk okkar í leikhúsinu.

Eftir svona glæsilegt leikár eiga svo margir miklar þakkir skyldar. Takk fyrir til allra sem á einhvern hátt komu að sýningum leikársins og til þeirrar stjórnar sem nú lætur af störfum, kærar þakkir fyrir samstarfið í vetur.

*F.h. stjórnar Freyvangsleikhússins  
Ingólfur Þórsson, formaður*

## Halaleikhópurinn, Reykjavík



*Rympa á Ruslahaugnum*

### Rympa á ruslahaugnum

Höfundur: Herdís Egilsdóttir

Leikstjóri: Herdís Ragna Þorgeirsdóttir

Sýningafjöldi: 9

Þátttakendur: 10

Áhorfendafjöldi: 325

### Skýrsla stjórnar

Í stjórn eru:

Pröstur Jónsson, formaður  
 Arndís Hrund Guðmarsdóttir, varaformaður  
 Kristín M. Bjarnadóttir, gjaldkeri  
 Guðríður Ólafsdóttir, ritari  
 Stefanía Björk Björnsdóttir, meðstjórnandi  
 Í varastjórn eru: Einar Þ. Andrésson, Gunnar Freyr  
 Árnason og Sóley B. Axelsdóttir

25 stjórnarfundir voru haldnir á tímabilinu. Send voru út þrjú fréttabréf og stjórn hafði samskipti gegnum netið.

Í félagið gengu tveir en tveir félagar létust á árinu, þau Steindór Hjörleifsson sem var heiðursfélagi og Sigríður Ósk Geirsdóttir. Úr félaginu gengu tveir.

Samið hefur verið við Odd Bjarna Þorkelsson um að skrifa leikrit fyrir Halaleikhópin sem væntanlega verður sett upp á næsta ári. Beðið er um að félagsmenn leggi sitt af mörkum og sendi Oddi Bjarna sögur um líf sitt og ekki er þar eingöngu verið að biðja fatlaða félagsmenn um að senda eitthvað efni inn, heldur alla, jafnt fatlaða sem ófatlaða.

Síðasta sumar voru tveir Haladagar í Krika við Elliðavatn, 2. júní og 7. júlí. Félagar skemmtu sér við leiklestur og spjall. Dagurinn endaði svo með sameiginlegu grilli.

Um mitt sumar var hafinn undirbúningur að afmælisfagnaði félagsins, en Halaleikhópurinn náði þeim merka áfanga að hafa starfað óslitið í tvo áratugi. Eins og kunnugt er voru tuttugu ár þann 27. september sl. frá stofnun Halaleikhópsins. Í tilefni afmælisins var haldið samsæti þann 30. september þar sem félagar og aðrir velunnarar komu saman í félagsheimili Sjálfsbjargar á höfuðborgarsvæðinu. Í húsnæði félagsins var sett upp leikmunasýning og sýndar voru myndir með skjávarpa úr uppsetningum á leikritum og annarri starfsemi Halaleikhópsins.

Tveir félagsfundir voru haldnir á tímabilinu, 30. ágúst og 17. október, en þá fór fram kynning á leikverki starfsársins. Ákveðið var að sýna fjölskylduleikritið Rympa á ruslahaugnum eftir Herdís Egilsdóttur. Herdís Ragna Þorgeirsdóttir var ráðin leikstjóri og kynnti hún verkið. Í nóvember hófum við svo æfingar, sem stóðu fram í byrjun desember, en þá var gert hlé fram yfir áramót. Frumsýnt var 10. febrúar og sýndar voru níu sýningar við góðar undirtektir. Fjöldi áhorfenda var 325. Fórum við með nokkur atriði úr leikritinu á Barnaspítala Hringins og aðstoðaði Unnur María Sólmundardóttir okkur við undirbúninginn fyrir þá heimsókn.

Þrjár Halafélagar fóru í leiklistarskóla BÍL 2011 að Húnavöllum.

Styrkjanefnd hefur starfað allt tímabilið og haft allar klær úti við að afla peninga fyrir leikfélagið.

Félögum var boðið að fylgjast með Evróvísión á stóru tjaldi og í hörku græjum í Halanum alveg frá byrjun til enda og var þátttaka góð.

Stjórn vill þakka félagsmönnum fyrir þátttökuna í verkefnum Halaleikhópsins, án þátttöku þeirra væri ekki hægt að halda úti svona öflugum starfi. Hver hlekkur í keðjunni er mikilvægur. Einnig bjóðum við nýja félagsmenn velkomna. Við vonum að Halaleikhópurinn dafni jafn vel á næstu 20 árum eins og hann hefur gert á þeim 20 árum sem nú eru liðin.

## Hugleikur, Reykjavík



### Beljur

*Beljur*

Höfundur: Árni Friðriksson

Leikstjóri: Sigurður H. Pálsson

Sýningafjöldi: 1

Þátttakendur: 1

Áhorfendafjöldi: 50

### Eitt lítið sorgarspil

Höfundur: Anton Chekhov

Þýðandi: Þorgeir Tryggvason

Leikstjórar: Rúnar Lund og Sigurður H. Pálsson

Sýningafjöldi: 2

Þátttakendur: 2

Áhorfendafjöldi: 90



*Kortir í sex*

### Kortir í sex

Höfundur: Þórarinn Stefánsson

Leikstjóri: Aron Trausti Sigurbjörnsson

Sýningafjöldi: 2

Þátttakendur: 4

Áhorfendafjöldi: 80

### Mávagrátur

Höfundur og leikstjóri: Árni Friðriksson

Sýningafjöldi: 2

Þátttakendur: 3

Áhorfendafjöldi: 90



*Mávurinn, múkkinn og vargurinn*

### **Mávurinn, múkkinn og vargurinn**

Höfundur: Guðmundur Erlingsson

Leikstjóri: Hjörvar Pétursson

Sýningafjöldi: 2

Þátttakendur: 5

Áhorfendafjöldi: 90

### **Meira fyrir börn**

Höfundar: Þórunn Guðmundsdóttir, Þórunn Harðardóttir og Sævar Sigurgeirsson

Leikstjóri: Þórunn Guðmundsdóttir

Sýningafjöldi: 2

Þátttakendur: 7

Áhorfendafjöldi: 80



*Spilaborgir*

### **Spilaborgir**

Höfundur: Ásta Gísladóttir

Leikstjórar: Þorgeir Tryggvason og Sigurður H. Pálsson

Sýningafjöldi: 6

Þátttakendur: 9

Áhorfendafjöldi: 159

### **Til Moskvu**

Höfundur: Þorgeir Tryggvason

Leikstjóri: Guðmundur Erlingsson

Sýningafjöldi: 2

Þátttakendur: 3

Áhorfendafjöldi: 90

### **Þegar Grýla stal jólunum**

Höfundur: Sigríður Lára Sigurjónsdóttir

Leikstjóri: Sigurður H. Pálsson

Sýningafjöldi: 2

Þátttakendur: 6

Áhorfendafjöldi: 80



*Þrjár skinkur*

### **Þrjár skinkur**

Höfundur: Hjörvar Pétursson

Leikstjóri: Rúnar Lund

Sýningafjöldi: 2

Þátttakendur: 6

Áhorfendafjöldi: 90

### **Þrjár systur í Kirsuberjagarðinum hans Vanja frænda**

Höfundur: Sigríður Bára Steinþórsdóttir

Leikstjóri: Þorgeir Tryggvason

Sýningafjöldi: 2

Þátttakendur: 4

Áhorfendafjöldi: 90



*Eitt lítið sorgarspil*

### **Skýrsla stjórnar**

Í stjórn Hugleiks leikárið 2012-2013 sátu:

Ásta Gísladóttir, formaður

Þorgeir Tryggvason, varaformaður

Júlía Hannam, gjaldkeri

Jóhann Davíð Snorrason, ritari

Þórunn Guðmundsdóttir, meðstjórnandi.

Í varastjórn sátu þau Rúnar Lund, Árni Friðriksson og Sigríður Bára Steinþórsdóttir. Stjórnin fundaði alls 13 sinnum á leikárinu og þakka ég henni kærlega fyrir góð og samvirkusamleg störf.



Mávagrátur

### Tsékhov-hátíð

Ákveðið var að hefja starfsemin strax í byrjun hausts og setja upp stuttverkadagskrá sem sótti innblástur til verka rússneska skáldsins Antons Tsékhov. Hlaut hún nafnið Læknisleikir – Tsékhov í hugleikrænni atferlismeðferð, og samanstóð af fimm frumsömdum verkum eftir félagsmenn ásamt einu eftir skáldið sjálf. Alls tóku 27 manns þátt en dagskráin var sýnd tvisvar sinnum fyrir fullu húsi og mæltist afar vel fyrir.

### Beljur

Í byrjun nóvember fékk einn stjórnarmeðlima, Árni Friðriksson, afnot af húsnæðinu við Eyjarlóð til að halda upp á fertugsafmæli sitt. Af því tilefni tók Sigurður H. Pálsson sig til og flutti stuttverkið Beljur eftir Árna sjálfan. Þetta verk hafði verið flutt áður í útvarpi en fór nú í fyrsta sinn á svið.



Þegar Grýla stal jólonum

### Leikaranámskeið

Haldið var námskeið í nóvember fyrir leikara undir stjórn Þórs Túliniusar og skráðu 16 manns sig á það. Nemendur gerðu góðan róm að námskeiðinu og óskuðu jafnvel eftir framhaldsnámskeiði.



Meira fyrir börn

### Jóladagskrá

Jóladagskráin sjálf hlaut nafnið Jólahláðborð Hugleiks og sáu Þórunn Guðmundsdóttir og Júlía Hannam um allt utanumhald. Alls voru þrjú verk sett á svið ásamt tónlist og öðrum skemmtiatriðum og tóku um 20 manns þátt. Enginn aðgangseyrir var rukkaður en í staðinn boðið upp á kaffi og kökur á 1000 kr.



Þrjár systur í Kirsuberjagarðinum hans Vanja frænda



Til Moskvu

### Spilaborgir

Ákveðið var strax þegar ný stjórn tók við störfum að kalla eftir handritum fyrir aðalverkefni vetrarins. Alls voru tólf leikrit í pottinum. Sum ný, önnur sem höfðu verið lögð fyrir áður og nokkur sem stjórn vissi að voru til taks. Að endingu var ákveðið að setja upp eitt af þeim nýju, Spilaborgir eftir Ástu Gísladóttur, og tóku Þorgeir Tryggvason og Sigurður H. Pálsson að sér að leikstýra. Þar var á ferðinni tragískur gamanleikur um happ og örlög fyrir níu leikara. Leikritið var frumsýnt 28. apríl og sýnt alls sex sinnum.

Ásta Gísladóttir, formaður

## Leikdeild Umf. Gnúpverja



Saumastofan

### Saumastofan

Höfundur: Kjartan Ragnarsson  
Leikstjóri: Svandís Dóra Einarisdóttir  
Sýningafjöldi: 9  
Þátttakendur: 15  
Áhorfendafjöldi: 785

### Skýrsla stjórnar

Í leiknefnd eru:  
Sigrún Bjarnadóttir Fossnesi, formaður  
Þóra Þórarinsdóttir Haga, gjaldkeri  
Eypór Brynjólfsson Hamragerði, ritari

Veturinn 2012-2013 stóð leikdeildin fyrir því að æfa og sýna Saumastofuna eftir Kjartan Ragnarsson. Níu leikarar voru í sýningunni, auk tónlistarfólks og hjálparkokka. Leikstjóri var Svandís Dóra Einarisdóttir. Frumsýnt var 16 mars. Alls voru 9 sýningar í félagsheimilinu Árnesi og sáu þær um 800 manns.

## Leikdeild Umf. Vöku, Villingaholtshreppi

### Skýrsla stjórnar

Stjórn var þannig skipuð:  
Guðmunda Ólafsdóttir, formaður  
Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir, gjaldkeri  
Ásrún Halla Loftsdóttir, ritari

Aðalfundur Leikdeildar Umf. Vöku var haldinn sunnudagskvöldið 28. október í Þjórsárveru. Sjö félagar mættu á fundinn sem var fjörugur að vanda. Stjórnin gaf öll kost á sér til áframhaldandi setu, Guðmunda Ólafsdóttir formaður, Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir gjaldkeri og Ásrún Halla Loftsdóttir ritari. Aðalumræðuefni fundarins var hvað hægt væri að gera á næsta ári í tilefni 10 ára afmælis leikdeildarinnar og ákveðið var að halda einhverskonar afmælisfagnað í kringum 5. apríl 2013 en þá eru 10 ár síðan félagið frumsýndi sitt fyrsta verk, Gullna hliðið.

Þegar nær dró vori var farið að huga að komandi afmælis-

hátíð en ákveðið var að þar sem mikið var um að vera í sveitinni í kringum afmælisdaginn væri best að halda afmælishátíðina samhliða hátíðarhöldum á sumardaginn fyrsta sem bar upp á 25. apríl að þessu sinni. Æfð voru upp tvö stutt gamanverk fyrir tilefnið en það voru verkin Tímabært eftir Hrefnu Friðriksdóttur og Nú skildi ég hlæja ef ég væri ekki dauður í leikgerð Laufeyjar Einarisdóttur. Síðara verkið hafði verið leikið árið áður á hátíðinni Fjör í Flóa en þar sem fáir sáu það þar var ákveðið að sýna það aftur að þessu tilefni. Leikarar í verkunum tveimur voru Ásrún Halla Loftsdóttir, Guðmunda Ólafsdóttir, Sveinn Orri Einarsson, Halldór Bjarnason, Arnar Einarsson og Víkingur Freyr Erlingsson. Á afmælishátíðinni var myndasýning úr starfi félagsins látin rúlla við mikinn fögnuð viðstaddra og að lokum var kaffisamsæti í boði leikdeildarinnar. Afmælisfögnuðurinn þótti takast ágætlega og það var skemmtilegt að minnast þessara tímamóta.

Guðmunda Ólafsdóttir, formaður

## Leikfélag Austur-Eyfellinga



Leifur ljónsöskur

### Leifur ljónsöskur

Höfundur: Torben Jetsmark  
Þýðandi: Halla Guðmundsdóttir  
Leikstjóri: Margrét Tryggvadóttir  
Sýningafjöldi: 2  
Þátttakendur: 29  
Áhorfendafjöldi: 250

### Svínahirðirinn

Höfundur: Björg Árnadóttir  
Leikstjóri: Margrét Tryggvadóttir  
Sýningafjöldi: 2  
Þátttakendur: 9  
Áhorfendafjöldi: 250

### Skýrsla stjórnar

Í stjórn félagsins sitja:  
Guðrún Inga Sveinsdóttir, formaður  
Ármann Fannar Magnússon, gjaldkeri  
Margrét Tryggvadóttir, ritari



Svínahirðirinn

Aðaláhersla leikfélagsins þetta árið var á barnastarf. Á haustdögum sýndi leikhópur barna, sem starfar innan leikfélagsins og kallar sig Glætuna, afrakstur haustannar í framsögn, leikrænni tjáningu, spuna, dansi o.fl. tengdu leiklistinni, fyrir foreldra, systkini og aðra aðstandendur og fengu þeir að spreyta sig á ýmsum æfingum.

Eftir áramót hófust æfingar á Leifi ljónsöskri eftir Torben Jetsmark og einnig Svínahirðinum eftir Björgu Árnadóttur. Þátttakendur voru 29, frumsýning var í apríl og urðu sýningar tvær. Áhorfendur voru 250. Um leikstjórn sá Margrét Tryggvadóttir.

Aðalfundur var haldin 18. mars 2013 Ákveðið var að halda leiklistarnámskeið í haust. Áhugi er fyrir að hefja uppsetningu á leikgerð af Önnu frá Stóru-Borg á næsta leikári.

Stjórnin

## Leikfélag Bolungarvíkur



Félegt fés

### Félegt fés

Höfundur: Dario Fo  
Þýðandi: Þórarinn Eldjárn  
Leikstjóri: Magnús Guðmundsson  
Sýningafjöldi: 5  
Þátttakendur: 25  
Áhorfendafjöldi: 300

### Skýrsla stjórnar

Leikfélag Bolungarvíkur setti upp sína aðra sýningu í

leikstjórn Magnúsar Guðmundssonar en hann stýrði einnig námskeiðum s.l. vetur fyrir bæði börn og fullorðna auk sérstaks unglínganámskeiðs. Stóra verkefni vetrarins var sýningin Félegt fés eftir Dario Fo. Frumsýnt var þann 8. mars og urðu sýningar því miður ekki fleiri en fimm.

Tveir fulltrúar sóttu aðalfund Bandalags Íslenskra Leikfélaga í Borgarfirði síðasta vor.

Ylfa Mist Helgadóttir, formaður

## Leikfélag Dalvíkur

### Eyrnalangir og annað fólk

Höfundur: Þórunn Steinsdóttir og Kristín Steinsdóttir

Leikstjóri: Saga Jónsdóttir

Sýningafjöldi: 14

Þátttakendur: 40

Áhorfendafjöldi: 820



Lífið í landinu

### Lífið í landinu

Höfundur og leikstjóri: Arnar Símonarson

Sýningafjöldi: 8

Þátttakendur: 40

Áhorfendafjöldi: 480

### Skýrsla stjórnar

Stjórn var þannig skipuð:

Kristján Guðmundsson, formaður

Borghildur Freyja Rúnarsdóttir, gjaldkeri

Jenny Dögg Heiðarsdóttir, ritari

Aron Óskarsson og Árni Hallur Júlíusson, meðstjórnendur

Á síðastliðnu leikári hefur margt gerst hjá Leikfélagi Dalvíkur. Að venju voru settar upp tvær uppfærslur á leikárinu og var önnur þeirra í samvinnu við Grunnskóla Dalvíkur. Lífið í landinu eftir Arnar Símonarson og leikhópurinn var sett upp á haustmánuðum 2012 þar sem 40 vaskir unglíngar tóku þátt í sýningunni, fullt var á allar sýningar og er LD gríðarlega stolt af þessu samstarfi og hlökkum við mikið til næstu uppfærslu með þeim eins og verið hefur síðustu ár.

LD setti upp Eyrnalangir og annað fólk eftir þær systur

Þunni og Kristínu Steinsdætur með tónlist eftir Ragnhildi Gísladóttur. Leikstjóri var Saga Jónsdóttir. 15 leikarar á öllum aldri tóku þátt í sýningunni og annar eins hópur var á bak við tjöldin. Leikið var fyrir fullu húsi kvöld eftir kvöld og er skemmst frá því að segja að aðsókn var mjög góð. Verkið fékk góða dóma og er það vel.



*Eyrnalangir og annað fólk*

Nú á sumarmánuðum hófust endurbætur á leikhúsinu okkar Ungó þar sem skipt verður um þak hússins. Ungó er heldur betur komið til ára sinna en nú hefur Dalvíkurbær (eigandi hússins), ákveðið að taka húsið í gegn næstu þrjú árin. Þetta kemur þó ekki til með að trufla starfsemi LD mikið en það gefur auga leið að starfsemin raskast eitthvað.

40 manns mættu á samlestur fyrir verkið Eyrnalangir og annað fólk og er það von okkar að áhugi fólks eflist enn frekar og LD blómstri áfram á næstu árum.

## Leikfélag Flateyrar

### Skýrsla stjórnar

Haldin var kvöldvaka þar sem félagsmenn sömdu handrit og leikstýrðu sjálfir. Einnig sýndum við stutt leikrit ásamt börnum úr grunnskólanum og buðum upp á plockfisk. Að lokum var smá dagskrá flutt á Degi íslenskrar tungu.

## Leikfélag Fljótshéraðs

### Hrafnelssaga Freygoða

Höfundur: Sigurlaug Gunnarsdóttir  
Leikstjóri: Þráinn Sigvaldason  
Sýningafjöldi: 3  
Þátttakendur: 4  
Áhorfendafjöldi: 50

### Kardemommubærinn

Höfundur: Thorbjörn Egner  
Þýðendur: Hulda Valtýsdóttir og Kristján frá Djúpalæk  
Leikstjóri: Gunnar Björn Guðmundsson  
Sýningafjöldi: 12  
Þátttakendur: 52  
Áhorfendafjöldi: 1259



*Pétur og úlfurinn*

### Pétur og úlfurinn

Höfundur og leikstjóri: Pétur Ármannsson  
Sýningafjöldi: 8  
Þátttakendur: 16  
Áhorfendafjöldi: 538

### Skýrsla stjórnar

Ný stjórn tók við í febrúar 2012. Hún var skipuð eftirtöldum einstaklingum sem skiptu með sér verkum:

Þráinn Sigvaldason, formaður  
Jón Gunnar Axelsson, ritari og varaformaður  
Gestur Helgason, gjaldkeri  
Þórey Birna Jónsdóttir, meðstjórnandi  
Anna Katrín Harðardóttir, meðstjórnandi  
Sigurlaug Gunnarsdóttir og Krístrún Jónsdóttir varamenn

Fljótlega datt Anna Katrín út en báðir varamenn voru virkir í starfi.



*Kardemommubærinn*

Fyrsta verk stjórnar var að hrinda af stað sumarverkefni og horfðum við til skógarins og sviðsins en þar er að mínu mati fallegasta leikhús landsins og þó víðar væri leitað. Sótt var um styrk í Samfélagssjóð Alcoa sem tók vel í verkefnið okkar og styrkti okkur um 400.000 krónur. Með það fórum við af stað og réðum til starfa Pétur Ármannsson. Ætluðum við að setja upp Dýrin í Hálsaskógi en fengum ekki leyfi frá Þjóðleikhúsinu. Kom þá upp sú hugmynd að gera leikgerð að Pétri og úlfinum sem við svo gerðum. Náðum við samningi við Vinnuskóla Fljótshéraðs.



dalshéraðs um að greiða þeim unglingum sem eru á vinnuskólaaldri laun eins og þau væru í vinnuskólanum. Alls voru það átta stelpur sem unnu að þessu verkefni sem hófst í júní með námskeiði og lauk eftir miðjan ágúst með lokasýningu. Sýndar voru átta sýningar og er óhætt að segja að við höfum náð að setja líf í skógin en rúmlega 500 manns sá sýninguna. Það voru þó unglingarnir sjálfir sem græddu mest og var ótrúlegt að sjá hvað þau styrktust og þroskuðust á ekki lengri tíma. Ákveðið var síðan að halda áfram með þetta verkefni og höfum við fengið góða styrki frá Menningarráði Austurlands og Samfélags-sjóð Alcoa fyrir sumarið. Einnig höfum við ráðið Pétur Ármannsson til þess að leiksstýra og eru komnar upp hugmyndir en þær eru á frumstigi og verða ekki tíundaðar hér. Það er mín von að þetta verkefni haldi áfram og dafni vel í skóginum á okkar frábæra leiksviði.



*Hrafinkelssaga Freysgoða*

Það er óhætt að segja að LF hafi verið í sumarfiling árið 2012. Utan þess að setja upp Pétur og úlfinn settum við upp Hrafinkelssögu Freysgoða sem er leikrit eftir Sigurlaugu Gunnarsdóttur. Þetta var gert í samstarfi við Hrafinkelssögufélagið sem sá um búningana og bauð félagsmönnum og leikurum á búninganámskeið. Sýningin var svo sýnd á Hrafinkelssögudeginum inni í Aðalbóli. Hróður sýningarinnar fór víða og var hópurinn fenginn til þess að sýna á nokkrum skemmtunum og hátíðarhöldum í framhaldinu. Hópurinn var skipaður þeim Ingimari Hrímní, Steinunni Friðriks og Sigga Bogga en Þráinn Sigvaldason tók að sér leiksstjórn. Rætt hefur verið um að halda þessu verkefni áfram og hefur 2/3 hluti hópsins sýnt því áhuga en Ingimar er fluttur til útlanda og á því erfitt um vik.

Eitt sumarverkefni enn verð ég að tíunda hér en það er verkefni sem við nefndum Rómantík í rökkrinu. Það var haldið í lok Ormsteitis en þá fengum við til okkar lestrar-snillingana Steinunni Ásmunds, Dúrru, Sillu og Eymund í Vallanesi til þess að koma sér fyrir á ákveðnum stöðum með lukt og ljóðabók og lesa fyrir gesti og gangandi. Í lokin var síðan dansað á palli. Þó mæting hafi ekki verið góð þetta kvöld er þetta eitthvað sem á eftir að lifa í minningunni sem magnað kvöld og mæli ég með því að þetta verði gert aftur.

Með haustinu var síðan farið að huga að stóru vorverkefni. Ákveðið var að setja upp Kardimommubæinn en í ár eru 20 ár síðan hann var fyrst settur upp í Valaskjálfi. Farið var í samstarf við LME og var Gunnar Björn Guðmundsson ráðinn til verksins. Frumsýnt var í lok febrúar. Sýndar voru 12 sýningar og rúmlega 1100 manns sáu sýninguna. Það sem stendur upp úr eftir þessar sýningar er hversu margt

nýtt fólk við eignuðumst og bara hvað við erum flott.

Leikfélag Fljótshéraðs er aðili að Bandalagi íslenskra leikfélaga en það eru samtök um rúmlega 60 leikfélaga um allt land. Á aðalfundi BÍL sem haldinn var á Ísafirði í maí 2012 var formaður LF, Þráinn Sigvaldason, kosinn í stjórn samtakanna og er hann kosinn til tveggja ára. Hann er því á sínu öðru ári en kosið verður um sæti hans í maí 2014.

Að lokum vil ég þakka öllum þeim sem störfuðu með okkur á árinu fyrir skemmtilegar stundir. Þær hafa gefið okkur minningar sem eiga eftir að lifa með okkur ævilangt.

*Þráinn Sigvaldason, formaður*

## Leikfélag Hafnarfjarðar

### Logskerinn

Höfundur: Magnus Dahlström

Þýðandi: Kjartan Árnason

Leikstjóri: Gunnar Björn Guðmundsson

Sýningafjöldi: 3

Þátttakendur: 2

Áhorfendafjöldi: 59



*Sjóræningjaprinsessan*

### Sjóræningjaprinsessan

Höfundur: Ármann Guðmundsson

Leikstjóri: Lárus Vilhjálmsson

Sýningafjöldi: 4

Þátttakendur: 16

Áhorfendafjöldi: 461

### Sköllóttá söngkonan

Höfundur: Eugène Ionesco

Þýðandi: Bjarni Benediktsson

Leikstjórar: Halldór Magnússon og Gísli Björn Heimisson

Sýningafjöldi: 6

Þátttakendur: 8

Áhorfendafjöldi: 144



### Skýrsla stjórnar

#### Sköllóttu söngkonan

Þá er enn eitt leikárið á enda runnið hjá LH og hefur þetta ár verið ljómandi skemmtilegt sem endra nær. Við byrjuðum veturinn með stórskemmtilegri upp færslu á Sköllóttu söngkonunni eftir Eugene Ionesco sem leikstýrt var af innanbúðarmönnum að þessu sinni. Það voru Gísli Björn Heimisson og Halldór Magnússon sem tóku verkið að sér og leystu það mjög svo vel af hendi. Sýningar urðu sex talsins.

Haldið var námskeið í Theatre sport eða spuna og var það Gísli Björn Heimisson sem hafði veg og vanda af því námskeiði. Námskeiðið endaði svo með skemmtilegu spunakvöldi fyrir áhorfendur.

Sjóræningjaprinsessan var frumsýnd 6. apríl og þótti heppnast mjög vel. Vel tókst til við að kynna sýninguna og fékk hún umfjöllun á Rás 1 í Leynifélaginu. Einnig var góð umfjöllun í barnablöðum Fréttablaðsins og Morgunblaðsins og komu fulltrúar beggja blaðanna á sýninguna og voru hæstánægðir með hana.

Aðeins voru sýndar fjórar sýningar sem þó náði 461 áhorfenda og er stefnt að því að taka sýningar aftur upp í október. Lárus Vilhjálmsson leikstýrði þessari upp færslu okkar og mun taka upp þráðinn í haust líka.

Að venju var leikfélagið með atriði í Jólaborpinu hér í Hafnarfirði og á Sjómannadaginn vorum við með atriði úr Sjóræningjaprinsessunni á hafnarbakkanum.

Leikárinu var svo lokað nú í maí með sýningum á Logskeranum eftir Magnus Dahlström. Það voru þeir Gísli Björn Heimisson og Halldór Magnússon sem léku í þeirri sýningu og leikstjóri var Gunnar Björn Guðmundsson. Þessi sýning var mjög skemmtileg og vel heppnuð í alla staði. Sýningar urðu þrjár að þessu sinni.

Nú í sumar verða svo haldin námskeið í samvinnu við Gaflaraleikhúsið fyrir börn og unglinga líkt og gert var síðasta sumar.

Hafin var vinna við nýja heimasíðu leikfélagsins, leikhafis og er stefnt að því að því verki verði lokið áður en nýtt leikár skellur á.

Nú fékk leikfélagið engan styrk frá bænum þetta árið sem er miður þar sem hér er unnið mikið og þarft starf í þágu menningar í bænum. Að vísu tókst að selja bænum frumsýningu Logskerans sem hluta af Björtum dögum fyrir 240.000 sem má telja sem smá sárabót.

Ég tel að það þurfi að markaðsetja leikfélagið mun betur og leita styrkja hjá fyrirtækjum í bænum til að við getum haldið út því starfi sem við getum gert svo vel.

Nú lítur allt út fyrir að starfsemi Gaflaraleikhússins verði flutt yfir í Bæjarbíó um næstu áramót og að leikfélagið flytjist með og haldi áfram samstarfi sínu við Gaflaraleikhúsið. Þetta er hið besta mál enda hefur samstarfið gengið með eindæmum vel og verið báðum félögum til góðs.

Að lokum vil ég þakka stjórninni fyrir gott samstarf á leikárinu.

*Styrmir B. Kristjánsson, formaður*

### Leikfélag Hofsóss

#### Skýrsla stjórnar

Stjórn félagsins skipa:

Fríða Eyjólfsdóttir, formaður

Kristján Jónsson, ritari

Sigmundur Jón Jóhannesson, gjaldkeri

Helgi Thorarensen, meðstjórnandi

Svanhildur Harpa Kristinsdóttir, meðstjórnandi

Aðalfundur Leikfélags Hofsóss árið 2012 var haldinn þann 17. desember og var mæting á fundinn í góðu meðallagi. Hin venjulegu aðalfundarstörf voru afgreidd og rætt um starfsemi næsta leikárs en samkvæmt hefð undanfarinna ára (leikrit á tveggja ára fresti) stóð ekki til að setja upp leikrit á þessum vetri. Hins vegar var sú ákvörðun tekin að reyna að halda kvöldvöku með léttu yfirbragði og var kosin fjögurra manna nefnd til að koma verkefninu á rekspöl. Nefndin, sem starfaði ötulllega, fékk sér til liðs við sig fjölmarga félag og á skírdagskvöld, 28. apríl, var efnt til skemmtikvölds í Félagsheimilinu Höfðaborg. Dagskráin samanstóð af leiknum atriðum og stuttum myndböndum og var kynning þeirra í höndum fyrrverandi leikfélaga okkar, Gísla Einarssonar, sem leysti það verkefni að sjálfsgöðu með miklum sóma. Húsfyllir var og vel það og er óhætt að segja að vel hafi tekist til.

Leikfélagið átti einnig sinn fasta sess á Jónsmessuhátíð og sá þar um atriði á kvöldvöku.

## Leikfélag Hornafjarðar

### Grease

Höfundar: Jim Jacobs og Warren Casey  
 Þýðandi: Veturliði Guðnason  
 Leikstjóri: Stefán Sturla Sigurjónsson  
 Sýningafjöldi: 6  
 Þátttakendur: 22  
 Áhorfendafjöldi: 585



*Grease*

### Skýrsla stjórnar

Leikfélag Hornafjarðar setti ekki upp leikrit á haustmánuðum 2012 en kom þess í stað sterkt inn í byrjum árs 2013. Ákveðið var að setja upp Grease í samstarfi við Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu og Tónskóla Austur-Skaftafellssýslu.

Leikstjóri var Stefán Sturla Sigurjónsson. Æfingar hófust í byrjum febrúar. Smávegis erfiðleikar voru í byrjun að fá leikara en það hafðist á endanum. Frumsýning var laugardaginn 13. apríl 2013. Aðsókn fór fram úr okkar björtustu vonum en það komu 585 áhorfendur á þær 6 sýningar sem við vorum með.

*F.h. Leikfélags Hornafjarðar  
 Ingólfur Baldvinsson*

## Leikfélag Hólmavíkur



*Makalaus sambúð*

### Makalaus sambúð

Höfundur: Neil Simon  
 Leikstjóri og þýðandi: Ásgeir Sigurvinsson  
 Sýningafjöldi: 8  
 Þátttakendur: 15  
 Áhorfendafjöldi: 500

### Skýrsla stjórnar

Í stjórn Leikfélags Hólmavíkur sátu:  
 Ingibjörg Emilsdóttir, formaður  
 Agnes Jónsdóttir, ritari  
 Salbjörg Engilbertsdóttir, gjaldkeri.

Aðalfundur Leikfélags Hólmavíkur var haldinn 28. október 2012. Ákveðið var að setja upp leikrit í fullri lengd eftir áramót. Einnig voru viðraðar aðrar hugmyndir. Á leikárinu 1. júní 2012–31. maí 2013 voru eftirfarandi verkefni hjá leikfélaginu:

#### Upplestur í Kaupfélagi Strandamanna Hólmavík

Nokkrir félagar úr leikfélaginu tóku að sér að lesa upp úr nýttkomnum jólabókum í K.S.H. Lesið var í þrjú skipti og lesið var upp úr um fimm bókum í hvert sinn. Endað var á því að lesa á Þorláksmessu.

#### Spunakvöld

Leikfélagið stóð fyrir spunakvöldi á milli jóla og nýárs. Dræm þátttaka var á kvöldinu og skrifast það á afar slæmt veður það kvöld. Þeir sem mættu skemmtu sér þó konunglega.

#### Uppsetning á Makalaus sambúð

Leikfélagið auglýsti í desember eftir atvinnuleikstjóra til að setja upp verk með leikhópnum fljótlega eftir áramót. Það er í fyrsta sinn í langan tíma sem auglýst hefur verið eftir atvinnuleikstjóra. Ásgeir Sigurvaldason var ráðinn og sett var upp verk sem hann þýddi; Makalaus sambúð. Sýndar voru fimm sýningar á Hólmavík og ein í Búðardal. Sýningum er ekki lokið og á eftir að sýna eina á Bolungarvík 7. júní og endað verður á sýningu í Árneshreppi á Ströndum þann 8. júní. Átta leikarar taka þátt í sýningunni auk fjölda annarra á bakvið tjöldin. Áhorfendur hefðu mátt vera fleiri en alls eru um 350 manns búnir að sjá þær sex sýningar sem sýndar hafa verið.

#### Leiklistarnámskeið

Leikfélagið stóð fyrir sex daga leiklistarnámskeiði fyrir grunnskólabörn í febrúar. Ásgeir leikstjóri leiðbeindi á námskeiðinu. Alls sóttu 32 börn námskeiðið sem tókst afskaplega vel.

*Ingibjörg Emilsdóttir, formaður*

## Leikfélag Húsavíkur

### Söngleikurinn Ást

Höfundar: Gísli Ö. Garðarsson og Víkingur Kristjánsson  
 Leikstjóri: Jakob S. Jónsson  
 Sýningafjöldi: 20  
 Þátttakendur: 51  
 Áhorfendafjöldi: 1466

**Skýrsla stjórnar**

Frá síðasta aðalfundi 15. desember 2011 til 6. desember 2012

Stjórn félagsins fram að aðalfundi var eftirfarandi:

Gunnar Jóhannsson, formaður

Hjálmar Bogi Hafliðason, gjaldkeri

Guðrún Kristín Jóhannsdóttir, ritari

Dóra Ármannsdóttir og Sólveig Jóna Skúladóttir, meðstjórnendur

Eftir aðalfundinn, sem haldinn var 15. desember 2011, urðu eftirtaldar breytingar: Hjálmar Bogi Hafliðason gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og var Bergþóra Höskuldsdóttir kosin í hans stað. Aðrir sátu áfram.



*Söngleikurinn Ást*

Frá síðasta aðalfundi hefur stjórn Leikfélags Húsavíkur haldið 11 bókaða stjórnarfundum, auk nokkurra sem ekki voru bókaðir.

Halla Rún Tryggvadóttir og Þorgeir bróðir hennar komu fram með þá hugmynd að fara í samstarf við Safnahúsið á Húsavík og vinna við að koma gögnum og myndum leikfélagsins í varanlega vistun á skjalasafni. Þau lýstu áhuga sínum að koma að þessu verkefni með vinnuframlagi. Þetta verkefni er farið af stað og er unnið á Safnahúsinu af sjálfboðaliðum. Þá var sótt um styrk til þessa verks til KEA og fengum við úthlutað 150 þúsund krónum í verkefnið. Gunnar Jóhannsson tók við styrknum fyrir hönd LH við formlega athöfn á Akureyri í lok nóvember.

Jakob S. Jónsson leikstjóri hafði samband við LH á síðasta leikári og óskaði eftir að leikstýra hjá okkur. Nú var haft samband við hann og hann beðinn um að skoða „Söngleikinn Ást“. Það varð úr að þetta leikverk var valið og var fyrsti samlestur þann 10. september 2011. Knútur Emil Jónasson var ráðinn til að verða tónlistarstjóri sýningarinnar. Söngleikurinn var svo frumsýndur 24. nóvember og standa sýningar yfir.

**Leikfélag Hveragerðis****Með vífið í lúkunum**

Höfundur: Ray Cooney

Þýðandi: Árni Ibsen

Leikstjóri: Ingrid Jónsdóttir

Sýningarfjöldi: 12

Pátttakendur: 8

Áhorfendafjöldi: 590

**Skýrsla stjórnar**

Aðalfundur leikfélagsins var haldinn 12. júní 2012. Þar var kosin ný stjórn:

Jóhann Tr. Sigurðsson, formaður

Berglind Soffía Blöndal, gjaldkeri

Hjörtur Már Benediktsson, meðstjórnandi

Berglind Eva Arnardóttir, meðstjórnandi

Berglind Sigurðardóttir, meðstjórnandi

Varastjórn: Kristín Ólafsdóttir, Íris Judith Svavarsdóttir og

Marta Aðalsteinsdóttir

Esther Helga, Axel Bjarkar og Ásdís Mjöll sem léku Línu, Tomma og Önnu í leikritinu Lína Langsokkur fóru víða að skemmta á vegum leikfélagsins sumarið 2012, skemmtu á 1. maí hátíðarhöldum á Selfossi, á 17. júní á Eyrarbakka og Hveragerði, afmælishátíð Hoflandssetursins, á Sumar á Selfossi, Kjörísdeginum og á 30. ára afmælishátíð leikskólanna í Hveragerði. Þau fóru einnig í upptöku hjá Sjónum fyrir Stundina okkar sem var svo sýnd 2. desember.

29. september 2012 fóru Jóhann Tr. Sigurðsson og Hjörtur Már Benediktsson á námskeið í stjórnun leikfélaga og markaðssetningu. Það var haldið í leikhúsi Leikfélags Mosfellsveitar. Var það fróðlegt og gaman að hitta leikfélaga víða af landinu.

Þegar fór að vetra var farið í endurbætur á Leikhúsinu okkar. Settur var gólfdukur á salinn, anddyrið og eldhúsið. Sett var ný vaskainnréttung í eldhúsið, það einnig málað og skipt um ljós. Sett var ný rúða í salinn og skipt um innstungur og slökkvára víða í húsinu. Keyptur var verkfæravagn undir verkfæri leikfélagsins og plastkassar undir handrit og fleira.



*Með vífið í lúkunum*

Samhliða þessu var farið að huga að því, hvaða leikrit ætti að taka til sýninga eftir áramótin og hvaða leikstjóra ætti að semja við. Stjórnin var sammála um að velja leikrit sem væri í léttari kantinum og hægt væri að hlæja að. Útvegaði stjórnin sér um 10 handrit sem stjórnarmeðlimir tóku að sér að lesa til skiptis. Meðan á þessum lestri stóð, var ákveðið að ganga til samninga við Ingrid Jónsdóttur um að leikstýra komandi leikriti. Eftir mikinn lestur

og umhugsun varð gamanleikritið Með vífið í lúkunum fyrir valinu. Þannig að það var búið að ráða leikstjóra og ákveða leikritið fyrir jólin. Enn átti þó eftir að manna hlutverkin að hluta.

Leikfélagið sendi eins og undanfarin ár jólasveina úr Reykjavelli til að syngja og skemmta börnunum þegar kveikt var á jólatrénu sem var að þessu sinni staðsett skammt frá Hótel Örk. Jólasveinar leikfélagsins sáu um það að keyra jólapökkum heim til barna á aðfangadag, en þetta er þjónusta sem leikfélagið hefur boðið upp á í mörg ár og hefur mælst vel fyrir. Skátarnir sáu um aksturinn á tveimur björgunarsveitarbilum. Eru þeim færðar innilegar þakkir fyrir.

Einnig fóru jólasveinar á vegum leikfélagsins á jólaball á Örkinni og Dvalarheimilinu Ási.

Fljótlega eftir áramótin var farið að huga að æfingum á leikritinu Með vífið í lúkunum. Hlutverkin voru átta. Æfingar hófust á fullu í kringum 10. janúar. Gengu þær nokkuð vel, þó að flensufaraldur væri að trufla eins og gengur. Leikritið var frumsýnt 1. mars, sýnt alls 12 sinnum og voru áhorfendur 590. Leikritið fékk góða dóma í sunnlenskum blöðum og hjá áhorfendum en aðsóknin hefði mátt vera meiri. Leikfélagið þakkar leikurum, starfsliði og öllum þeim sem gerðu þessa sýningu að veruleika.

Nokkrir félagar leikfélagsins hafa átt stórafmæli á þessu ári og því síðasta. Þórhallur Hróðmarsson varð 70 ára 15. september 2012. Anna Jórunn Stefánsdóttir varð 70 ára 21. desember 2012. Anna Jórunn var gerð að heiðursfélaga leikfélagsins 21. desember. Sigurður Blöndal varð 60 ára 28. janúar 2013. Steindór Gestsson varð 60 ára 26. júní 2013.

Stjórnin hélt nokkra fundi á starfsárinu. Eins og á síðasta starfsári notaði stjórnin tölvutæknina mikið og var mikið sent af tölvupóstum á milli manna. Síminn var einnig mikið notaður í samskiptum. Þannig að blessuð tæknin léttir okkur lífið, þó að hún kosti stundum sitt.

*Jóhann Tr. Sigurðsson*  
Formaður Leikfélags Hveragerðis

## Leikfélag Hörgdæla

### Djárninn á Myrká

Höfundur og leikstjóri: Jón Gunnar Þórðarson  
Sýningafjöldi: 21  
Þátttakendur: 18  
Áhorfendafjöldi: 1678

### Skýrsla stjórnar

Stjórn leikfélagsins var þannig skipuð:  
Axel Vatnsdal, formaður  
Þóroddur Ingvarsson, varaformaður  
Ásgeir Már Hauksson, gjaldkeri  
Sigríður Svavarsdóttir, ritari  
Fanneý Valsdóttir, meðstjórnandi  
Þórir Gunnar Valgeirsson, 1. varamaður  
Í byrjun árs baðst Sigríður undan stjórnarsetu og við hennar sæti tók Þórir Gunnar 1. varamaður.



*Djárninn á Myrká*

Hér verður stiklað á stóru í starfi Leikfélags Hörgdæla á síðasta leikári. Stjórnin fundaði nokkuð reglulega auk þess að vera í miklu tölvupóst og símasambandi. Veturinn kom óþarflega snemma þetta árið og þess vegna gekk frekar brösuglega með skemmtanirnar sem vera áttu einu sinni í mánuði allt haustið. Byrjað var á trúbadorakvöldi þar sem nokkrir trúbadorar stigu á stökk, bæði ættaðir úr sveitinni og ekki og tókst það með ágætum. Þá átti að vera bingó, voru gerðar tvær tilraunir og í bæði skiptin var algjörlega vitlaust veður og kolófært, þá var reynt í þriðja skiptið og ekki hjálpaði veðrið okkur neitt, en bingó skyldi haldið og börðust ca. 20 manns á Mela í leiðinda veðri og spilaðar voru nokkrar umferðir og allir fóru sáttir heim.

Jón Gunnar var með námskeið þar sem farið var í ýmislegt tengt draugum og draugagangi og var það ágætlega sótt. Þá var haldið stuttmyndakvöld milli jóla og nýárs, sýndar voru 5 stuttmyndir þar af tvær eftir konur úr sveitinni þær Freyju Valsdóttur og Sunnu Dögg Sigrúnardóttur. Í byrjun janúar fór svo allt á fullt við uppsetingu á Djárninum á Myrká eftir Jón Gunnar Þórðarson með tónlist eftir Skúla Gautason og gengu æfingar vel. Það var mjög mikil smíðavinna við þessa uppsetningu og var leikið á hallandi sviði í fyrsta skipti á Melum. Frumsýnt var 28. febrúar og sýndar voru 21 sýning fyrir ca. 1800 manns. Þetta var stórkostleg sýning bæði fyrir augu og eyru, leikverkið, leikurinn, tónlistinn, sviðið, ljós og hljóð voru alveg á heimsmaelikvarða og vil ég þakka öllum sem lögðu hönd á plóg kærlega fyrir.

Í byrjun maí fóru fjórir fulltrúar leikfélagsins á aðalfund BÍL sem haldinn var í Logalandi í Borgarfirði. Tveir félagar sóttu skóla Bandalagsins að þessu sinni og að venju átti félagið fulltrúa í árshátíðarnefnd.

Leikfélagið tók þátt í Sæludeginum í sveitinni, leikir voru fyrir börnin og strútabolti fyrir þá eldri sem gekk mjög vel og verður vonandi framhald á, eins var haldinn dansleikur á Melum annað árið í röð, þar var fullt hús af fólki og mikið fjör.

## Leikfélag Keflavíkur

### Jólin koma .. eða hvað?

Höfundar og leikstjórar: Arnór Sindri Sölvason og Jón Bjarni Ísaksson  
Sýningafjöldi: 9  
Þátttakendur: 49  
Áhorfendafjöldi: 748



Með vífið í lúkunum

### Með vífið í lúkunum

Höfundur: Ray Cooney

Þýðandi: Árni Ibsen

Leikstjóri: Oddur Bjarni Þorkelsson

Sýningafjöldi: 8

Þátttakendur: 17

Áhorfendafjöldi: 400

### Skýrsla stjórnar

Starfsemi Leikfélags Keflavíkur leikárið 2012-2013 var um margt viðburðarík og eftir tíðindalausán aðalfund hófst leikárið á föstum liðum eins og vanalega. Leikfélagið var beðið um að sjá um skemmtidagskrá á 17. júní og voru flestir sammála um að vel hafi tekist til og flestir hafi getað fundið eitthvað við sitt hæfi. Einnig flutti leikfélagið leikþátt og var góður rómur gerður að honum. Listaskóli barnanna fékk inni í húsinu um sumarið og hefði það samstarf getað gengið betur með meiri og betri skipulagningu og samskiptum beggja aðila. Þetta sama sumar kom einnig leki að húsinu sem varð þess valdandi að baksviðsaðstaðan varð ónothæf um tíma meðan skipt var um gólfefni. Nýttu leikfélagar tækifærið og brutu niður vegg, færðu til klósett og máluðu upp á nýtt. Aðkoma félagsins að Ljósanótt var með hefðbundnu sniði þar sem figúrur spókuðu sig í bænum á laugardeginum.



Jólin koma... eða hvað?

Þegar leið á haustið var fyrirséð að ákveðin verkefni, sem unnið hafði verið að, mundu ekki koma til með að ganga upp og þess vegna var ákveðið að róa á önnur mið og

setja upp jólasýningu. Við leituðum til þeirra leikfélaga Jóns Bjarna og Arnórs Sindra með hugmynd um að þeir myndu skrifa litla jólasýningu sem yrði sett upp með unglingadeild félagsins. Þeir félagar buðu betur og úr varð leiksýning í fullri lengd sem bar heitið „Jólin koma... eða hvað?“. Leikstjórn var í þeirra höndum og með dyggri aðstoð reyndari leikfélaga varð til allveg ljómandi falleg og skemmtileg sýning í fullri lengd þar sem ungviðið okkar lék á alls oddi.

Ljósabúnaður félagsins bilaði um sumarið 2012 og komst ekki í lag fyrr en á upphafsmánuðum nýs árs eftir að buið var að leggja út umtalsverðar fjárhæðir í að komast að lausn vandans, viðgerðir erlendis frá og leigu á ljósastryngingu á meðan.

Um vorið var ákveðið að leggjast í að setja á svið farsa. Fyrir valinu varð „Með vífið í lúkunum“ og var leikstjórn í höndum Odds Bjarna Þorkelssonar. Þeir fáu sem sýninguna sáu voru gríðarlega ánægðir og með öllu ljóst að þessi sýning höfðaði til mun fleiri aðila en létu sjá sig.

Meðal annarra verkefna félagsins á leikárinu má nefna þátttöku í Prettándagleði, opnum degi á Ásbrú og hátíðartónleikum Ljósanætur.

Mikil vinna hefur farið fram í húsinu og er það sífellt að fá á sig fallegri og betri mynd. Innri salur hefur verið málaður, stólar á pallakerfi djúphreinsaðir, gólf á innri og ytri sal lakkað auk þess sem mikil vinna og kraftur hefur verið settur í að grisja búningaflóru félagsins. Vinna við búningagrisjun stendur enn yfir og er fyrirséð að því verki ljúki áður en langt um líður.

*F.h. stjórnar Leikfélags Keflavíkur  
Arnar Ingi Tryggvason, formaður*

### Leikfélag Kópavogs



Arfurinn

### Arfurinn

Höfundur og leikstjóri: Örn Alexandersson

Sýningafjöldi: 4

Þátttakendur: 4

Áhorfendafjöldi: 190

### Girnd á Geirsnefi

Höfundur: Dennis Schebetta

Leikstjóri og þýðandi: Hörður Sigurðarson  
 Sýningafjöldi: 4  
 Þátttakendur: 4  
 Áhorfendafjöldi: 190



*Gutti og félagar*

### Gutti og félagar

Höfundur og leikstjóri: Örn Alexandersson  
 Sýningafjöldi: 12  
 Þátttakendur: 14  
 Áhorfendafjöldi: 634



*Love me tender*

### Love me tender

Höfundur: Hrefna Friðriksdóttir  
 Leikstjóri: Hörður Sigurðarson  
 Sýningafjöldi: 2  
 Þátttakendur: 3  
 Áhorfendafjöldi: 114

### Milli tveggja heima

Höfundar: Ástbjörg Rut Jónsdóttir og leikhópurinn  
 Leikstjóri: Ástbjörg Rut Jónsdóttir  
 Sýningafjöldi: 4  
 Þátttakendur: 10  
 Áhorfendafjöldi: 150

### Samtal fyrir eina rödd

Höfundar: Dario Fo og Franca Rame  
 Þýðendur: Jóhanna Jónas og Jón Karl Helgason  
 Leikstjóri: Hörður Sigurðarson  
 Sýningafjöldi: 5  
 Þátttakendur: 2  
 Áhorfendafjöldi: 240



*Spurningar fyrir framan ísskápin*

### Spurningar fyrir framan ísskápin

Höfundur: Ópekkur  
 Þýðandi: Kristín Gestsdóttir  
 Leikstjóri: Hörður Sigurðarson  
 Sýningafjöldi: 2  
 Þátttakendur: 3  
 Áhorfendafjöldi: 114

### Við höfum allar sömu sögu að segja

Höfundar: Dario Fo og Franca Rame  
 Þýðendur: Jóhanna Jónas og Jón Karl Helgason  
 Leikstjóri: Hörður Sigurðarson  
 Sýningafjöldi: 5  
 Þátttakendur: 2  
 Áhorfendafjöldi: 240



*Viltu vatn?*

### Viltu vatn?

Höfundur: Jónheiður Ísleifsdóttir  
 Leikstjóri: Hörður Sigurðarson

Sýningafjöldi: 2  
Þátttakendur: 3  
Áhorfendafjöldi: 114



*Þriðjudagskvöld*

### Þriðjudagskvöld

Höfundur: Þórunn Guðmundsdóttir  
Leikstjóri: Hörður Sigurðarson  
Sýningafjöldi: 2  
Þátttakendur: 3  
Áhorfendafjöldi: 114



*Girnd á Geirsnefi*

### Skýrsla stjórnar

Frá opnun leikhússins að Funalind fyrir fimm árum hefur starfsemi leikfélagsins vaxið ár frá ári. Nýliðið leikár var engin undantekning frá því enda hófst það snemma með sýningu á Hringnum í Þjóðleikhúsinu í júní. Því ævintýri var alls ekki lokið því í október skundaði hópurinn til Rokiskis í Litháen og tók þar þátt í Interrampa leiklistarhátíðinni. Vorum við þar í hópi nokkurra leikhópa frá Litháen auk sýninga frá Armeníu og Hollandi og einnig tóku listamenn frá Póllandi og Rússlandi þátt.

Unglingadeildin hóf störf í október undir stjórn Ástbjargar Rutar Jónsdóttur. Byrjað var á námskeiði og síðan tekið til við að æfa upp heimasmiðaða leiksýningu. Hún leit dagsins ljós í nóvember og bar heitið Milli tveggja heima. Var þar á ferðinni falleg saga um reynsluheim unglingsins, skemmtilega flutt af tólf manna hópi. Sýnt var fjórum sinnum.

Hörður Sigurðarson hélt framhaldsnámskeið í september og október fyrir þá sem verið höfðu á byrjendanám-

skeiði árið áður. Sá hópur ásamt nokkrum til viðbótar æfði síðan upp nokkra leikþætti sem forsýndir voru á Stjörnuljósakvöldi þann 5. janúar sem er afmælisdagur félagsins. Voru þar fjórir leikþættir sýndir undir samheitinu Harmur, hundar og hýrar konur. Einn þáttur var eftir Örn Alexandersson sem einnig leikstýrði en Hörður leikstýrði tveimur eintölum eftir Dario Fo og Franca Rame og að auki Girnd á Geirsnefi eftir Dennis Schebetta. Samtals var sýnt fjórum sinnum í janúar og febrúar fyrir fullu húsi. Eintölin tvö í flutningi Helgu Bjarkar Pálsdóttur og Hildar Tryggvadóttur voru síðan sýnd á einþáttungahátíð Bandalags íslenskra leikfélaga í Logalandi í Borgarfirði við góðar undirtektir.



*Samtal fyrir eina rödd*

Í desember var kallað til kynningar á stóra verkefni ársins sem var leikgerð á Guttavísium og fleiri kvæðum eftir Stefán Jónsson. Örn Alexandersson gerði leikgerð og leikstýrði. Frumsýnt var 22. febrúar. Sýningin hlaut mikla aðsókn enda spurðist hún vel út auk þess sem við fengum mjög góða umfjöllun í barnablaði Morgunblaðsins og einnig voru atriði úr sýningunni sýnd í Stundinni okkar. Gert var mánaðarhlé á sýningum þegar Leikfélag MK kom í húsið en þráðurinn tekinn upp að nýju eftir páska. Alls var sýnt tólf sinnum og var uppselt á allar sýningar.

Blásið var til byrjendanámskeiðs í leiklist í lok janúar og sóttu það átta manns. Sá hópur ásamt tveimur gestaleikurum sýndi síðan fjóra leikþætti í maí undir yfirheitinu 4 x Tveir. Sýnt var tvisvar fyrir fullu húsi við góðar viðtökur. Hörður Sigurðarson stjórnaði námskeiðinu og leikstýrði leikdagskránni.

Þá má geta þess að sjö meðlimir félagsins fóru í Leiklistarskóla BÍL á Húnavöllum síðastliðið sumar á námskeið í leiklist, trúðleik og leikstjórn.

Áfram var haldið framkvæmdum og tækjakaupum fyrir leikhúsið. Fest voru kaup á átta kösturum og einnig fjárfestum við í tveimur dimmerum svo nú eru 36 rásir til reiðu fyrir ljósameistara í húsinu sem auðveldar alla vinnu, sérstaklega þegar fleiri en ein sýning er í gangi. Þá er búið að koma upp fyrirtaks æfingaljósum í sal svo ekki þurfi að keyra ljóskerfið að öpörfu sem ætti að spara rafmagn og þerur. Einnig má nefna að keypt var ný tölva og hugbúnaður fyrir hljóð og mynd auk skjávarpa. Hefur sá búnaður þegar sannað gildi sitt. Töluvert hefur verið unnið í frágangi og lagfæringum í húsinu og að öðrum ólöstuðum hefur Bjarni Danielsson farið þar fremstur í flokki. Er honum hér með þakkað fyrir góð störf. Fjölmargir hafa lagt hönd á plóg á sviðinu sem utan þess og færir



stjórn þeim einnig þakkir.

Leikhúsið var leigt og lánað til ýmissa verkefna á liðnu ári. Má þar fyrst nefna leikhópinn ONE sem hóf æfingar í október og frumsýndi síðan og sýndi verkið Tamam Shud eftir áramót. Unnu þeir að jafnaði á daginn og gekk samstarfið með eindæmum vel enda ljúft fólk þar í forsvari.



*Milli tveggja heima*

Leikfélag MK fékk húsið til umráða í byrjun mars. Eftir mjög gott samstarf og umgengni á síðasta ári seig aðeins á ógæfuhliðina og gekk á ýmsu. Á því er enginn vafi að koma MK í húsið hefur afar truflandi áhrif á starfsemi okkar. Engin augljós lausn er á því máli en ljóst að vilji okkar er til breytinga þegar rekstrarsamningur við bæinn verður tekinn til endurskoðunar árið 2017.

Kvikmyndaskólinn tók húsið á leigu samkvæmt venju í desember og einnig tvær vikur í maí. Samstarfið við þau gengur með miklum ágætum þar sem umgengni og frágangur er til fyrirmyndar.

Leikfélagið Grímur sýndi tvær sýningar á Karíusi og Baktusi í Leikhúsinu fyrir áramót. Hópur á vegum félagsmiðstöðvarinnar Molans tók húsið á leigu nú í byrjun júní og einnig var eitthvað um dagparts- og dagsleigu á húsinu m.a. til kvikmyndagerðar og útskriftarsýninga svo eitthvað sé nefnt.

Sú nýjung var tekin upp á þessu leikári að ganga til samninga við Miðakaup um sölu og skipulag miðasölu. Hefur það gengið afar vel þó ýmsir hnökror á kerfinu hafi hamlað. Aðstandendur Miðakaupa hafa þó brugðist vel við kvörtunum og óskum og allar líkur á að við höldum áfram að nýta okkur þjónustu þeirra.

*Fyrir hönd stjórnar LK  
Hörður Sigurðarson*

## Leikfélag Mosfellssveitar

### Á fjöllum

Höfundur: María Guðmundsdóttir  
Leikstjórar: Ólöf A. Þórðardóttir og Bóel Hallgrímsdóttir  
Sýningafjöldi: 1  
Þátttakendur: 5  
Áhorfendafjöldi: 80

### Barnagleði

Höfundar og leikstjórar: Sigrún Harðardóttir og Halldór Sveinsson  
Sýningafjöldi: 1

### Eðalkettir

Höfundar og leikstjórar: Sigrún Harðardóttir og Halldór Sveinsson  
Sýningafjöldi: 1  
Þátttakendur: 19  
Áhorfendafjöldi: 70



*Gauragangur*

### Gauragangur

Höfundur: Ólafur Haukur Símonarson  
Leikstjórar: Agnes Wild, Sigrún Harðardóttir og Elísabet Skagfjörð  
Sýningafjöldi: 7  
Þátttakendur: 36  
Áhorfendafjöldi: 600

### Grímur

Höfundar og leikstjórar: Sigrún Harðardóttir og Halldór Sveinsson  
Sýningafjöldi: 1  
Þátttakendur: 15  
Áhorfendafjöldi: 50

### Hamagangur í helli mínum

Höfundur: María Guðmundsdóttir  
Leikstjórar: Eva Björg Harðardóttir og Ólöf A. Þórðardóttir  
Sýningafjöldi: 7  
Þátttakendur: 14  
Áhorfendafjöldi: 620



Hamangangur í helli mínum

**Hefðarkettlingar**

Höfundar og leikstjórar: Sigrún Harðardóttir og Halldór Sveinsson

Sýningafjöldi: 1

**Kántrý Mos**

Höfundur: María Guðmundsdóttir

Leikstjóri: Þórunn Lárusdóttir

Sýningafjöldi: 7

Þátttakendur: 32

Áhorfendafjöldi: 580

**Rauðhetta**

Höfundar og leikstjórar: Sigrún Harðardóttir og Halldór Sveinsson

Sýningafjöldi: 1

Þátttakendur: 6

Áhorfendafjöldi: 60

**Skýrsla stjórnar**

Stjórn er þannig skipuð:

Ólöf A. Þórðardóttir, formaður

Dóra G. Wild, varaformaður

Brynhildur Sveinsdóttir, gjaldkeri

Eva Björg Harðardóttir, ritari

Hrefna Vestmann, Guðrún Esther Árnadóttir, Ágúst

Sæland

María Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri

Að venju var þetta ár mjög viðburðarríkt og hófst með öflugu sumarstarfi. Haldinn var fjöldi námskeiða fyrir börn og unglunga sem enduðu öll með sýningum, þó mis stórum. Leiðbeinendur voru þau Agnes Þorkelsdóttir Wild, Sigrún Harðardóttir, Egill Kaktuz Þorkelsson Wild, Halldór Sveinsson og Elísabet Skagfjörð.

**Sýningar 2012 - 2013**

Nokkrar sýningar voru sýndar sumarið 2012 sem lokaverkefni sumarnámskeiðanna. Verkin sem sýnd voru heita Rauðhetta, Námskeið með Grínum, Barnagleði (frumsamið), Hefðakettlingar (frumsamið) og Eðalkettir (frumsamið). Stærsta sýningin að loknu sumarnámskeiði var þó lokaverkefni unglunganna sem sýndu Gauragang eftir Ólaf Hauk Símonarson og var lifandi tónlist í sýningunni.

Í nóvember frumsýndum við nýtt frumsamið barnaleikrit, Hamangangur í helli mínum, í leikstjórn Evu Bjargar Harðardóttur og Ólafar A. Þórðardóttur. Kántrý Mos var frumsýnt í mars með lifandi tónlist og söng. Leikstjóri var Þórunn Lárusdóttir, leik- og söngkona. Einnig tók LM þátt í stuttverkahátíð tengdri aðalfundi BÍL og sýndi verkið Á fjöllum eftir Maríu Guðmundsdóttur, leikstýrt af Bóel Hallgrímsdóttur og Ólöfu A. Þórðardóttur. Þetta verk var áður sýnt fyrir nokkru í samsettri dagskrá LM sem kallaðist Glæður.

**Árlegir viðburðir og annað**

17. júní – Að venju sátum við um kynningar á setningu 17. júní hátíðarinnar uppi á torgi og á barnaskemmtuninni. Leikfélagið var einnig með stutta leikþætti og söngatriði á dagskrá við Hlégarð. Einnig sátum við um Fjallkonuna og þetta árið var það Ásdís Fjeldsted.

Kveikt á jólatrénu – Fjöldi jólasveina, hyski á þeirra vegum og persónur úr jólaleikritinu sáu um að skemmta börnunum og fullorðnum á þessum viðburði og dansa í kringum jólatréð á torginu. Að venju mælist þessi viðburður alltaf vel fyrir, bæði hjá ungvíðinu og ekki síður hjá jólasveinum og þeirra hyski sem koma árlega og vinna fyrir okkur.



*Kántrý Mos*

Prettándinn – Fjölmennasta verkefni okkar árlega og alltaf fjölgar í leikhópnum sem tekur þátt í þessu. Trölla-börn, álfar, jólasveinar, Grýla og Leppalúði létu sig ekki vanta þetta árið. Álfadrottningin þetta árið var Vildís Bjarnadóttir.

Sumardagurinn fyrsti – Kom að venju þetta ár eins og önnur og í ár var hann fimmtudaginn 25. apríl. Leikfélagið var með opið hús og bauð upp á sirkuslistir og kennslu, einnig var boðið upp á vöffur og kaffi. Troðfullt var út úr dyrum þann tíma sem auglýst dagskrá var og tókst þessi dagur afburðavel.

Staða LM er mjög góð og er það ótrúlega ríkt af frábærum félögum sem ekki verða metnir til fjár og einnig frábæru ungu fólki sem starfar með okkur á sumarnám-skeiðum og í ýmsum verkum. Það mun taka við síðar meir og því er nauðsynlegt að hlúa vel að því.

## Leikfélag Ólafsfjarðar

### Stöngin inn!

Höfundur og leikstjóri: Guðmundur Ólafsson

Sýningafjöldi: 8

Þátttakendur: 17

Áhorfendafjöldi: 972

### Skýrsla stjórnar

Á haustdögum 2012 var Guðmundur Ólafsson ráðinn til að leikstýra hjá Leikfélagi Ólafsfjarðar en hann var þá með nýtt verk í mótun sem fékk nafnið Stöngin inn – Gamaleikur með Abbalögum. Þetta er í fjórða skiptið sem Guðmundur semur fyrir Leikfélag Ólafsfjarðar. Nokkru seinna var haldinn fundur með stjórn Leikfélags Siglufjarðar þar sem ákveðið var að vinna saman að þessari uppsetningu. Síðar myndu svo þessi tvö félög renna saman í eitt og heita þá Leikfélag Fjallabyggðar.

Fyrsti samlestur var haldinn mánudaginn eftir Bóndadag. Strax á þeim fundi var ljóst að mun fleiri vildu leika en hlutverk leyfðu. Guðmundur leikstjóri og höfundur var

ekki lengi að redda því og bætti við tveimur persónum svo allir sem vildu leika gætu verið með. Til varð mjög breiður hópur karla og kvenna þar sem munaði rúmum fimmtíu árum á yngsta og elsta leikaranum. Sumir voru að leika í fyrsta sinn aðrir í annað og einn í þriðja sinn. Æfingar gengu mjög vel og lítið var um veikindi leikara meðan á æfingartímabilinu stóð. Eins og allir vita var veturinn erfiður en þó féllu aldrei niður æfingar vegna ófærðar þar sem leikarar frá Siglufirði gengu frekar yfir Héðinsfjörð en að missa af einni æfingu.

Fljótlega eftir að æfingar byrjuðu sáum við að þetta stykki gæti svo sannarlega slegið í gegn og strax eftir frumsýningu 8. mars var ljóst að við vorum með frábært verk. Á skírdag sýndum við fyrir fullu húsi í Tjarnarborg eða hátt á þriðja hundrað manns og í lokin héldum við að þakið myndi fjúka af Tjarnarborginni, þvílík og önnur eins fagnaðarlæti höfum við aldrei upplifað. Við sýndum átta sinnum hér heima við mjög góðar undirtektir en alls sáu verkið í kringum tólfhundrað manns.



*Stöngin inn!*

Svo er það rúsínan í pylsuendanum. Við sendum upptöku af verkinu í valið á Athyglisverðurstu áhugaleik-sýningu leikársins 2012-2013 og viti menn við vorum valin þar úr sautján uppsetningum. Það var ótrúlega ljúf upplifun þegar þær fréttir bárust að við hefðum unnið. Stefnan er því sett á Þjóðleikhúsið þann 16. júní næstkomandi. Hipp hipp húrra fyrir okkur!

Leikfélög Ólafsfjarðar og Siglufjarðar færa Guðmundi Ólafssyni bestu þakkir fyrir frábærar og ógleymanlegar ánægjustundir á þessu leikári.

## Leikfélag Rangæinga

### Skýrsla stjórnar

Stjórnina skipuðu:

Kristín Pála Sigurðardóttir, formaður

Pröstur Guðnason, gjaldkeri

Berglind Kristinsdóttir, ritari

Guðni G. Kristinsson, Ómar Smári Jónsson og Sigfús

Davíðsson, meðstjórnendur

Það fór lítið fyrir okkur þetta árið. Við settum af stað barnastarf fyrir 5.–10. bekk þann 28. janúar. Leiðbeinandi var Magnús J. Magnússon. Tekin voru stutt atriði úr ýmsum ævintýrum. Mánudaginn 15. apríl sýndu þau svo

afraksturinn á tveimur sýningum kl. 18 og 20 með pizzuveislu á milli sýninga. Sýnt var í Menningarsal Oddakirkju á Hellu fyrir tæplega 100 áhorfendur.

## Leikfélag Reyðarfjarðar

### Skýrsla stjórnar

Stjórn félagsins skipa:

Hjördís Helga Seljan, formaður

Bóas Ingi Jónasson, varaformaður

Þórður Vilberg Guðmundsson, gjaldkeri

Thelma Rún Magnúsdóttir

Jóhanna Reykjalin

Leikfélag Reyðarfjarðar hefur fundað mánaðarlega á þessu ári. Hefur margt verið brallað á þeim fundum, tekið til í geymslum og hirslum og skikki komið á hlutina. Í sumar settum við svo á svið skemmtidagskrá í Félagslundu á Reyðarfirði í tilefni af Hernámsdeginum. Það voru Gunnar Ragnar Jónsson og Þórður Vilberg Guðmundsson sem skrifuðu nokkra leikþætti tengda hernáminu á Reyðarfirði og voru þeir bundir saman með söng Fjarðardætra. Mikil fjöldi mætti til að sjá þá einu sýningu sem í boði var.

Leikfélag Reyðarfjarðar hefur verið duglegt að taka þátt í sjónvarps- og kvikmyndatökum. Í lok síðasta árs sendum við um 20 leikara til að leika í einum þætti af Sönnum íslenskur sakamálum sem tekinn var upp á Fáskrúðsfirði og fjallaði um Pólstjörnumálið svokallaða. Í sumar léku svo tveir leikarar frá okkur í upptökum á nokkrum Íslenskum Þjóðsögum sem teknar voru upp á Vopnafirði.

*Þórður Vilberg Guðmundsson, gjaldkeri*

## Leikfélag Sauðárkróks



*Fíasól*

### Fíasól

Höfundur: Kristín Helga Gunnarsdóttir

Leikstjórar: Guðný Axelsdóttir og Páll Friðriksson

Sýningafjöldi: 9

Þátttakendur: 26

Áhorfendafjöldi: 395



*Tifar tímans hjól*

### Tifar tímans hjól

Höfundar: Guðbrandur Ægir Ásbjörnsson og Árni Gunnarsson

Leikstjóri: Guðbrandur Ægir Ásbjörnsson

Sýningafjöldi: 14

Þátttakendur: 55

Áhorfendafjöldi: 1268

### Skýrsla stjórnar

Síðasta leikári lauk 31. maí 2012, aðalfundur var haldinn 7. júní 2012.

16. september 2012 var haldinn startfundur fyrir haustverkefnið. Mjög fámennt var á fundinum og ákvað stjórn félagsins að boða annan fund og láta með honum ráðast hvort LS myndi sýna haustleikrit. Annar fundur var haldinn og á hann mættu fleiri. Heimafólkið Páll Friðriksson og Guðný Axelsdóttir voru ráðin leikstjórar og ákveðið var að setja upp leikritið Fíasól eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur. Æfingatímabilið gekk nokkuð vel, þrátt fyrir ýmsar upptömur. Alls voru níu sýningar og áhorfendur 395 en mikið var um afbókanir vegna veðurs því að veður-guðinn var okkur afar óhliðhollur yfir sýningartímabilið.

14.–15. október fór leikhópurinn til Reykjavíkur í skoðunarferð í fyrirtækið Verkstæðið sem gerir leikmyndir fyrir hina ýmsu aðila, meðal annars Latabæ, og fengum við að skoða Latabæjarstúdíóið. Fórum við einnig í kynnisferð um Borgarleikhúsið og Þjóðleikhúsið og þar sáum við leiksýninguna Með fulla vasa af grjóti. Ferðin var mjög

lærdómsrík fyrir hópinn.

LS hélt velheppnaðan grímudansleik 29. desember og var stjórn LS mjög ánægð með góða mætingu, þrátt fyrir að veðrið hafi verið það slæmt að hljómsveitin sem átti að spila komst ekki og voru fegnir dj-ar til að spila í hennar stað, og einnig með hversu mikið margir höfðu lagt í búningavinnu.

Fljótlega eftir áramót hófst undirbúningur fyrir Sæluvikustykkið 2013. Undirbúningur hafði þó reyndar staðið allt árið 2012 í formi fundarhalds við höfunda verksins, Guðbrand Ægir Ásbjörnsson, sem einning leikstýrði, Árna Gunnarsson og höfund tónlistar Geirmund Valtýsson. Fyrsti fundur var haldinn 4. febrúar 2013 og var mæting góð og hófst samlestur strax 6. febrúar 2013. Æfingatímabil gekk vel og góður andi var í hópnum sem gerði tímabilið skemmtilegt en þó strembið þar sem að hópurnir var mjög stór en alls komu um 50 manns að sýningunni þar af 33 sem voru á sviði. Frumsýnt var í upphafi Sæluviku 28. apríl. Alls voru 14 sýningar og áhorfendur 1268.

Komandi leikár er svo fullt af skemmtilegum verkefnum og vonumst við í stjórn LS að þátttaka fólks verði áfram góð því án ykkar er þetta ekki hægt.

Að lokum viljum við þakka leikstjórum leikársins þeim Palla, Guðnýju og Ægi fyrir gott og skemmtilegt samstarf sem og öllum sem hafa starfað með okkur á leikárinu og einnig styrktaraðilum og áhorfendum fyrir stuðninginn.

*fyrir hönd stjórnar LS*

*Sigurlaug Dóra Ingimundardóttir, formaður*

## Leikfélag Selfoss

### Ágætt

Höfundur: Sigríður Lára Sigurjónsdóttir

Leikstjóri: Ármann B. Ingunnarson

Sýningafjöldi: 1

Þátttakendur: 2

Áhorfendafjöldi: 26



*Beðið eftir Lúdó*

### Beðið eftir Lúdó

Höfundur: Hjörleifur Hjartarson

Leikstjóri: Ármann B. Ingunnarson

Sýningafjöldi: 1

Þátttakendur: 3

Áhorfendafjöldi: 26

### Eltingaleikur

Höfundur: Hafsteinn Ó. Kjartansson, Hlynur Þ. Róbertsson og Ólafur T. Stefánsson

Leikstjórar: Sigríður Hafsteinsdóttir og Raket Ýr Stefánsdóttir

Sýningafjöldi: 1

Þátttakendur: 3

Áhorfendafjöldi: 28



*Fyrir*

### Fyrir

Höfundur: Hrefna Friðriksdóttir

Leikstjóri: Raket Ýr Stefánsdóttir

Sýningafjöldi: 1

Þátttakendur: 2

Áhorfendafjöldi: 26

### Gamli maðurinn og hugarflugíð

Höfundur óþekktur

Leikstjóri og leikgerð: Sigríður Hafsteinsdóttir

Þátttakendur: 3

Áhorfendafjöldi: 26



*Gamli maðurinn og hundurinn*

### Gamli maðurinn og hundurinn

Höfundur óþekktur

Leikstjóri og leikgerð: Sigríður Hafsteinsdóttir

Þátttakendur: 3

Áhorfendafjöldi: 26



Í framboði

**Í framboði**

Höfundur: Hrefna Friðriksdóttir

Leikstjóri: F. Elli Hafliðason

Sýningafjöldi: 1

Þátttakendur: 2

Áhorfendafjöldi: 26

**Hefðarkattakaffi**

Höfundur: Finnur Hafliðason og Hildur Embla Finnsdóttir

Leikstjóri: Finnur Hafliðason

Sýningafjöldi: 1

Þátttakendur: 3

Áhorfendafjöldi: 26



Kaffi

**Kaffi**

Höfundur og leikstjóri: Sara Margrét Magnúsdóttir

Sýningafjöldi: 1

Þátttakendur: 4

Áhorfendafjöldi: 28

**Prek og tár**

Höfundur: Ólafur Haukur Símonarson

Leikstjóri: Lilja Nótt Þórarinsdóttir

Sýningafjöldi: 22

Þátttakendur: 40

Áhorfendafjöldi: 1464

**Skýrsla stjórnar**

Á sínum fyrsta fundi skipti stjórn með sér verkum:

Sigrún Sighvatsdóttir, formaður

F. Elli Hafliðason, varaformaður

Sigríður Hafsteinsdóttir, ritari

Gerður H. Sigurðardóttir, gjaldkeri

Svanhildur Karlsdóttir, meðstjórnandi.

Í varastjórn sátu Erla Dan Jónsdóttir, Krístrún Jónsdóttir og Finnur Hafliðason. 26 stjórnarfundir voru haldnir á leikárinu.



Eltिंगaleikur

Þrjú úr stjórn leikfélagsins fóru á aðalfund Bandalags íslenskra leikfélaga sem haldin var á Ísafirði helgina 5.–6. maí. Á þinginu var rætt um þáttökuleysi félaganna og var samin ályktun til að hvetja félögin að senda fulltrúa á næsta þing. Mikið var rætt um að Bandalagið standa afar illa fjárhagslega. Gera má ráð fyrir lækkun á styrkjum og árgjaldið var hækkað úr 50.000 kr. í 60.000 kr.

Það er orðinn fastur liður hjá okkur að taka þátt í Vor í Árborg. Við vorum með opið hús og Hugarflug. Opið hús gekk mjög vel þar sem fjöldi fólks kom. Boðið var upp á vöfflukaffi og sýnisferðir um húsið. Hugarflug gekk einnig mjög vel þar sem að ca. 100 manns mætti.

Í byrjun maí kom 4. bekkur í Vallaskóla í heimsókn og voru þau mjög ánægð með þá heimsókn.



Hefðarkattakaffi

Um sumarið voru haldin fjögur leikhúsnámskeið fyrir börn, þrjú grunnnámskeið og eitt framhaldsnámskeið. Námskeiðshaldarar voru Gerður H. Sigurðardóttir, Íris Árný Magnúsdóttir og Sigríður Hafsteinsdóttir. Fengin var starfsmaður frá vinnuskólanum til að aðstoða í tveimur námskeiðum, en Árborg býður félagasamtökum að fá starfsmann frá þeim að láni. Mikil aðsókn var á námskeiðin eins og áður.

Fimm félagar fóru og sóttu námskeið í Leiklistarskóla Bandalags íslenskra leikfélaga í júní. Einnig fór einn félagi sem höfundur í heimsókn.

Haustfundur var haldinn í september þar sem starf vetrarins var kynnt. Var fundurinn fámennur en góðmennur.

Laugardagskaffið fór af stað í september og var það

haldið á laugardögum fram í nóvember á meðan ekki var önnur starfsemi í gangi í húsinu.

Sex stjórnarmeðlimir fóru á námskeið á vegum BÍL um stjórnun leikfélaga.

Í byrjun október kom kvæðamannafélagið Árgali og hélt Árgalakvöld. Var þetta viðburður í Menningarmánuðinum október sem haldin er af menningarnefnd Sveitarfélagsins Árborgar.

Hugarflug var haldið í október og komu 28 áhorfendur. Umsjónarmaður var Finnur Hafliðason og tókst vel til.

Við vorum beðin um að koma og vera með leiklestur fyrir Fossheima og var Sigurgeir Hilmar Friðþjófsson fenginn í það verkefni. Rætt var um að gaman væri að hafa þetta að venju.

Söngnámskeið með Kristjönu Stefánsdóttur var haldið helgina 8.–10. nóvember og gekk það vel.

Jóladagskrá var haldin að kvöldi fimmtudagsins 13. desember. Sögð var jólasaga og leikþáttur fluttur. Dræm þátttaka var þetta kvöld og þótti það miður. Stjórnin telur þó að ekki þurfi að leggja niður jóladagskrána þrátt fyrir mætinguna að þessu sinni.



*Þrek og tár*

Lilja Nótt Þórarinsdóttir var ráðin til að leikstýra verki vetrarins og varð verkið Þrek og tár fyrir valinu. Fyrsti samlestur var í byrjun nóvember og stefnt var að frumsýningu í janúar. Vinnan við uppsetninguna tókst afar vel, það tók nokkurn tíma að finna alla leikara en vel tókst til við að manna í tæknivinnuna. Frumsýning var 28. janúar og gekk glimrandi vel sem og á generalæfingu en fullt var út úr dyrum í bæði skiptin. Sýningar fóru vel af stað og aðsóknin var góð. Sýndar voru 22 sýningar og áhorfendur urðu 1.464. Á sýningartímabilinu var m.a. uppselt 2 vikur fram í tímann. Sýningin fékk mjög góðan hljómgrunn. Í auglýsingaherferðinni var ákveðið að senda dreifibréf til allra í Árborg og næsta nágrenni til að auglýsa sýninguna. Var stjórnin sannfærð um að það hafi skilað sér vel. Á frumsýningu var Sigurgeir Hilmar Friðþjófsson heiðraður með blómvendi og bókartgjöf en hann átti 40 ára leikafmæli á árinu.

Mikil vinna fór í gáminn okkar og gekk hún hægt en örugglega. Hvíldi vinnan að mestu leyti á F. Ella Hafliðasyni og á hann þakkar skildar fyrir það. Búið er að færa hluta af dóti frá okkur úr geymslu sveitarfélagsins yfir í gáminn og vonast er til að við getum losað allt okkar dót úr geymslu sveitarfélagsins.

Uppsveitasystur leigðu húsið eina kvöldstund í byrjun apríl.

Stefnt er að því að vera með opið hús á Vor í Árborg um miðjan maí. Einnig er stefnt að því að vera með Hugarflug í lok maí.

Það er ávallt nóg að gera hjá Leikfélagi Selfoss. Hér fer fram metnaðarfullt starf og ávallt er mikil ánægja þegar nýjir félagar bætast í hópinn. Það má segja sem svo að nokkrir viðburðir eru orðnir hefðbundnir í starfi félagsins og gaman er ef þeim verður viðhaldið.

*Stjórn Leikfélags Selfoss*

## Leikfélag Sólheima, Grímsnesi

### Skilaboðaskjóðan

Höfundur: Þorvaldur Þorsteinsson

Leikstjóri: Lilja Nótt Þórarinsdóttir

Sýningafjöldi: 6

Þátttakendur: 40

Áhorfendafjöldi: 590



*Skilaboðaskjóðan*

### Skýrsla stjórnar

Samkvæmt venju var leikrit frumsýnt á sumardaginn fyrsta, Skilaboðaskjóðan eftir Þorvald Þorsteinsson. Þegar við fórum að leita eftir leikstjóra komu nokkur nöfn upp á borðið hjá okkur og eftir langa mæðu, stress og bið, var samið við Lilju Nótt Þórarinsdóttur.

Æfingar byrjuðu frekar seint þetta árið en við vinnum á öðrum hraða en önnur leikfélög. Allt gekk þetta nú upp hjá okkur að venju og vorum við nokkuð ánægð með búninga og leikmynd að venju.

Við fengum Lárus Sigurðsson hirðskáld til að semja nokkur lög fyrir sýningunna og tókst það vel. Einnig spilaði hann lögin inn á disk fyrir verkefnið.

Þess ber að geta og þakka fyrir, en við fengum nokkra nemendur úr Kerhólsskóla og Bláskógaskóla til að vera með okkur í þessu verki og þökkum við foreldrum fyrir lánið á þeirra börnum.

Farið var með allan hópinn sem kom að verkinu á Fjöruborðið og snædd þar gómsæt súpa.

Vill stjórn leikfélagsins þakka þeim góðu höndum sem lögðu hönd á plóg og einnig mökum sem heima voru, meðan maki þeirra var á æfingum eða sýningum!

Enginn komst á aðalfund BÍL þetta árið, þar sem að við vorum að sýna um sömu helgi og fundurinn var.

Annað markvert var ekki að gerast hjá Leikfélagi Sólheima á leikárinu 2012–13.

Sölvi B. Hilmarsson  
Formaður

## Leikfélag Vestmannaeyja



*Allra, allra, langbesta jólaleikrit allra tíma*

### Allra, allra, langbesta jólaleikrit allra tíma

Höfundur: Jóhanna Ýr Jónsdóttir

Leikstjóri: Þröstur Guðbjartsson

Sýningafjöldi: 10

Þátttakendur: 51

Áhorfendafjöldi: 883

### Grease

Höfundar: Jim Jacobs og Warren Casey

Leikstjóri: Ágústa Skúladóttir

Sýningafjöldi: 10

Þátttakendur: 44

Áhorfendafjöldi: 1291

Skýrsla stjórnar

### Skýrsla stjórnar

Á síðasta aðalfundi var kjörin eftirfarandi stjórn:

Birgir Nielsen, formaður

Birkir Thór Högnason, varaformaður/framkvæmdastjóri

Viktor Rittmüller, gjaldkeri

Zindri Freyr Ragnarsson, ritari

Jóhanna Ýr Jónsdóttir, sá um markaðsmál

Heiða Björk Marínósdóttir, sá um innkaup

Alexander Páll Tórshamar, sá um eftirlit með húseign

Breytingar urðu á stjórn strax í september, en þá hætti Heiða í stjórn vegna anna og Emma Bjarnadóttir tók hennar sæti. Jóhanna Ýr lét af störfum í stjórn um áramótin og ákvað stjórnin að kalla ekki inn mann í hennar stað. Í maí var svo boðað til félagsfundar þar sem Birgir Nielsen formaður og Emma Bjarnadóttir létu af störfum í stjórn. Var þá Unnur Guðgeirsdóttir kjörin formaður og tóku Haraldur Ari Karlsson, sem áður hafði sinnt markaðsmálum vegna Grease, og Árni Þorleifsson sæti í stjórn.

Stjórn félagsins hélt reglulega fundi allt leikárið. Hélt

stjórnin meðal annars vinnufund í Grímsnesi heila helgi í haust í tengslum við námskeið í stjórnun Leikfélaga á vegum BÍL. Þá sótti hluti stjórnar Bandalagsþing á vordögum og með í för voru nokkrir félagar leikfélagsins. Á þinginu var áveðið að Leikfélag Vestmannaeyja yrði gestgjafi næsta Bandalagsþings 2014.

Verkefni á leikárinu voru fjölmörg að vanda. Ber þá helst að nefna:

Ljós í Leikhúsið, söfnunartónleikar, í september. Safnað var fyrir ljósabúnaði sem félagið festi kaup á á árinu. Tónleikarnir voru síðan enduruppsettir í janúar í tengslum við Prettándahátíð bæjarins.

Allra, allra, langbesta jólaleikrit allra tíma var haustverk leikfélagsins. Barnasýning eftir Jóhönnu Ýr Jónsdóttur sem frumsýnt var í byrjun desember. Æfingar hófust um mánaðarmótin september/október. Sýningin var afar fjölmenn og leikstjóri var Þröstur Guðbjartsson.

Söngleikurinn Grease var vorverkefni félagsins. Skipað var í hlutverk í desember og samlestur hófst í janúar. Formlegar æfingar hófust í byrjun febrúar. Leikstjóri var Ágústa Skúladóttir sem ráðin var eftir auglýsingu þar sem 10 umsækjendur sóttu um starfið. Sýnt var í apríl og maí og var aðsókn glæsileg.



*Grease*

Félagið tók að vanda þátt í Bæjarhátíðum á árinu auk þess að taka þátt í Þjóðhátíð. Eins var félagið, eins og undanfarin ár, eftirsótt á skemmtanamarkaðnum og komu félagar úr félaginu fram á fjölmörgum stöðum á árinu í tengslum við skemmtanahald.

Félagið stóð fyrir sýningum á tveimur íslenskum bíómyndum á árinu. Djúpinu og Svartur á Leik. Voru þær



sýningar vel sóttar. Fest voru kaup á myndvarpa til slíkra sýninga og er hann í eigu félagsins í dag.

Félagið stóð fyrir námskeiðinu Leikhúsið frá A-Ö nú annað árið í röð og tóku 33 börn á aldrinum 11–13 ára þátt í námskeiðinu sem endaði með sýningu á Allt í plati eftir Þröst Guðbjartsson. Það voru þeir Zindri Freyr Ragnarsson og Birkir Högnason sem sáu um námskeiðið en þeim til aðstoðar voru þær Fríða Sigurðardóttir, Unnur Guðgeirsdóttir og María Erna Jóhannesdóttir.

Mikið gekk á í miðasölunni í ár og þá sérstaklega í tengslum við sýningar á Grease, en uppselt var á 5 sýningar áður en æfingum lauk. Ber mér að færa Fríðu Sigurðardóttur sérstakar þakkir stjórnar fyrir umsjón sína með miðasölunni en Fríða á sannarlega heiður skilinn.

Félagið hélt uppi fjölbreyttri starfsemi á liðnu leikári og fjöldi þátttakenda sjaldan verið eins mikill. Ber að þakka öllum þeim sem lögðu vinnu sína í glæsilegt leikár.

*F.h. Stjórnar Leikfélags Vestmannaeyja 2012-13  
Birkir Þór Högnason, framkvæmdastjóri*

## Leikfélag Ölfuss, Þorlákshöfn

### Rummungur ræningi

Höfundur: Otfried Preußler

Leikstjóri og þýðandi: Ármann Guðmundsson

Sýningafjöldi: 8

Þátttakendur: 14

Áhorfendafjöldi: 292

### Skýrsla stjórnar

Leikárið hófst með því að ný stjórn tók til starfa en á síðasta aðalfundi gengu úr stjórn Ottó Rafn Halldórsson, gjaldkeri og varamennirnir Róbert Karl Ingimundarson og Birna Rut Árnadóttir. Í þeirra stað kom í aðalstjórn Oddfreyja H. Oddfreysdóttir sem tók við gjaldkerastöðunni og varamenn eru Magnþóra Kristjánsdóttir og Aðalsteinn Jóhannsson.

### Bandalagsskólinn

Fyrri stjórn hafði gefið út að greitt yrði að fullu fyrir þrjá nemendur í skólann og hvatti félagið til að sækja um þau námskeið sem í boði voru. Hilmar Kristberg sótti um í leiklist 1 en komst ekki að þar sem námskeiðið var þá orðið fullt og eru félagsmenn hvattir til að sækja um strax og opnað er fyrir skráningu en draga það ekki. Þrúður fór á námskeið í trúðleik og var skólinn greiddur að fullu af félaginu. Í ár var Aðalsteinn Jóhannsson sá eini sem sótti um í skólann og fékk hann inni á námskeiði í leikritun. Við óskum honum góðrar ferðar og vonum að hann komi fullur hugmynda og handrita til baka og verða skólagjöldin greidd af LÖ eins og í fyrra. Fyrir næsta ár hefur stjórn ákveðið að halda fyrra striki og greiða að fullu fyrir allt að 3 nemendur, þar sem nokkuð öruggt er að leiklist 1 verði í boði 2014. Við hvetjum ykkur því til að vera vel vakandi og sækja strax um.

### Verkefni félagsins

Verkefni félagsins hafa verið með nokkuð hefðbundnu sniði. Á Hafnardögum var boðið upp á andlitsmálun fyrir

framan Indriða á meðan dorgveiðikeppnin fór fram og höfðu menn á orði að það hefði aukið áhorf og stemningu þar sem aukinn fjöldi var á bryggjunni vegna þessa. Helena Helgadóttir sá um andlitsmálun með dyggri aðstoð frá Snæfríði Sól, Ingibjörgu, Aðalbjörgu og Agnesi en þær voru allar að ljúka námi við Grunnskólann. Ármann Guðmundsson var ráðinn leikstjóri og stóð til að setja upp fjölskylduleikritið Jens og risaferskjan. Skemmst er frá því að segja að ekki tókst að manna það og því var skipt yfir í Rummungur ræningja sem náðist með herkjum að manna og nutum við aðstoð frá Erlu Dan sem starfar með Leikfélagi Selfoss til að koma því á svið. Við þökkum henni kærlega fyrir sem og öllum þeim sem komu að uppsetningunni sem kostaði blóð, svita og tár enda lá þessi uppfærsla þungt á fáum höndum. Það er von okkar að fleiri leggi okkur lið í haust (og skólastelpur snúi aftur til starfa!) Leikfélagar tóku þátt í Þorrablóti ásamt öðrum félagasamtökum eins og undanfarin ár. Önnur verkefni voru ekki á dagskrá.



*Rummungur ræningi*

### Bandalagsþing

Meirihluti stjórnar fór á aðalfundinn sem að þessu sinni var haldinn í Reykholti. Þrúður, Hulda, Helena, Árný og Magnþóra sóttu fundinn og tóku þátt í hugmyndavinnu og þingstörfum ásamt því að efla tengslanet okkar og samskipti við önnur leikfélög. Staða BÍL er enn mjög slæm en tekist hefur að fá ríkisstyrk til þjónustumiðstöðvar hækkaðan en betur má ef duga skal og er erfitt verkefni sem bíður stjórnar BÍL við að rétta af rekstur hennar. Allt útlit er fyrir að styrkir lækki enn í ár og er það áhyggjuefni og verða leikfélögin að stóla enn frekar á sín sveitarfélög hvað styrki varðar. Eins og fram kemur í reikningum félagsins er það stuðningur fyrirtækja í bænum sem heldur okkur á lífi og ljóst að án þeirra værum við ekki starfandi!

### Verkefni stjórnar og nefnda

Það eru verðug og stór verkefni sem bíða stjórnar á nýju ári en stjórn sendi menningarfulltrúa og bæjarstjórn bréf í vikunni þar sem óskað er eftir afnotum af Versölum til æfinga og sýninga í haust, en ekki er ljóst hvort leikfélagið hefur þar aðstöðu eins og undanfarin ár vegna breytinga á rekstarfyrirkomulagi hússins. Við höldum þó ótraud áfram og hefur stjórn áhuga á að setja upp söngleik á haustmánuðum en ekki hefur verið tekin nein ákvörðun um verk eða leikstjóra. Einnig stendur til að senda beiðni á bæjarstjórn um aukin fjárstyrk til starfseminnar sem og að finna úrræði við húsnæðisvanda okkar. Dömurarnar í styrkjanefnd hafa staðið sína vakt með miklum sóma og flytja okkur skýrslu sína hér á eftir. Þær sendu m.a. inn

umsókn til Þjóðleikhússins um Athyglisverðustu áhuga-leiksýninguna eins og undanfarin ár en sýningin Stöngin inn sem var fyrsta uppsetning nýsameinaðra Leikfélaga Ólafsfjarðar og Siglufjarðar vann að þessu sinni. Umsögn dómnefndar um Rummung ræningja hljómaði svo: „Sýning Leikfélags Ölfuss er sýning með stórt hjarta, en hún einkenndist af mikilli hlýju og leikararnir sátu vel í hlutverkum sínum.“

Formlegir stjórnarfundir voru fáir á árinu þar sem stjórn fundaði mikið í lokuðum hópi á facebook til að auðvelda samskipti á hinum ýmsu tímum sólarhrings vegna anna stjórnarmanna. Það fyrirkomulag gafst mjög vel en varð þó til þess að fundargerðir voru heldur fáar og mun verða bætt þar úr í framtíðinni.

## Leikfélagið Grímnir, Stykkishólmi



*Við dauðans dyr*

### Við dauðans dyr

Höfundur og leikstjóri: Bjarki Hjörleifsson

Sýningafjöldi: 7

Þátttakendur: 14

Áhorfendafjöldi: 144

### Skýrsla stjórnar

Bjarki Hjörleifsson, formaður

Hafrún Bylgja Guðmundsdóttir, varaformaður

Una Kristín Pétursdóttir, gjaldkeri

Víglundur Jóhannsson, Hrafnhildur Hlín Karlsdóttir og

Benedikt Óskarsson, meðstjórnendur

Fyrir utan áframhaldandi endurskoðun á fjármálum félagsins, þ.á.m. uppgreiðslu á skuld við Stykkishólmsbæ, var ákveðið að koma öllum eigum félagsins undir eitt þak. Félagið var með muni í geymslu hjá Hótel Stykkishólmi, kjallara Bónus, Sigurði Ágústssyni, Skildi og í geymslu bæjarins upp á Hamraendum. Ljóst var að aðrir aðilar en meðlimir leikfélagsins væru að ganga í eigur félagsins ásamt því að geymsluaðstæður voru sumstaðar ófullnægjandi og leikmunir lágu undir skemmdum. Til þess að þetta myndi allt komast fyrir í húsnæði félagsins var farið í að breyta sviði leikfélagshússins í tímabundna geymslu. Enn er eftir að ganga endanlega frá geymslurými á sviðinu.

Einnig var farið í gegnum búningasafnið, það flokkað

og teknir til hliðar „óþarfa“ búningar. Farið var með þessa búninga á „skottssölu“ á dönskum dögum og náðist að grynna eitthvað á þeim þar. Stjórnin hefði hug á að halda áfram að selja umfram búninga úr safni ýmist í skottssöllum eða að halda fatamarkaði eins og gert var á Norðurljósa-hátíð haustið 2012.

Áfram var haldið með „pub-quiz“ verkefnið og er það vonandi komið til að vera.

Lokið var við að ferðast með einþáttungana Kárius og Baktus ásamt Kvöldhúminu. Þann 17. júní tóku Kárius og Baktus virkan þátt í skrudgöngu og brugðu á leik á sviði á skemmtun. Á þessu leikári lauk því vinnu við ofangreinda einþáttunga, en svo er aldrei að vita að nema þeir verði teknir upp aftur. Félagið var aftur þátttakandi í jólasveinaskemmtun og var einnig beðið um að sjá um áramótaskemmtun. Því miður varð minna úr áramótaskemmtuninni en vilji var fyrir.

Stóra verkefnið þetta leikárið var uppsetning á verkinu Við dauðans dyr eftir formann félagsins, Bjarka Hjörleifsson. Komið var að verkefninu með sömu nálgun með kostnað og stjórnin hafði gert fram að þessu. Náðist að setja upp þessa sýningu með ótrúlega lágum tilkostnaði og er stjórnin afar þakklát þeim sem lögðu til tíma og vinnu til að gera þetta mögulegt. Sýningartímabilið var stutt og skemmtilegt og var aðsókn ekki eins góð og vonast hafði verið eftir, kannski spilaði þar inn í að leikfélagið var komið upp í vana með að hafa löng og ströng sýningartímabil. Núverandi stjórn vill einnig reyna að stytta sýningartímabilið, þ.e. nema að aðsókn á sýningarnar kalli á annað.

Að lokum vill stjórnin benda á þá staðreynd að á undanförunum tveimur starfsárum hefur hún náð að snúa hallarekstri félagsins til hins betra og vonast til að áfram verði haldið á sömu braut.

Hafrún Bylgja Guðmundsdóttir og Benedikt Óskarsson óska eftir að hætta í stjórn og mun því verða óskað eftir nýjum stjórnarmeðlimum á aðalfundi, ásamt því að manna þarf stöðu Svövu Gunnarsdóttur frá síðasta starfsári. Ef ekki fást nýir stjórnarmeðlimir þá áskilur stjórn leikfélagsins sér rétt til að reyna sjálf að leita eftir einstaklingum til stjórnarsetu.

## Leikfélagið Hallvarður súgandi, Suðureyri



*Sex í sveit*

### Sex í sveit

Höfundur: Marc Camoletti

Leikstjóri: Ársæll Níelsson

Sýningafjöldi: 4

Pátttakendur: 13  
 Áhorfendafjöldi: 260

### Skýrsla stjórnar

Stjórn skipa:  
 Auður Birna Guðnadóttir, formaður  
 Kristín Ósk Egilsdóttir, gjaldkeri  
 Jóhanna Þorvarðardóttir, ritari  
 Halldóra Hannesar, Vilborg Ása Bjarnadóttir og Ástrós Þóra Valsdóttir, meðstjórnendur

Eftir 5 ára dvala var þessi nýja stjórn kosin og ákveðið var að breyta út af venju og setja upp leikrit að vetri, en áður hafa leikrit verið sett upp að sumri.

Farsinn Sex í sveit varð fyrir valinu en það leikrit fjallar um hjón sem eiga sumarhústað úti á landi og fyrir mis- skilning koma viðhöld þeirra beggja í heimsókn. Viðhald eiginkonunnar er besti vinur eiginmannsins og viðhald eiginmannsins er módel frá Reykjavík. Eiginmaðurinn biður vin sinn um að þykjast vera kærasti módelisins sem hann samþykkir, með semingi þó, þar sem hann er jú í tygjum við eiginkonuna. Þegar kokkurinn mætir telur vinurinn það vera viðhald eiginmannsins og neyðist þá módelið til að þykjast vera kokkurinn, með skrautlegum árangri.

Fyrsti samlestur var í desember en æfingar hófust í byrjun febrúar. Æfingarferli gekk vonum framur undir styrkri leikstjórn Ársæls Níelssonar og ötulli vinnu framkvæmdastjóra sýningar Jóns Arnars Gestssonar, ofur „proppsara“ Ásu Dóru Halldórsdóttur og súpersmiðanna Harðar Ragnarssonar og Guðmundar Leós Skjaldarsonar.

Frumstýnt var 15. mars og urðu sýningarnar 5 talsins, þar með talin 1 aukasýning og hélt sýningarstjórnin Einar Ómarsson vel utan um þennan frábæra hóp.

Fleira var ekki gert á þessu ári.

### Leikfélagið Peðið, Reykjavík



*Bjarmaland II*

#### Bjarmaland II

Höfundur: Jón Benjamín Einarsson  
 Leikstjóri: Andrea Gylfadóttir  
 Sýningafjöldi: 4  
 Pátttakendur: 35  
 Áhorfendafjöldi: 350



*Dagur til að drepa sig*

#### Dagur til að drepa sig

Höfundur: Jón Benjamín Einarsson  
 Leikstjóri: Guðjón Sigvaldason  
 Sýningafjöldi: 4  
 Pátttakendur: 4  
 Áhorfendafjöldi: 120

#### Skýrsla stjórnar

Aðalfundur síðasta árs var haldinn 25. apríl og var mætingin með ágætum, stjórn félagsins var endurkjörin, þ.e.:

Hjördís Jóhannsdóttir, formaður  
 Halldór Sigurðsson, varaformaður  
 Hrönn Hafsteinsdóttir, gjaldkeri  
 Guðrún Helga Tómasdóttir, ritari  
 Ingi Rafn Hauksson, meðstjórnandi.  
 Sigurður Einarsson og Elín Hilmarsdóttir voru kjörin varamenn.

Einungis voru settar upp tvær sýningar á leikárinu. Í tengslum við sumarsólstöðuhátíð Gallery-Bar 46 settum við upp einpáttunginn *Dagur til að drepa sig* eftir Jón Benjamín Einarsson í leikstjórn Guðjóns Sigvaldasonar.

Í nóvember var svo komið að stóru sýningunni þá leikárið eða *Bjarmaland II*, einnig eftir hirðskáldið okkar hann Jón Benjamín Einarsson, í leik og tónlistarstjórn Andreu Gylfadóttur.

Eins og flestir félagar í Peðinu okkar vita þá eru svolitlir umbrotatímar hjá okkur núna þar sem að flest bendir til að okkur sé farið að vanta sýningarstað enn á ný. Þannig að allar tillögur eru vel þagnar.

Ég vil nota tækifærið og þakka (fyrir hönd stjórnarinnar) ykkur öllum sem tekið hafa þátt í þessu brólti okkar á síðast liðnu ári og þá meina ég ÖLLUM því að það er svo ótalmargt sem þarf að gera til að geta sett sýningar á fjallirnar. Vonandi verður samstarfið á næsta ári jafn ánægjulegt.

*F.h. stjórnarinnar  
 Hjördís Jóhannsdóttir*

## Leikfélagið Skagaleikflokkurinn, Akranesi

### Skýrsla stjórnar

Aðalfundur var haldinn 28. febrúar 2013 þar sem kosin var ný stjórn og skipa hana eftirtaldir:

Kristín Ásgeirsdóttir, formaður

Gerða Bjarnadóttir, gjaldkeri

Guðbjörg Árnadóttir, ritari

Þór Binó Friðriksson, meðstjórnandi

Félagið hafði hægt um sig fram eftir hausti, Óskar Guðmundsson hafði skilað handriti af einþáttungu um Guðnýju Böðvarsdóttur í Görðum (móður Snorra Sturlusonar) í september og stjórn sótti um styrki, m. a. til Menningarráðs Vesturlands, til að fjármagna uppsetningu á verkinu og fékk félagið 300.000 kr. frá Menningarráðinu. Hefur stjórnin nú samið við leikstjóra um uppsetningu og vinna er hafin við undirbúning og verður verkið væntanlega frumsýnt í september nk.

Námskeið fyrir unglinga var haldið í apríl undir stjórn Sindra Birgissonar og voru 13 þátttakendur á aldrinum 13-20 ára. Í apríl og maí fóru 2 stjórnarmenn einu sinni í viku í HVER endurhæfingarhúsi, lásu þar stutta leikþætti og spjölluðu um leiklist við skjólstæðinga þar. Stefnt er á að halda þessu áfram næsta haust.

Leikfélagið hefur stutt við ýmsa leiklistarstarfsemi á Akranesi (skólana, stuttmyndagerð og fl.) og reynt að gera félagið sýnilegt þó ekki hafi verið um uppsetningu á leikverki að ræða. Í húsnæðisleysi félagsins hefur það notið velvilja safnastjóra Byggðasafnsins og fengið inni í Stúkúhúsinu m. a. fyrir fundi og námskeið.

*Gert á Akranesi þann 2. júní 2013*

*Guðbjörg Árnadóttir, ritari*

### Leikfélagið Sýnir, á landsvísu

#### Gangverkin

Höfundar: Ármann Guðmundsson, Guðmundur Erlingsson, Gísli Björn Heimisson, Júlía Hannam

Leikstjórar: Ármann Guðmundsson, Guðmundur Erlingsson, Gísli Björn Heimisson, Daníel Freyr Jónsson, Hörður S. Daníelsson

Sýningafjöldi: 5

Þátttakendur: 20

Áhorfendafjöldi: 102

#### Skýrsla stjórnar

Stjórn leikfélagsins var þannig skipuð á leikárinu:

Ármann Guðmundsson, formaður

Helga Björk Pálsdóttir, gjaldkeri

Gísli Björn Heimisson, ritari

Askur Kristjánsson og Heiðís Buzgò, varastjórn

Stjórn fundaði reglulega á leikárinu og átti auk þess í tíðum samskiptum á internetinu.



*Gangverkin*

Þegar leikárið hófst hafði sú ákvörðun verið tekin að fresta uppsetningu á Sjö samúræjum í leikgerð og leikstjórn Guðmundar Erlingssonar til sumarsins 2013 og setja þess í stað upp þematengda stuttverkasýningu. Hafist var handa um leið og fólk sneri aftur frá Bandalagsskólanum. Ákveðið var að leikritið yrði gönguferð um Elliðaárdalinn þar sem áhorfendur upplifðu nokkrar „senur úr daglega lífinu“ í dalnum. Þættirnir voru sjálfstæðir en þó tengingar á milli sumra, Júlía Hannam skrifaði tvo þætti, Í skógar-rjóðri sem Guðmundur Erlingsson leikstýrði og í öðru rjóðri sem Gísli Björn Heimisson leikstýrði, Ármann Guðmundsson skrifaði einnig tvo þætti, Brúðkaupsmyndina og Svartan Toby og leikstýrði þeim sjálfur, Guðmundur Erlingsson skrifaði Trampólín nágrennsins sem Hörður Skúli Daníelsson leikstýrði og loks skrifaði Gísli Björn Heimisson þáttin Tekin í gegn (Bootcamp) sem var svona límið sem hélt sýningunni saman og fleygaði hina þættina. Gerði Daníel Freyr Jónsson sér ferð að norðan til að leikstýra þeim þætti (auk þess sem hann lék í öðrum). Aðsóknin var nokkurn veginn eins og við var að búast hjá litlu óþekktu leikfélagi og í það minnsta það góð að ástæða þótti til að bæta tveimur aukasýningum við í lok sumars við þær þrjár sem sýndar voru um miðjan júlí. Þurfti þá reyndar að endurskipa í nokkur hlutverk. Sýning hlaut nafnið Gangverkin og kostaði uppsetningin félagið nánast ekki neitt þannig að félagið eignaðist örlíftin pening til að hefja vinnu við næsta stóra verkefni.

Um sumarið ákvað Þjóðleikhúsið að hreinsa til í búningageymslum sínum og bjóða leikhúsfólki að hirða það sem það hefði áhuga á. Dýrleif Jónsdóttir og Ármann formaður fóru og sóttu sjö svarta plastpoka af búningum. Höfðu þau sérstaklega í huga búninga sem nýta mætti í Sjö samúræja.

Húsnæðisvandamál félagsins leystist á ótrúlegan átt þegar formaður hitti „gamlan“ stofnfélaga leikfélagsins, Bjarneyju Lúðvíksdóttur og upp úr dúrnum kom að hún og samtökin Kvenefli, sem hún er í forsvari fyrir, höfðu yfir að ráða allrúmgóðu húsnæði uppi á Höfðabakka og bauð hún félaginu afnot að því, því að kostnaðarlausu. Þetta kom einmitt á besta tíma, um það leytið sem við vorum að byrja vinnu við samúræjana og kann félagið Bjarneyju bestu þakkir fyrir.

Vinna við uppsetningu á Sjö samúræjum hófst í febrúar á því að hópurinn horfði á hina klassísku mynd Kurosawa. Síðan var samlestur og í kjölfarið vikulegur hittingur þar sem unnin var undirbúningsvinna fyrir leikara og ýmsar æfingar gerðar. Í mars fékk hópurinn einnar kvöldstundar

námskeið í japönsku bardagaaðferðinni Akido hjá Gísla Leifssyni og í apríl í Kendo hjá Sölva Tryggvasyni. Einnig var kastað í hlutverk í apríl. Í maí hélt svo Rúnar Guðbrandsson fjögurra kvöld námskeið þar sem hann fræddi okkur um japanska leikhúshéð, m.a. Noh og Kabuki, bæði munnlega og verklega. Síðan var æft stíft fram að Bandalagsskóla en nánar um sýningu Sjö samúræja í skýrslu næsta árs.

Stjórn ræddi nauðsyn þess að uppfæra lög félagsins sem hafa verið óbreytt frá árinu 2004 og lítið hefur verið farið eftir og var Ármanni og Gísla falið það verkefni. Það náðist þó ekki fyrir þennan aðalfund en gagnger endurskoðun á þeim verður lögð fyrir næsta aðalfund.

*F.h. stjórnar*  
Ármann Guðmundsson

## Leikflokkurinn Hvammstanga

### Gott kvöld

Höfundur: Áslaug Jónsdóttir  
Leikstjóri: Eggert Karlsson  
Sýningafjöldi: 2  
Þátttakendur: 15  
Áhorfendafjöldi: 50

### Skýrsla stjórnar

Stjórn skipa:  
Hörður Gylfason, formaður  
Auðbjörg Magnúsdóttir, gjaldkeri  
Guðrún Helga Marteinsdóttir, ritari  
Svava Lilja Magnúsdóttir og Gísli Már Arnarsson, meðstjórnendur

Leikflokkurinn Hvammstanga hefur legið í dvala í nokkurn tíma, af ýmsum ástæðum en nokkrir röskir einstaklingar tóku sig til og mynduðu nýja stjórn á vordögum. Haldnir hafa verið nokkrir fundir á árinu. Svo skemmtilega vildi til að Dreifnámsdeild Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Hvammstanga hafði samband við okkur og falaðist eftir aðstoð við að setja upp leikrit en fyrir það fá nemendur eina einingu. Við tókum því fagnandi enda gott tilefni til að rífa upp starfið.

Krakkarnir í dreifnáminu ásamt sínum leiðbeinanda völdu verkið sjálf. Verkið var barnaleikritið Gott kvöld eftir Áslaugu Jónsdóttur. Fengum við leikstjóra á staðnum til að leikstýra, Eggert Karlsson. Æfingar stóðu yfir í ca. sex vikur og var verkið sýnt tvisvar í félagsheimilinu á Hvammstanga í lok apríl og mættu 132. Ekki tókst að hafa fleiri sýningar vegna þess að framundan voru próf hjá krökkunum. Alls tóku um 20 manns þátt í sýningunni. Æfingar og sýningar tókust frábærlega og vert er að þakka öllum er að sýningunni komu. Við í stjórninni lærðum ýmislegt af þessari fyrstu uppsetningu okkar og var hún góð reynsla í reynslubankann sem við getum nýtt okkur í starfinu í framtíðinni.

Leikflokkurinn sér einnig ávallt um skemmtiatriði á þorablóti Ungmennafélagsins Kormáks á Hvammstanga sem haldið er í febrúar ár hvert. Um er að ræða ca. klukkutíma langa dagskrá sem samín er og leikinn af heima-

mönnum og að sjálfsgöðu er verið að gera góðlátlegt grín að náunganum eins og venja er á svona samkomum.

Skemmtileg verkefni eru svo framundan í vetur og hlökkum við til að vinna með öllu því frábæra fólki sem hefur komið til liðs við Leikflokkinn Hvammstanga.

Þannig að við í Leikflokknum Hvammstanga erum afar sáttt með okkar fyrsta ár og hlökkum til að starfa með öllu þessu frábæra fólki.

*Guðrún Helga Marteinsdóttir, ritari*

## Leikhópurinn Lopi, Árborg



*Perfect*

### Perfect

Höfundur: Hlín Agnarsdóttir  
Leikstjóri: Magnús J. Magnússon  
Sýningafjöldi: 2  
Þátttakendur: 21  
Áhorfendafjöldi: 104

### Skýrsla stjórnar

Stjórn 2012 – 2013 var þannig skipuð:  
Magnús J. Magnússon, formaður  
Ágústa Baldursdóttir, gjaldkeri  
Ólafur Hauksson, ritari  
Hólmgrímur E. Bragason, meðstjórnandi

Starfsemi Leikhópsins Lopa var frekar hefðbundinn sl. leikár. Ákveðið var á fundi í september 2012 að einbeita sér að Þjóðleik 2013 sem yrði á Eyrarbakka helgina 19.–21. apríl 2013. Eftir að hafa lesið þau leikrit sem í boði voru var ákveðið að taka til æfinga og sýninga leikritið Perfect eftir Hlín Agnarsdóttur. Um var að ræða unglingsverk sem vekur athygli á eðli raunveruleikabátta í sjónvarpi. Æfingar hófust í janúar. Tuttugu og tveir leikarar tóku þátt í sýningunni. Æfingar gengu hægt þar sem mikil veikindi hrjáðu hópinn og var ekki frumsýnt fyrr en 19. apríl 2013 við góðar undirtektir. Lokasýning verksins var á Þjóðleikshátíðinni sem hafði verið færð frá Eyrarbakka á Stokkseyri. Þar sýndum við eina sýningu á laugardeginum 20. apríl. Gekk þetta allt vel og voru Loparnir öllum til sóma.

Í heild gekk þetta leikár vel. Þetta var 27. frumsýning Lopa og 19. leikárið, sem sýnir að starfsemin er í gangi.

*Magnús J. Magnússon, formaður*

## Leikklúbburinn Krafla, Hrísey

### Skýrsla stjórnar

Á síðasta starfsári var haldið leiklistarnámskeið fyrir grunnskólabörn og á milli jóla og nýárs var boðið upp á skemmtun í félagsheimilinu okkar þar sem slegið var á léttu strengi með söng og leik og var ákveðið að þetta yrði árviss viðburður. Illa hefur gengið að fá fólk til að starfa með okkur og því frekar mikil uppgjöf í stjórninni. Erfiðlega gengur að fjármagna félagsheimilið okkar og því höfum við verið frekar dugleg að hafa kaffisölur og flóamarkað sem hefur gengið vonum fram. Enginn aðalfundur var haldinn á síðasta starfsári en búið er að ákveða dagsetningu á aðalfundi í lok október þá verður stjórninni skipt út að hluta og kemur vonandi kraftmikið fólk þar inn.

Salurinn í Sæborg var málaður í vor og hafa verið haldnar þar átta myndlistarsýningar á síðasta starfsári en það eru gestir í Gamla skóla sem hafa fengið að sýna þar. Hingað til hefur þetta verið endurgjaldslaust en á aðalfundi verður gerð verðskrá fyrir leigu á húsinu.

Stjórnin hefur komið fjórum sinnum saman á þessu starfsári til skrafs og ráðagerða og telur að nú þurfi að láta verkin tala.

*F.h stjórnar Kröflu  
Linda María Ásgeirsdóttir*

## Leikklúbburinn Saga, Akureyri

### Skýrsla stjórnar

Í byrjun árs tókum við þátt í Þjóðleik og völdum við verkið Tjaldið eftir Hallgrím Helgason. Skúli Gautason leikstýrði okkur. Hafdís formaður og Jóhanna varaformaður fóru til Danmerkur í maí á fund um Fenris verkefni sem við munum vonandi taka þátt í. Í byrjun sumars byrjuðum við að æfa leikritið Leyndarmál eftir Jónínu Leósdóttir og sýndum það svo í Rýminu í lok sumars. Klúbburinn er í smá pásu en við förum að byrja starfið aftur eins fljótt og hægt er og þá munum við einbeita okkur að Fenris verkefninu.

## Leiknefnd Umf. Grettis, Miðfirði

### Skýrsla stjórnar

Engin starfsemi var hjá Leikdeild Ungmennafélagsins Grettis á Laugarbakka árið 2012-2013. Þar sem tvö leikfélög eru starfandi í Húnaþingi skipta þau árunum á milli sín.

*Fyrir hönd leiknefndar  
Ingibjörg Jónsdóttir*

## Litli leikklúbburinn, Ísafirði

### Gúttó – Hlegið hátt og dansað dátt í 40 ár

Höfundar: Viðar Konráðsson, Ólafur Halldórsson og Páll Gunnar Loftsson

Leikstjóri: Páll Gunnar Loftsson

Sýningafjöldi: 5

Þátttakendur: 17

Áhorfendafjöldi: 450



*Kötturinn sem fer sínar eigin leiðir*

### Kötturinn sem fer sínar eigin leiðir

Höfundur: Ólafur Haukur Símonarson

Leikstjóri: Halldóra Björnsdóttir

Sýningafjöldi: 9

Þátttakendur: 11

Áhorfendafjöldi: 592

### Skýrsla stjórnar

Á aðalfundi Litla leikklúbbsins 26. júní 2012 var kosin ný stjórn:

Steingrímur Rúnar Guðmundsson, formaður

Halla Sigurðardóttir, gjaldkeri

Auður Matthíasdóttir, ritari

Hákon Jónsson, Ragnhildur Torfadóttir, Sveinbjörn

Hjálmarsson og Þorsteinn Tómasson meðstjórnendur.

Síðan þá hafa Ragnhildur Torfadóttir og Auður Matthíasdóttir sagt sig úr stjórn.

Á starfsárinu voru haldnir 10 stjórnarfundir og einn félagsfundur.

Stjórnin tók ekki við fjárhagslega góðu búi og fór strax í að setja sér markmið og eitt af markmiðunum var að rétta af fjárhag félagsins og hefur það tekist nokkuð vel, en betur má ef duga skal.

Á stjórnarfundi 22. ágúst var farið í hugflæði þar sem stjórnarmenn skráðu á miða hugmyndir sínar um verkefni félagsins næstu árin. Ýmislegt áhugavert kom út úr því og ákveðið að endurtaka leikinn að ári.

Nokkuð var rætt í stjórn um 50 ára afmæli félagsins sem er í apríl 2015 og ákveðið að hefja markvissan undirbúning þess merka áfanga. Búið er að koma öllum videóspólum klúbbsins yfir á DVD diska. Einnig er búið að fá sýningartíma hjá Listasafni Ísafjarðar vorið 2015 fyrir 50 ára sögusýningu LL.

Á stjórnarfundi 3. júlí var ákveðið að hauststykki klúbbsins yrði „Kötturinn sem fer sínar eigin leiðir“ eftir Ólaf Hauk Símonarson. Í framhaldi af því var Halldóra Björnsdóttir ráðin leikstjóri. Æfingar hófust laugardaginn 8. september og frumsýnt var laugardaginn 6. október. Sýningar urðu

alls níu. Lokasýning var laugardaginn 3. nóvember. Sýningar gengu nokkuð vel og kom sýningin vonandi út réttu megin við núllið, en styrkur frá ríkinu er ekki kominn.



*Gúttó – Hlegið hátt og dansað dátt í 40 ár*

Þar sem fjárhagurinn var bágur var ákveðið að vorverkefnið yrði sem mest unnið af LL-félögum og öðrum sem vildu leggja okkur lið. Því var farið í að semja og setja upp blandaða dagskrá um böllin í Gúttó og hlaut það nafnið „Gúttó – Hlegið hátt og dansað dátt í 40 ár“. Allt var gert í anda áhugaleikfélaganna og ekki króna greidd í laun til þeirra sem þátt tóku. Frumsýnt var laugardaginn 23. mars. Sýningar urðu fimm, lokasýning var föstudaginn 5. apríl. Þetta var gott fyrir budduna og eigum við nú rúma milljón í sjóði.

Sótt var um styrk til Menningaráðs Vestfjarða vegna námskeiðafernu sem skipulögð hefur verið á þessu ári og því næsta. Við fengum kr. 150.000 frá menningaráðinu og því verður fyrsta námskeiðið sennilega í lok ágúst og verður það ljósanámskeið. Benedikt Axelsson ljósaönnuður ætlar að halda það námskeið.

## Snúður og Snælda, Reykjavík

### Bland í poka

Höfundar: Félagar í Snúði og Snældu

Leikstjóri: Bjarni Ingvarsson

Sýningafjöldi: 3  
Þátttakendur: 13  
Áhorfendafjöldi: 255



*Ráðabruggið*

### Ráðabruggið

Höfundur: Sesselja Pálsdóttir

Leikstjóri: Bjarni Ingvarsson

Sýningafjöldi: 11

Þátttakendur: 11

Áhorfendafjöldi: 506

### Skýrsla stjórnar

Aðalfundur Leikfélagsins Snúðs og Snældu haldinn að Stangarhyl 4, 17. maí, 2013, kl. 14.30.

Í stjórn eru:

Hörður S. Óskarsson, formaður

Gunnar Helgason, varaformaður

Aðalheiður Sigurjónsdóttir, gjaldkeri

Björg Aðalsteinsdóttir, ritari

Sigríður Helgadóttir, meðstjórnandi

Magnús H. Ólafsson og Theódór Halldórsson, varamenn



*Bland í poka*

Haldnir voru átta stjórnarfundir og rædd hagsmunamál félagsins t.d. fjárhagsáætlun fyrir vetrarstarfið.

Æfingar byrjuðu í nóvember á nýju verki eftir Sesselju Pálsdóttur sem hét Laxnessleikur og Ráðabugg. Vegna veikinda var hætt við Laxnessleikinn, en með hjálp okkar frábæra leikstjóra Bjarna Ingvarssonar var spunninn upp skemmtipáttur sem fékk nafnið „Bland í poka“. Frumsýnt var 16. febrúar í Iðnó og urðu sýningar þar fjórar. Farið var út á land að Hótel Örk Hvergagerði og sýnt á Sparidögum einu sinni í viku, á þriðjudögum, alls sjö sýningar. Alls sóttu 701 gestir þessar sýningar. Þá fór leikfélagið með

leiksýningar í félagsmiðstöðvar: Hrafnistu í Reykjavík, Hrafnistu í Hafnarfirði og Seljahlíð, samtals þrjár sýningar. Námskeið í framsögn var haldið á haustdögum, leiðbeinandi var Bjarni Ingvarsson og tóku tólf manns þátt. Styrkur frá Reykjavíkurborg féll niður og var borgarstjóra sent bréf þar sem óskað var eftir viðtali við hann en því miður var því ekki svarað.

Mikil vinna er að baki hverri sýningu eða allt að 6–7 mánuðir. Ég vil þakka öllum sem hafa lagt hönd á plóginn, leikurum og öðru starfsfólki fyrir óeigingjarnt starf, það er afar dapurt hve illa sóttar sýningar félagsins eru. Alls voru ellefu manns sem tóku þátt í sýningunum í vetur þar af eru fjórir nýir sem við fögnum sérstaklega. Einnig vil ég þakka Rakel fyrir það framtak, að fá dansfélaga sína til liðs við okkur, en þær Ingunn og Svava bættust í hópinn á síðustu fimm sýningum með línudans, sem var alveg frábært framlag. Sérstaklega þökkum við leikstjóranum Bjarna Ingvarssyni sem bjargaði því sem bjargað varð, þegar allt fór í hönk. Lokahóf félagsins var 19. apríl í lðnó og var það afar vel heppnað með mat og skemmtiefni. Við endum svo leikárið með útgáfu bókar um 20 ára sögu Snúðs og Snældu.

*Hörður S. Óskarsson, formaður*

## Stúdentaleikhúsið, Reykjavík



AUKA

### AUKA

Höfundar: Bjartmar Þórðarson og leikhópurinn

Leikstjóri: Bjartmar Þórðarson

Sýningafjöldi: 9

Þátttakendur: 15

Áhorfendafjöldi: 260

### Nashyrningarnir

Höfundur: Eugène Ionesco

Leikstjóri: Árni Kristjánsson

Sýningafjöldi: 8

Þátttakendur: 26

Áhorfendafjöldi: 410

### Skýrsla stjórnar

Stjórn Stúdentaleikhússins leikárið 2012 - 2013 skipa:

Árný Fjóra Ásmundsdóttir

Hallfríður Þóra Tryggvadóttir

Sigurlaug Sara Gunnarsdóttir

Sóley Linda Egilsdóttir

Sólveig Ásta Sigurðardóttir

Leikárið 2012 til 2013 hefur Stúdentaleikhúsið sett upp tvær leiksýningar. Starfið hófst í júní 2012 en þá voru leikstjórar vetrarins ráðnir og hugmyndavinna fór af stað. Norðurlóllinn og Hitt húsið voru bókuð fyrir æfingar og sýningar. Námskeið haustannar hófst með kynningarfundi 3. september og fylgdi í kjölfarið fimm daga leiklistarnámskeið. Tæplega fimmtíu sóttu námskeiðið og voru að lokum valdir sextán í leikhópin.



Nashyrningarnir

Haustið 2012 setti Stúdentaleikhúsið upp Nashyrningana eftir franska skáldið Eugene Ionesco í leikstjórn Árna Kristjánssonar. Nashyrningarnir er eitt þekktasta verk absúrdleikhússins og var þarna sýnt í fyrsta sinn á Íslandi í 23 ár. Frumsýnt var þann 16. nóvember í Norðurlóllinum. Verkið fjallar um lítinn bæ þar sem bæjarbúar tapa mennsku sinni og breytast í nashyrninga, einhyrnda eða tvíhyrnda. Rökhugsun, tungumál og náungakærleikur hverfur úr bænum en við tekur traðkandi taktur nashyrninganna. Leikhópurinn samanstóð af 16 einstaklingum en með aðalhlutverk fóru Hilda Hrönn Guðmundsdóttir sem Berglind, Alexander Dantes Erlendsson í hlutverki Jóns og Matthías Sigurbjörnsson í hlutverki Daniéls. Leikhópurinn vann hörðum höndum og átti stóran þátt meðal annars í sköpun leikmynda og búninga. Árný Fjóra Ásmundsdóttir var aðstoðarleikstjóri en hún sá einnig um lýsingu ásamt þeim Frimanni Kjerúlf, Óskari Þór Hauksyni og leikstjóranum Árna Kristjánssyni. Í sýningunni var frumsamin tónlist Daða Freys Péturssonar. Urðu sýningar átta talsins í heildina og fékk sýningin umfjöllun í flestum fjölmiðlum landsins og gagnrýni í Víðsjá.

Á vormisseri var Bjartmar Þórðarson ráðinn leikstjóri og þá var stefnan tekin í aðra átt. Eftir leiklistarnámskeið sem haldið var í Hinu húsinu og sextíu manns sóttu var ákveðið 8 manna leikhópur sem réðist í að taka að sér það stóra verkefni að skapa „devised“ sýningu. Sköpunarferlið hófst í æfingarsal Hins Hússins og í tónleikarými skemmtistaðarins Volta. Stefnt var að því að sýna á Volta að kostnaðarlausu en vegna hljóðmengunar frá skemmtistöðum í kring þurftum við að færa okkur yfir í húsakynni Norðurlóllsins skömmu fyrir frumsýningu. Sköpunarferlið bar ávöxt og var gamansama spunasýningin AUKA frumsýnd 4. apríl. Tvær sýningar fóru fram sama kvöld og voru gleðitár og hlátrasköll allsráðandi meðal áhorfenda. Leikhóp Stúdentaleikhússins á vorönn skipuðu



Þau Andrés Pétur Þorvaldsson, Ari Freyr Ísfeld Óskarsson, Gunnar Smári Jóhannesson, Ingvar Örn Arngjörsson, Iona Sjöfn Huntington-Williams, Laufey Haraldsdóttir, María Dögg Nelson og Þuríður Davíðsdóttir. Sýningin var síðasta uppfærslan í húsnæði Norðurpólsins að Sefgördum 3 en leikhúsið missir húsnæði sitt í byrjun sumars.

Markmið stjórnarinnar var í upphafi leikárs að skora á sjálfa sig og verðandi leikhópa með uppfærslu tveggja mjög ólíkra leiksýninga. Þegar litið er til baka má með sannni segja að því markmiði hafi verið náð því í ár komu margir hæfileikaríkir og skapandi einstaklingar að verkefnum Stúdentaleikhússins sem gerðu markmiðið að veruleika. Sýningarnar, Nashyrningarnir og AUKA voru ólíkar, báðar sýningar vel sóttar og fengu mikið lof leikhúsgesta. Stjórn Stúdentaleikhússins getur því með stolti stigið til hliðar og óskar nýrri stjórn góðs gengis á komandi leikhúsári.

*Stjórn Stúdentaleikhússins 2012-2013*

## Umf. Biskupstungna, Bláskógarbyggð

### Skýrsla stjórnar

Stjórn leikdeildar:

Camilla G. Ólafsdóttir, formaður

Guðný Rósa Magnúsdóttir, gjaldkeri

Egill Jónasson, ritari

Viðburðarlítið ár hjá félaginu þar sem við höfum haldið í þá hefð að sýna annað hvert ár, þó með undantekningum. Aðalfundur var haldin 21. mars og var stjórn endurkjörin. Ungmennafélag Biskupstungna gaf út sögu félagsins og þar sem leikdeildin skipar stóran sess í þeirri sögu var ákveðið að styrkja útgáfuna bæði með upplýsingaöflun og fjárframlagi vegna góðrar afkomu undangenginna ára hjá leikdeildinni.

Útgáfuhólf var haldið í tilefni að útgáfu bókarinnar og við það tilefni voru ritari deildarinnar Egill Jónasson og gjaldkerinn okkar Guðný Rósa Magnúsdóttir gerðir að heiðursfélögum ungmennafélagsins fyrir vel unnin störf í þágu þess, en þau hafa setið í stjórn leikdeildarinnar samfelldt í meira en 20 ár og tekið þátt í ótal uppfærslum.

Einn af okkar dyggustu félögum óskaði eftir styrk til að fara í Leiklistarskólann að Húnavöllum sl. vor, stjórnin ákvað að styrkja hana um námskeiðsgjaldið gegn því að hún miðlaði af reynslu sinni til okkar hinna.

*Egill Jónasson, ritari*

## Umf. Íslendingur, leikdeild, Hvanneyri

### Smáborgarabréðkaup

Höfundur: Bertold Brecht

Leikstjóri: Ingrid Jónsdóttir

Sýningafjöldi: 9

Þátttakendur: 26

Áhorfendafjöldi: 350

### Skýrsla stjórnar

Í leiknefnd leikárið 2012-2013 voru:

Rósa Marinósdóttir, formaður

Hafdís Ósk Jónsdóttir

Valdimar Reynisson



*Smáborgarabréðkaup*

Starfsemi leiknefndar Ungmennafélagsins Íslendinga var með hefðbundnu sniði leikárið 2012-2013. Í ágúst var farið að huga að leikriti því nú var árið sem leiknefndin ætlaði að setja upp leiksýningu. Ráðinn var leikstjóri, Ingrid Jónsdóttir, sem kom til okkar í byrjun september og í samráði við hana var leikverk valið. Hún seldi nefndinni hugmyndina um að setja upp leikritið Smáborgarabréðkaup eftir Bertholt Brecht. Við ákváðum að sýna verkið inn á milli áhorfenda eins og áhorfendur væru gestir í brúðkaupinu. Fengnir voru leikarar, sumir höfðu leikið áður en aðrir aldrei. Þriggja manna hljómsveit var fengin og voru það piltar úr Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri auk eins bóndasonar úr Lundareykjadal. Æfingar stóðu í 6 vikur og var frumsýnt 9. nóvember og gerðu áhorfendur góðan róm að sýningunni.

Það olli miklum vonbrigðum hve aðsóknin að sýningunni var dræm, í heildina kom hún út með stórtapi. Leikarar og aðrir sem að sýningunni komu unnu sitt verk með miklum ágætum svo ekki er þeim um að kenna hve aðsóknin var dræm. Við erum búin að hugsa hvort þetta hafi verið árstíminn en við höfum alltaf sett upp leiksýningu á þessum tíma. Var það leikritið? Hugsanlega, verk eftir látinn, erlendan höfund, verk sem ekki er mjög þekkt og skrifað fyrir nokkrum áratugum, þótt leikhópurinn hafi staðfært verkið nokkuð. Leiknefndin hugsar sitt ráð fyrir næsta leikrit sem væntanlega verður sett upp 2014. Ég vil fyrir hönd leiknefndar þakka öllum sem að verkinu komu kærlega fyrir þeirra framlag.

Annað verkefni sem leiknefndin hefur alltaf með höndum er Jónsmessuhátið sem haldin er upp á Hesthálsi á gróinni flöt sem heitir Mannamótsflöt. Búið er að halda þessa skemmtun þar til fjölda ára. Farið er í leiki og haldin brenna. Ekki er alveg vitað hvort við fáum að halda brennu þetta árið vegna sinubruna sem voru í Skorradalnum í vor.

*Rósa Marinósdóttir*

## Umf. Efling, leikdeild, Reykjadal

### Skýrsla stjórnar

Leiknefnd fór seint af stað þetta árið, hamfaraveðrið í september setti strik í reikninginn og tók sinn toll af fólki. Leiknefnd fundaði því fyrst rétt fyrir jól og ákveðið var að halda almennan fund í janúar og kanna áhuga fólks og skoða leikrit og leikstjóra í framhaldi af því.

Á fundinn mættu 47 manns auk stjórnar og flestir höfðu áhuga á að stíga á svið. Leiknefnd hófst handa við að reyna að finna leikrit við hæfi og leikstjóra en það tókst ekki og ákveðið var að hvíla leiklist þetta árið.

Leiknefnd Eflingar veturinn 2012-2013 skipuðu þau Freydís Anna Arngrímsdóttir formaður, Járnbrá Björg Jónsdóttir og Ólafur Ólafsson.

*Freydís Anna og Járnbrá Björg*

## Umf. Reykdæla, leikdeild, Reykholti



*Bar par*

### Bar par

Höfundur: Jim Cartwright

Leikstjóri: Þröstur Guðbjartsson

Sýningafjöldi: 5

Þátttakendur: 13

Áhorfendafjöldi: 233

### Sefsláin

Höfundur: Ása Hlín Svavarsdóttir

Leikstjóri: Jón Pétursson

Sýningafjöldi: 1

Þátttakendur: 8

Áhorfendafjöldi: 80

### Skýrsla stjórnar

Leiknefnd skipuðu:

Katrín Eiðsdóttir

Guðmundur Pétursson

Kristleifur Jónsson

Nefndin tók formlega til starfa í janúar en búið var að ráða leikstjórann seint á árinu 2012. Var Þröstur Guðbjartsson fenginn til þess að leikstýra. Er þetta þriðja árið í röð sem hann leikstýrir hjá leikdeild Umf. Reykdæla.

Ákveðið var að taka fyrir leikritið Bar Par eftir Jim Cartwright. Leikritið er skrifað fyrir tvo leikendur en fjöldi persóna kemur fram í því. Tóku 12 leikarar þátt en hlutverkin voru 16 í uppsetningunni. Æfingar fóru vel af stað og gengu vonum framar. Vel gekk að setja í hlutverk og skipulag æfinga var til fyrirmyndar eins og áður hefur verið hjá honum Þresti. Hann hefur ávallt reynt að setja upp æfingaplanið svo henti flestum og sem fæstir sitji og bíði. Seinustu vikuna fyrir frumsýningu voru svo settar af stað rennslisæfingar. Æfingar hófust um miðjan janúar og var frumsýnt föstudaginn 1. mars. Sýndar voru 5 sýningar og lauk sýningum fyrir páska.

## Umf. Skallagrímur, leikdeild, Borgarnesi



*Nanna systir*

### Nanna systir

Höfundar: Einar Kárason og Kjartan Ragnarsson

Leikstjóri: Rúnar Guðbrandsson

Sýningafjöldi: 10

Þátttakendur: 25

Áhorfendafjöldi: 337

### Skýrsla stjórnar

Í október 2012 var fyrsti samlestur þar sem ákveðið var að setja upp leikritið Nanna systir, gamanleik eftir Kjartan Ragnarsson og Einar Kárason. Rúnar Guðbrandsson var leikstjórinn okkar í þessari uppfærslu. Leikritið var sett upp í félagsheimilinu Lyngbrekku eins og síðustu ár og alls tóku tíu leikarar þátt í uppfærslunni.

Í upphafi var æft í Félagsbæ 2-3 sinnum í viku en þegar leið á æfingartímann fluttum við okkur í Lyngbrekku til að komast á sviðið. Í desember var síðan byrjað að koma upp leikmynd, ljósum og finna leikmuni. Í janúar var æft á hverju kvöldi fram að frumsýningu sem var 11. janúar 2013. Sýndum við tíu sinnum með misgóðri aðsókn en allir sem komu voru mjög ánægðir með þessa frábæru sýningu.

*Önnur félög voru ýmist ekki með starfsemi á leikárinu og eða skiluðu ekki árskýrslu.*

## Námskeið í stjórnun leikfélaga



*Aðsókn á námskeiðið var með ágætum.*

Laugardaginn 29. september 2012 stóð Bandalag íslenskra leikfélaga fyrir námskeiði í stjórnun áhugaleikfélaga í Bæjarleikhúsinu í Mosfellsbæ. Alls sóttu 26 manns frá 13 leikfélögum námskeiðið sem tókst í alla staði hið besta. Fyrirlesarar komu úr röðum stjórnar og starfsmanna Bandalagsins auk þess sem Kristín Elfa Ragnarsdóttir frá auglýsingastofunni TBWA/Pipar kynnti möguleika í markaðssetningu með samfélagsmiðlum.

Farið var yfir eftirtalda þætti í stjórnun leikfélaga:

- \* Verkaskipting stjórna, skipurit, hlutverk hvers stjórnarmanns – Guðfinna Gunnarsdóttir
- \* Lög leikfélaga – Þorgeir Tryggvason
- \* Fjármál; bókhald og styrkumsóknir – Vilborg Valgarðsdóttir
- \* Markaðssetning, notkun samfélagsmiðla – Kristín Elfa Ragnarsdóttir
- \* Leiklistarvefurinn – Ármann Guðmundsson
- \* Þátttaka í erlendu samstarfi – Þorgeir Tryggvason
- \* Samskipti við leikstjóra – Halldór Sigurgeirsson
- \* Ársrit Bandalags íslenskra leikfélaga – Ármann Guðmundsson
- \* Samvinna/samstarf og samningar leikfélaga og sveitarfélaga – Ólöf Þórðardóttir
- \* Samvinna milli leikfélaga – Halldór Sigurgeirsson



*Þorgeir Tryggvason kynnti lög Bandalagsins og samstarf við erlendu leikfélög fyrir námskeiðsgestum.*



*Kristín Elfa Ragnarsdóttir fræddi viðstadda um þá möguleika sem samfélagsmiðlar bjóða upp á í markaðs- og kynningarmálum.*

# Athyglisverðasta áhugaleiksýning leikársins 2012-2013



Leikfélög Ólafsfjarðar og Siglufjarðar ásamt leikstjóra fyrir framan Þjóðleikhúsið, 30 mínútum fyrir sýningu.

Samvinnuverkefni Leikfélags Ólafsfjarðar og Leikfélags Siglufjarðar, Stöngin inn var valin Athyglisverðasta áhugaleiksýning ársins 2013 af valnefnd Þjóðleikhússins. Fulltrúi Þjóðleikhússins, Þórhallur Sigurðsson, tilkynnti niðurstöðuna á aðalfundi Bandalagsins sem haldinn var í Logalandi í Borgarfirði. Stöngin inn er eftir Guðmund Ólafsson sem jafnframt leikstýrði.

### Greinargerð valnefndar:

Val Þjóðleikhússins á athyglisverðustu áhugaleiksýningu leikársins hefur nú farið fram í tuttugasta sinn. Að þessu sinni sóttu alls sautján leikfélög um að koma til greina við valið, með jafn margar sýningar. Það var afar ánægjulegt að skoða þessar fjölbreyttu sýningar, víðsvegar að af landinu og verða enn á ný vitni að gróskunni í starfi áhugaleikfélaganna. Til þess að gæta jafnræðis milli leikfélaganna voru allar sýningar skoðaðar af upptöku á DVD, og rétt er að nota tækifærið og minna á mikilvægi þess að mynd- og hljóðgæði séu nægileg.

Í dómnefnd í ár sátu Tinna Gunnlaugsdóttir þjóðleikhússtjóri, Melkorka Tekla Ólafsdóttir, leiklistarráðunatur Þjóðleikhússins og leikararnir Edda Arnljótsdóttir og Ævar Þór Benediktsson.

Eftirtalin leikfélög sóttu um með þessar sýningar:

### 1. Borgarbörn, barna- og unglíngaleikhús

Jólaeivintýrið eftir Erlu Ruth Harðardóttur sem jafnframt leikstýrir. Í Jólaeivintýrinu fá fjölmörg börn fá að njóta sín vel í söng og dansi og taka út mikinn þroska á sviði leiklistarinnar.

### 2. Freyvangsleikhúsið

Dagatalsdömunar eftir Tim Firth. Leikstjóri Sigrún Valbergisdóttir. Félagar í Freyvangsleikhúsinu skila vel bæði gamansemi og dramatík í þessu mikilvæga verki.

### 3. Halaleikhópurinn

Rympa á ruslahaugnum eftir Herdís Egilsdóttur. Leikstjóri Herdís Ragna Þorgeirsdóttir. Halaleikhópurinn gæðir þetta verk, sem miðlar á skemmtilegan hátt góðum boðskap, einstöku lífi. Leikhópurinn stóð sig vel og það gerði líka hinn bráðskemmtilegi ruslahaugur!

### 4. Leikdeild Ungmennafélags Gnúpverja

Saumastofan eftir Kjartan Ragnarsson. Leikstjóri Svandís Dóra Einarisdóttir. Félagar í leikdeildinni skiluðu líflegri

sýningu á leikritinu, sem má segja að sé orðið sigilt í íslensku áhugaleikhúsi.

#### 5. Leikfélag Dalvíkur

Eyrnalangir og annað fólk eftir Kristínu og lðunni Steinsdætur. Leikstjóri Saga Jónsdóttir. Mikill kraftur og leikgleði einkenndi þessa hressilegu og skemmtilegu sýningu fyrir alla fjölskylduna, sem vekur til umhugsunar um ýmsa mikilvæga hluti.

#### 6. Leikfélag Fljótshéraðs og Leikfélag Menntaskólans á Egilsstöðum

Kardemommubærinn eftir Thorbjörn Egner. Leikstjóri Gunnar Björn Guðmundsson. Gaman var að sjá þennan stóra hóp af ungu fólki skila vel hinu kunna leikriti Egners, í fallegri leikmynd.

#### 7. Leikfélag Hafnarfjarðar

Sjóræningjaprinsessan eftir Ármann Guðmundsson. Leikstjóri Lárus Vilhjálmsson. Leikfélag Hafnarfjarðar sýndi kraftmikla sýningu á þessu skemmtilega verki.

#### 8. Leikfélag Hörgdæla

Djárninn á Myrká eftir Jón Gunnar Þórðarson sem jafnframt leikstjóri. Leikfélag Hörgdæla setti á svið afar metnaðarfulla sýningu þar sem skáldað var upp úr hinni kunnu þjóðsögu úr héraðinu og mikið lagt í umgjörð og tónlist.

#### 9. Leikfélag Keflavíkur

Með vífið í lúkunum eftir Ray Cooney. Leikstjóri Oddur Bjarni Þorkelsson. Leikfélag Keflavíkur sýndi fjöruga sýningu á þessum kunna gamanleik.

#### 10. Leikfélag Kópavogs

Gutti og félagar eftir Örn Alexandersson sem jafnframt leikstjóri. Leikfélag Kópavogs frumflutti hér nýtt verk fyrir börn, þar sem skemmtilega var unnið með efni eftir Stefán Jónsson.

#### 11. Leikfélag Mosfellssveitar

Kánrý Mos eftir Maríu Guðmundsdóttur. Leikstjóri Þórunn Lárusdóttir. Leikfélag Mosfellssveitar sýndi fjörukt verk sem samið var sérstaklega fyrir félagið og félagar nutu sín vel í leik og tónlistarflutningi.

#### 12. Leikfélag Ólafsfjarðar og Leikfélag Siglufjarðar

Stöngin inn eftir Guðmund Ólafsson sem jafnframt leikstjóri. Hin nýsameinuðu leikfélög í Fjallabyggð fluttu af krafti nýtt og bráðskemmtilegt gamanleikrit.

#### 13. Leikfélag Sauðárkróks

Tifar tímans hjól eftir Guðbrand Ægi Ásbjörnsson og Árna Gunnarsson. Leikstjóri Guðbrandur Ægir Ásbjörnsson. Leikfélag Sauðárkróks sinnir frumsköpun af miklum metnaði í þessu nýja verki með skemmtilegri tónlist eftir Geirmund Valtýsson.

#### 14. Leikfélag Selfoss

Þrek og tár eftir Ólaf Hauk Símonarson. Leikstjóri Lilja Nótt Þórarinsdóttir. Leikfélag Selfoss setti upp skemmtilega sýningu á þessu vinsæla verki.

#### 15. Leikfélag Vestmannaeyja

Grease eftir Warren Casey og Jim Jacobs. Leikstjóri Ágústa Skúladóttir. Leikfélag Vestmannaeyja setti upp fjöruga sýningu á þessum margreynda söngleik, þar sem leikarar, tónlist, dansar og lýsing nutu sín vel þrátt fyrir smáð rýmisisins.

#### 16. Leikfélag Ölfuss

Rummungur ræningi eftir Otfried Preussler. Leikstjóri Ármann Guðmundsson. Sýning Leikfélags Ölfuss er sýning með stórt hjarta, en hún einkenndist af mikilli hlýju og leikararnir sátu vel í hlutverkum sínum.

#### 17. Stúdentaleikhúsið

Nashyrningarnir eftir Eugene Ionesco. Leikstjóri Árni Kristjánsson. Sýning Stúdentaleikhússins á þessu merklingarþrungna verki var myndræn og kraftmikil og vel var unnið með líkamsbeitingu leikara.

Dómnefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu að velja að þessu sinni sem athyglisverðustu áhugaleiksýningu leikársins 2012-2013 sýningu Leikfélags Ólafsfjarðar og Leikfélags Siglufjarðar á Stöngin inn.

#### Umsögn dómnefndar um sýninguna:

Leikfélag Ólafsfjarðar og Leikfélag Siglufjarðar sameinuðu krafta sína í uppsetningunni á þessu skemmtilega nýja íslenska verki eftir Guðmund Ólafsson með frábærum árangri. Það er greinilega mikill kraftur í hinum sameinuðu leikfélögum, sem láta sig ekki muna um að brjótast í gegnum skaflana í Héðinsfirði til að skapa skemmtilega og fjöruga leiklist sem hefur hitt rækilega í mark í heima-héraði.

Leikritið vísar í forngríska gamanleikinn Lýsiströtu þar sem konurnar reyna að fá karlana til að láta af stríðsrekstri með því að setja þá í kynlífsbann, en hér eru það konurnar í litlu bæjarfélagi sem freista þess að fá karlana til að sýna sér meiri athygli, og hætta að horfa á fótbolta í tíma og ótíma, með kynsvelti. Hugmyndin virkar þrælvel og er vel heppnað og gamansamt innlegg í umræðuna um samskipti kynjanna.

Verkið hentar leikhópnum vel, leikgleðin er mikil og leikararnir ná að móta bráðskemmtilegar persónur. Skýr framsögn, góð tilfinning fyrir tímasetningum og ákveðin hlýja gagnvart persónunum og viðfangsefninu skilar bráðfyndinni og skemmtilegri leiksýningu.

Þjóðleikhúsið óskar leikfélögum á Siglufirði og Ólafsfirði til hamingju og býður þeim að koma og sýna Stöngin inn á Stóra sviði Þjóðleikhússins sunnudagskvöldið 16. júní.

# Frá Kópavogi til Rokiskis

Leiklistarhátíðin Interampa í Rokiskis í Litháen í október 2012



Leikhópur og leikstjóri að lokinni sýningu í Rokiskis

Sextán manna hópur frá Leikfélagi Kópavogs hélt í viking dagana 18.–22. október 2012 á leiklistarhátíðina Interampa í Rokiskis í Litháen. Sýningin sem þar var sýnd var Hringurinn e. Hrefnu Friðriksdóttur sem valin hafði verið Athyglisverðasta áhugaleiksyning ársins af dómnefnd Þjóðleikhússins fyrir árinu. Tólf leikarar ásamt stjórnendum og aðstoðarfólki tóku þátt.

Flogið var frá Íslandi að morgni 17. október til Kaupmannahafnar, þaðan sem flogið var til Riga í Lettlandi. Hópurinn lenti þar seint um kvöld og steig um borð í langferðabíl sem ók yfir landamærin til Rokiskis í Litháen, þar sem komið var á áfangastað seint um nótt. Gististaðurinn var nýlegt gistiheimili í göngufæri frá leikhúsinu þar sem leiklistarhátíðin fór fram og aðstaðan með ágætasta móti miðað við það sem reyndir hundar í hópnum þekktu af fyrri ferðum.

Rokiskis er bær í norðaustur hluta Litháen þar sem búa um 17.000 manns og sennilega rúmlega tvöfalt það í héraðinu öllu. Rokiskis-hérað er landbúnaðarhérað og m.a. þekkt fyrir ostagerð en einnig fyrir líflégt leiklistarstarf og leiklistarhátíðin Interampa hefur verið haldin þar um 12 ára skeið. Undirritaður kom til Rokiskis á Interampa árið 2007 og það verður að segjast að gríðarleg umbreyting hefur orðið á bænum. Besta dæmið er leikhúsið sjálft

sem var byggt í stöðluðum stíl sovéskra leikhúsa 6. og 7. áratugarins og var orðið ansi lúíð og niðurnítt árið 2007. Grár og óaðlaðandi steypuklumpurinn árið 2007, þar sem steypan var farin að molna af veggjunum hafði breyst í glæsilegt hvítmálað leikhús og stóri og drungalegi leikhússalurinn hafði breyst í aðlaðandi, nútímalegan sal. Í öðru rými hússins hafði verið byggð lítill black-box sena með sætum fyrir yfir hundrað manns og auk þess voru búningsherbergi uppgerð og ýmis önnur rými til staðar fyrir æfingar og kennslu auk skrifstofurýmis.

Fararstjórum erlendu leikhópanna var boðið í móttöku hjá bæjarstjóra þar sem einnig var að finna menningarfulltrúa bæjarins auk fleiri embættismanna. Heimamenn sögðu frá bænum og var auðheyrt að þeir voru stoltir af þeim miklu framförum sem orðið höfðu undanfarin ár. Í ljós kom að það mátti að mestu leyti þakka styrkjum frá Evrópusambandinu sem Litháar hafa fengið í kjölfar inngöngu í sambandið.

Við sýndum að eigin ósk í svartkassanum enda töldum við hann henta Hringnum betur. Okkur var vel tekið en eins og stundum má velta því fyrir sér hversu mikið af efninu skilaði sér til áhorfenda. Það gladdi okkur einnig mjög að gamlir vinir leikfélagsins, þau Valdas og Zvivilé frá leikfélaginu í Jonava, sem hafði boðið félaginu með



Langferðabifreiðinni bjargað úr drullusvaðinu.



Næring að lokinni sýningu.



Í Vilníus að lokinni leiklistarhátíð.



Á herragarðinum í Rokiskis.



Ein af ófáum veitingastaðaferðum í Vilníus.



Zvivilé og Valdas frá Jonava.

Grimms á hátíð árið 2003, mættu á sýninguna og færðu okkur ýmislegt gómsætt að gjöf. Hátíðir sem þessar eru ekki einasta mikil skemmtun heldur hafa þær einnig skapað langvarandi vináttubönd.

Á hátíðinni voru auk okkar, leikhópar frá Hollandi, Armeníu og einnig fjölpjódlegur hópur leikara frá Póllandi, Rússlandi og Litháen. Sýningarnar voru upp og ofan, sumar mikil textaverk sem héldu illa athygli en inn á milli skemmtilegar sýningar. Sú eftirminnilegasta var án efa sú Armenska sem var afar sjónræn útgáfa af Vinnukonum Jean Genets. Þrjár leikkonur sýndu afar vel útfærðan stíliseraðan leik og dans í takt við háværa en áhrifamikla tónlist. Verkið var sýnt á palli sem reistur hafði verið á stóra sviðinu þar sem áhorfendur sátu einnig. Í lok verksins opnaðist pallurinn og reyndist fullur af vatni sem var skemmtilega nýtt og voru einhverjir á fremri bekkjum ögn rakari eftir sýningu.

Þegar ekki voru sýningar á hátíðinni höfðu verið skipulagðar fyrir okkur ýmsar ferðir. T.d. fórum við í mikla ævintýraferð á nokkurskonar Árbæjarsafn sem var þó eingöngu 3–4 hús sem gáfu skemmtilega mynd af lífi sveitafólks á árum áður. Það áhugaverðasta var þó bílferðin sjálf því leiðsögumaðurinn og bílstjórinn höfðu ekki hugmynd um hvert átti að fara og var m.a. komið við á

afskekktum bæjum til að spyrja vegar. Hámarkið var þegar langferðabifreiðin festist í drullusvaði og farþegarnir þurftu að leggjast á eitt að koma henni af stað aftur. Þá fórum við einnig í heimsókn á Herragarðinn í Rokiskis sem er afar glæsileg bygging þar sem fræðast má um sögu Litháen og héraðsins auk þess sem skoða má mögnuð trélistaverk.

Eitthvað var um félagslegar athafnir sem teygðust fram á nótt og stendur sjálfsagt upp úr þegar allur íslenski hópurinn auk þess hollenska, svo ekki sé nú minnst á vinkonu okkar Inguna frá Lettlandi, supu saman, sungust á og spjölluðu fram eftir. Varð þar úr mikil og alþjóðleg gleði sem lifir í minningunni. Lokakvöld hátíðarinnar fór fram á sveitakrá einni mikilli þar sem sumir smelltu sér í afar sérstakan heitan pott og sána auk þess sem þeir hörðustu skelltu sér til sunds í vatninu. Síðan dönsuðu ýmsir af sér hælana en þó enginn eins og ljósamaðurinn sem vakti alþjóðlega eftirtekt fyrir expressjónískan dans sinn.

Að lokinni hátíð eyddi stærstur hluti hópsins tveimur dögum í höfuðborginni Vilníus þaðan sem ferðalangarnir héldu afar sælir heim á leið með yndislegar minningar frá þeirri vinalegu þjóð Litháum.

*Hörður Sigurðarson*

## NEATA-Youth í Sønderborg



*Hrúga af ungmennum.*



*Eru himnarnir að hrynjja?*



*Þetta tungumál skilja allir.*

NEATA-Youth er hópur af ungu fólki á aldrinum 18–25 ára sem kemur saman til að búa til leiksýningu. NEATA-Youth vinnur aðallega í kringum NEATA-leiklistarhátíðina sem haldnar eru annað hvert ár en reynir einnig að finna önnur verkefni árið á milli hátíða. Stjórn NEATA-Youth samanstendur af níu fulltrúum, einum frá hverju NEATA-landanna. Þessir fulltrúar sjá um að safna styrkjum fyrir verkefnum. Þeir sjá einnig um að velja fólk frá sínu landi til þess að taka þátt í verkefnum.

Planið fyrir verkefnið í Sønderborg var að finna þrjá aðila, að meðtöldum fulltrúa landsins, til þess að taka þátt í leiksmiðju sem NEATA-Youth myndi halda vikuna fyrir NEATA-hátíðina sjálfa. Þessi hópur af fólki myndi svo ásamt atvinnuleikstjóra búa til verk sem yrði sýnt á hátíðinni. Þetta var í fyrsta skipti sem þetta fyrirkomulag var reynt og að mínu mati þá heppnaðist það mjög vel.

Það tókst að fá 2-3 þátttakendur frá Íslandi, Færeyjum, Danmörku, Finnlandi, Eistlandi, Litháen, Svíþjóð, Lettlandi en enginn fulltrúi var frá Noregi í þetta skiptið. Þess má geta að meðan á hátíðinni stóð tókst að finna fulltrúa frá Noregi en þaðan hafði til skamms tíma enginn NEATA-Youth fulltrúi verið.

Sá sem stýrði vinnunni í leiksmiðjunni heitir Moqi Simon Trolin og er danskur leikstjóri. Sýningin var unnin með vised aðferðinni. Við vildum vinna með okkar eigin tungumál og það hvernig tungumál geta heft okkur - hvað það





Skál!

er mikilvægt að skilja hvort annað. Sýningunni var skipt niður í nokkra þætti, senario eða nokkrar aðstæður, þar sem hver og einn lék á sínu tungumáli og engir tveir samtyngdir léku saman. Í þessum aðstæðum var fólk að reyna að vinna saman án þess að skilja tungumál hvers annars og leysa allskonar vandamál. En í lokin þá sameinuðust allir, það skipti ekki máli hvaða tungumál þeir töluðu, sem sýnir okkur að með vilja er hægt að yfirstíga tungumálavandann. Við erum öll einstaklingar sem glímum við samskonar vandamál.

Samhliða þessu verkefni var annað námskeið í gangi, DigiDelight. Þar var verið að vinna með lýsingu og aðra sviðstækni og samhæfingu allra þessa þátta. Átta af þátttakendum NEATA-Youth tóku einnig þátt í þessu verkefni, komu inn sem leikarar í lokaverkefni námskeiðsins tvo síðustu dagana.

*María Björt Ármannsdóttir*



Já, þetta er minn stóll.



En að lokum hjálpast allir að.

## Culture Across Borders – NEATA-hátíð í Sønderborg, Danmörku



Ísland – Hugleikur, Sá glataði



Færeyjar – Margarín, Kennir tu Magar?



Rúmenía – Osonó Theatre, As water reflects the face

Norður-evrópska áhugaleikhússambandið, NEATA, hélt sína sjöundu opinberu hátíð í Sønderborg á Suður-Jótlandi dagana 31. júlí til 4. ágúst 2012. Hátíðin var að mestu með hefðbundnu sniði, sýningar frá aðildarlöndunum og fleirum, námskeið, gagnrýni, hátíðarklúbbur og fleira.

Fyrir Íslands hönd fór sýning Hugleiks, Sá glataði, sem byggði á dæmisögum úr Biblíunni. Handrit var verk Sigríðar Láru Sigurjónsdóttur í samvinnu við hópinn og leikstjórnann, Ágústu Skúladóttur. Undirritaður sá um að velja og semja tónlist.

Þetta var að mörgu leyti hátíðarvæn sýning, eins og viðtökur gáfu til kynna. Litrík, sjónræn og nóg af músík. Leikmynd kannski ekki sú flutningsvænasta sem um getur og mikið kom það sér vel fyrir okkur að hafa góðan tíma sem opnunarsýning hátíðarinnar, ekki síst þar sem tanntökuvandamál hrjáðu nokkuð tæknilega aðstoð og hjálp frá heimamönnum. Allt blessaðist það nú samt, enda vant fólk með pennsla og skrúfvélar.

Það var víst umtalsverður heiður að hefja leik á þessari hátíð, því danska systurbandalag okkar, DATS, hafði tryggt sér sem verndara hátíðarinnar sjálfa krónprinsessu Danmerkur, hana Marie, sem fyrir vikið var viðstödd sýninguna okkar. Allt látum við nú vera að það hafi miklu breytt fyrir okkur, en það gladdi okkur óneitanlega að tæknitröll hópsins, Jón Örn Bergson, fékk sæti við hlið yfirhirdmeyjar prinsessunnar, en eins og þeir sem þekkja Jón vita er hann talsvert langt frá því að vera okkar „Hofmannlegasti“



Danmörk – Arrieregarden, *Nobody's home*

maður.

Sýningin lukkaðist hið besta og naut sín á stóru sviði Sønderborg Teater. Gagnrýnendur klöppuðu okkur lof í lófa, þó öðrum þeirra þætti bággt að skilja af hverju við værum að fást við þetta gamla efni í stað þess að leika búsáholdabyltinguna! Þar sem önnur hver saga sem tekin var til meðferðar fjallar einmitt um fégræðgi, valdhroka, samlíðan með minnstu bræðrunum og að vera trúr yfir því sem maður ber ábyrgð á, svöruðum við fullum hálsi.

### Sýningar

Það er gott að klára snemma á svona hátíð og geta áhyggju- og stresslaust notið þess sem í boði er. Sýningar hátíðarinnar voru misjafn sauður eins og ævinlega, en tvær munu án efa gerast paulsætnar í leikhúsminninu.

Litháar buðu upp á aldeilis óborganlega trúðaútgáfu af Rómeó og Júlíu. Kornungur hópur með frábæra trúðatækni og allt það „sprúðl“ sem þarf til að leggja hátíðar-gesti að fótum sér. Hryllilega fyndið og snjallt.

Rúmenar, gestasýning frá miðevrópska leiklistarsambandinu voru allt annarsstaðar á rófinu. Einnig ungt fólk þar á ferð, af ungverska minnihlutunum í landinu og sýndu svipmyndir úr daglegu lífi og ömurlegum aðstæðum heima fyrir rækilega studd af tölfraði sem varpað var á tjald við sviðið. Lítið talað en ótrúlega mögnuð nærvera og orka í hópnum gerði mann algerlega



Svíþjóð – Vita pumps



Eistland – Jöelähtme Lava grupp, *A Marriage proposal*



Litháen – Arlekin, Why is love?



Finnland – Ramppi, Hi!&Goodbye



Lettland – Ventspils Theatre, Living water

dolfallinn. Mjög óvenjuleg sýning þar sem innihaldið og listræn alvara þátttakenda var í öndvegi.

#### Unga fólkíð og framtíðartæknin

Þriðja sýningin sem vert er að nefna var afraksturssýning leiksmiðju NEATA Youth – ungliðadeildar samtakanna. Þau höfðu mætt á svæðið nokkru áður en við „gamlingjarnir“ og unnið stíft við sköpun og þjálfun. Útkomuna sýndu þau okkur og var það stórskemmtileg „sketsasýning“, fléttuð saman með kórsöng og fyrirgangi með stóla og líkama. Þarna áttum við Íslendingar tvo fulltrúa, þær Grímu Kristjánsdóttur og Maríu Björt Ármannsdóttur, sem voru landi og þjóð til sóma.

Annað hliðarverkefni hátíðarinnar sem vert er að nefna er DigiDelight – námskeið/málþing um nýjungar í ljósa- og hljóðtækni þar sem stafræn stjórn er nýtt til að samþætta tæknihlið leikhússins. Eitt leikfélag frá hverju aðildarlandi var valið til þátttöku og var Litli leikklúbburinn á Ísafirði okkar fulltrúi. létu þau vel af því sem þarna var boðið upp á.



*Verndari hátíðarinnar, Marie prinsessa, ásamt Dunkelfolket*

### Praktíkin

Aðbúnaður og aðstaða voru öll mjög sómasamleg hjá frændum vorum. Ágætur klúbbur sem NEATA Youth-gengið sá um, prýðilegur matur og ágætis gístaðstaða, þó hún væri reyndar í nokkuð drjúgri göngufjarlægð frá leikhúsunum.

Það er óhætt að mæla með heimsókn á svona hátíð fyrir allt leiklistardellufólk. Næsta hátíð verður 2014 í Porvoo í Finnlandi. Bókið strax!

*Þorgeir Tryggvason*



*Danmörk – Landsbyteatret, Al min sorg og al min glæde*



*Noregur – Verkstedet, Antechamber*

# Stjórnarfundir Bandalags íslenskra leikfélaga

## Stjórnarfundur 6. maí 2012

Stjórnarfundur hjá Bandalagi íslenskra leikfélaga, haldinn 6. maí 2012 í Edinborgarhúsinu á Ísafirði

Mætt: Þorgeir Tryggvason, Guðfinna Gunnarsdóttir, Ólöf Þórðardóttir, Halldór Sigurgeirsson, Þráinn Sigvaldason, Bernharð Arnarson, Ylfa Mist Helgadóttir, Þórvör Embla Guðmundsdóttir, Þrúður Sigurðar, Vilborg Valgarðsdóttir og Ármann Guðmundsson

1. Stjórn skipti með sér verkum. Þorgeir lagði til að Guðfinna yrði áfram varaformaður og Ólöf ritari. Samþykkt.
2. Staðfest dagsetning á úthlutunarfundi, 7.-8. júlí. (Ath. þessu síðar breytt í 23.-24. júní).
3. Rætt um mögulega hækkun á álagningu á förðunarvörum. Vilborg falið að skoða málið.
4. Rætt um halda stjórnarfund úti á landi í október, fyrir námskeiðið í stjórnun leikfélaga.
5. Vilborg lýsti því yfir að hún afsalaði sér launahækkun við árlega endurskoðun launa í sumar, í ljósi fjárhagsstöðunnar.

Fleira ekki rætt.

Fundargerð ritaði Ármann Guðmundsson

## Stjórnarfundur 23. júní 2012

Stjórnarfundur í Bandalagi íslenskra leikfélaga, haldinn að Kleppsmýrarvegi 8 þann 23. júní 2012.

Mætt: Þorgeir Tryggvason, Guðfinna Gunnarsdóttir, Ólöf Þórðardóttir, Halldór Sigurgeirsson, Þráinn Sigvaldason, Þrúður Sigurðar, Magnús J. Magnússon, Vilborg Valgarðsdóttir og Ármann Guðmundsson.

Fundur settur kl. 9.00.

### 1. Úthlutun styrkja fyrir leikárið 2011-12

#### Borgarbörn

Öværuenglar - Umsókn um sérstakt frumkvæði hafnað.

#### Hugleikur

Sá glataði - Umsókn um sérstakt frumkvæði samþykkt vegna umtalsverðrar frumsaminnar tónlistar.

#### Leikfélag Austur Eyfellinga

Litli Kláus og Stóri Kláus - sérstakt frumkvæði veitt vegna endurreisnar leikfélagsins.

#### Leikfélag Bolungarvíkur

Að eilífu - sérstakt frumkvæði veitt vegna endurreisnar leikfélagsins.

#### Leikfélag Hólmavíkur

Með allt á hreinu - Umsókn um frumflutning hafnað.

Skjaldbakan - Umsókn um styrk hafnað þar sem um er að ræða sýningu atvinnumanna.

#### Leikfélag Húsavíkur

Gauragangur - styrk vegna samstarfsverkefnis við fram-

haldsskólaleikfélagið Píramus og Þispu hafnað þar sem sýningin var á vegum framhaldsskólans.

#### Leikfélag Keflavíkur

Með allt á hreinu - Umsókn um frumflutning hafnað.

#### Leikfélag Kópavogs

Hringurinn - Umsókn vegna sérstaks frumkvæðis samþykkt vegna umtalsverðrar frumsaminnar tónlistar.

#### Leikfélag Mosfellssveitar

Verkstæði jólasveinanna - Umsókn um frumflutning hafnað.

#### Leikfélag Patreksfjarðar

Tíu Þjónar og einn í sal - Umsókn um sérstakt frumkvæði hafnað.

#### Leikfélag Rangæinga

Ný byrjun - Umsókn um sérstakt frumkvæði hafnað.

Vodkakúrinn - Umsókn um sérstakt frumkvæði hafnað.

#### Leikfélag Reyðarfjarðar

Í hers höndum - Umsókn um sérstakt frumkvæði hafnað.

#### Leikfélag Seyðisfjarðar

Pelíkaninn - Umsókn um sérstakt frumkvæði hafnað.

#### Leikfélag Sólheima

Kardimommubærinn - Umsókn um sérstakt frumkvæði hafnað.

#### Leikfélag Ölfuss

Himnaríki - Umsókn um sérstakt frumkvæði hafnað.

#### Leikfélagið Peðið

Bjarmaland - Umsókn vegna sérstaks frumkvæðis samþykkt vegna umtalsverðrar frumsaminnar tónlistar.

Ægir, Ægir og Ægir - Umsókn um sérstakt frumkvæði hafnað.

Andakt - Umsókn vegna sérstaks frumkvæðis samþykkt vegna umtalsverðrar frumsaminnar tónlistar.

Lamb fyrir tvo - Umsókn um sérstakt frumkvæði hafnað.

#### Leikfélagið Sýnir

Tristram og Ísönd - Umsókn vegna sérstaks frumkvæðis samþykkt vegna umtalsverðrar frumsaminnar tónlistar.

#### Stúdentaleikhúsið

Rof - Umsókn vegna sérstaks frumkvæðis samþykkt vegna frumlegrar sýningar og vinnuaðferðar.

#### Umf. Reykdæla

EKKI TRÚA ÖLLU SEM ÞÚ HEYRIR - Umsókn um sérstakt frumkvæði hafnað.

Ástæða er til að taka það fram að heimtur á árskýrslum leikfélaga eru óvenju góðar þetta árið og undantekning að leikfélög hafi ekki skilað þeim inn eða ætli að gera það á næstu vikum.

## 2. Starfsáætlun 2012-13 yfirfarin og rædd

### Almenn starfsemi

#### 1. Rekstur þjónustumiðstöðvar

Ekkert hefur gerst varðandi söluna á Laugavegi 96 frá síðasta fundi. Vilborg ætlar að ræða við fasteignasalann til að vita hvort hann getur ýtt á eftir málinu. Ákveðið



Þorgeir Tryggvason, formaður Bandalagsins.



Guðfinna Gunnarsdóttir, varaformaður Bandalagsins.

að leita sérfræðiaðstoðar ef ekkert hefur gerst í málinu í september nk.

Fyrirhugað er að hækka álagningu á vörum og ljósrítun í versluninni skv. tilmælum frá aðalfundi.

Bandalagsskólanum er nýlokið þetta árið og þótti hann takast sérlega vel. Útlit er fyrir að hann hafi staðið undir sér fjárhagslega.

Leiklistarvefurinn heldur sínu striki. Verið er að vinna í netsölukerfi en það er tímafrekt verk og óvíst er hvenær það kemst í gagn. Þorgeir viðraði hugmyndir að breyttri efnisröðun í ársritinu. Hann mun fara betur yfir þær með uppsetjara þegar vinna við það hefst í haust.

Þorgeir viðraði hugmyndir að breyttri efnisröðun í ársritinu. Hann mun fara betur yfir þær með uppsetjara þegar vinna við það hefst í haust.

## 2. Leitað eftir hækkuðum framlögum

Vilborg er þegar búinn að senda tvær umsóknir um styrki, 350.000 kr. fengust til að greiða fyrir rafrænni skráningu og skönnun handritasafns Bandalagsins frá Samfélagssjóði Landsvirkjunar en enn er verið að bíða eftir svari við umsókn til sama verkefnis frá Menntamálaráðuneytinu.

Ákveðið að Þorgeir, Þráinn og Halldór fari í að hafa upp á fyrirtækjasjóðum til að sækja um í. Guðfinna ætlar að athuga með mögulega styrki til Bandalagsskólans hjá hinum ýmsu menntunarsjóðum. Stjórn sammála um að handritasafnið sé besta sóknarfærið í að leita eftir styrkjum. Ræddir möguleikar á að stofna til sérverkefna sem fýsilegt gæti þótt að styrkja.

Átakið sem gert var í sölu Sögu Bandalagsins - Allt fyrir andann í kjölfar aðalfundar, hefur skilað sér í sölu á 142 bókum til leikfélaganna.

## 3. Athyglisverðasta áhugaleiksyningin

Leikfélag Kópavogs sýndi Hringinn fyrir troðfullum sal í Kassarum, Þjóðleikhúsinu, kvöldið fyrir fundinn. Stjórnarmenn sáu flestir sýninguna og létu vel af.

### Sérverkefni

## 1. Námskeið í stjórnun leikfélaga og markaðssetningu

Þorgeir ætlar að finna aðila til að halda námskeið í notkun samfélagsmiðla til markaðssetningar. Reiknað er með að stjórn og starfsmenn Bandalagsins skipti með sér fyrirlestur um stjórnun. Ákveðið að ræða við Halaleikhópinn um að fá að nota húsnæði þeirra undir námskeiðið, Leikfélag Mosfellssveitar til vara. Stefnt er á að halda námskeiðið 29. september.

## 3. Leiklistarsamband Íslands, fulltrúi BÍL í fulltrúaráðinu

Vilborg baðst undan áframhaldandi setu sem fulltrúi Bandalagsins í Leiklistarsambandi Íslands eftir 19 ára starf. Ákveðið að Þorgeir taki við af henni en Vilborg verði til vara.

## 4. Málþing nr. 2 hjá Nordisk kulturfond

Hulda B. Hákonardóttir kom á stjórnarfundinn og greindi frá norrænu málþingi sem hún sat fyrir hönd Bandalagsins:

*Norrænt menningarsamstarf 2013-2020 – Fimm áhersluatriði, haldið á vegum Norrænu Ráðherranefndarinnar (N.R.) í Kaupmannahöfn þann 18. júní 2012.*

*Fundurinn var liður í þeirri stefnumótun sem nú fer fram hjá N.R. varðandi lista- og menningarsamstarf á Norðurlöndum þar sem m.a. verður leitast við að efla tengslin bæði í áttina að grasrótinni í hverju aðildarlandi sem og samvinnu landanna á milli. Því þéttara net, því meiri samvinna og traust á lista- og menningarsviðinu, því sterkara samfélag. Starfsfólk N.R. fer yfir og vinnur úr afrakstri fundarins og leggur þau gögn fram á fundi embættismanna norrænu menntamálaráðuneytanna sem haldinn verður í september á þessu ári. Endanlegur frágangur og afgreiðsla nýrrar stefnumótunar verður svo væntanlega undirritað af menntamálaráðherrum Norðurlandanna þann 31. október 2012.*

Ákveðið að Þorgeir, með aðstoð Huldu og Vilborgar, skrifi bréf sem lýsir okkar stefnumálum, til þeirra sem verða fulltrúar Íslands á fundi í haust.

## 5. Önnur mál

a) IATA-hátíðin í Monaco 2013

Ísland hefur fengið leyfi til að sækja um með sýningu á hátíðina. Leikfélög þurfa að sækja um til Bandalagsins fyrir 1. september og Bandalagið þarf að skila inn tilnefningu fyrir 15. september. Tillaga að valnefnd hefur verið gerð.

b) Þjóðleikur

Magnús ræddi um verkefnið Þjóðleik. Næsta vetur verður það keyrt á 5 svæðum á landinu, alls munu um 60 leikhópar ungmenna taka þátt. Magnús sagðist telja að Bandalagið ætti að vera meðvitað um stöðu mála þar sem sumstaðar munu Bandalagsleikfélög koma að sýningum. Þjóðleikur hefur orðið til þess að í sumum skólum hefur leiklistarval verið tekið upp.

Næsti stjórnarfundur ákveðinn 27. október í Borgarfirði.  
Fundargerð ritaði Ármann Guðmundsson

## Stjórnarfundur 27.–28. október 2012

Stjórnarfundur Bandalags íslenskra leikfélaga, haldinn á Grjóteyri í Borgarfirði 27.–28. október 2012

Mætt: Þorgeir Tryggvason, Guðfinna Gunnarsdóttir, Hall-dór Sigurgeirsson, Þráinn Sigvaldason, Bernharð Arnarson, Þórvör Embla Guðmundsdóttir, Vilborg Valgarðsdóttir og Ármann Guðmundsson.

### 1. Laugavegur 96 – Málalok

Bandalagið seldi húseign sína að Laugavegi 96 í Reykjavík í júní 2008. Komið var að töluverðu viðhaldi á eigninni, sérstaklega að utanverðu, og hefði Bandalagið þurft að taka lán til þeirra framkvæmda. Kaupandi var Continental á Íslandi ehf., fyrirtæki sem er í eigu Andreasar Roth sem einnig er eigandi efstu hæðarinnar í sama húsi, ásamt því að eiga fyrirtækið CHI Sparibíll ehf., Fiskislóð 16 í Reykjavík. Kaupverðið var 26,8 mkr. og voru 3,5 mkr. greiddar við undirskrift kaupsamnings. Eftirstöðvar áttu að greiðast við afhendingu sem var 1. september 2008. Það dróst hins vegar á langinn og svo kom bankahrunið og allt sat fast. Það var ekki fyrr en 1. september 2010 sem næsta greiðsla kom, hún var 14,1 mkr. og enn voru því eftirstöðvar af kaupverði 9,2 mkr. Og við það sat allar götur síðan.

Þann 26. september 2012 barst bréf frá sýslumanninum í Reykjavík þar sem okkur var tjáð að nauðungarsala á eigninni færi fram þann 16. október 2012. Eggert Páll Ólason lögfræðingur var okkur til aðstoðar í málinu en því lauk með því að eigandi láns sem á eigninni hvíldi (að upphæð rúmlega 20 mkr.) bauð 18 mkr. og var eignin slegin honum þar sem mótframboð urðu ekki hærrí. Mestar líkur eru á því að þessar 9,2 mkr. séu okkur því tapaðar en lögfræðingurinn ætlar að gera þá kröfu á lánseiganda að selji hann eignina með hagnaði renni hann til okkar. Það er alveg í hans valdi hvort eftir því verður farið.

Ákveðið að Vilborg skrifi aðildarfélögunum og geri þeim grein fyrir gangi málsins og lyktum.

Stjórn Bandalagsins þakkar Eggerti Páli Ólasyni lögfræðingi kærlega fyrir aðstoð og ráðgjöf varðandi málið en hann gaf alla sína vinnu.

### 2. Starfsáætlun

a) Rekstur þjónustumiðstöðvar og fastir liðir

Vilborg segir stefna í að reksturinn verði a.m.k. 2 mkr. í mínus um áramót að óbreyttu. Í árslok 2011 var rekstrar-tapið 7,5 mkr. svo aðhaldsaðgerðir og aukin tekjuöflun hafa skilað nokkru. Síðasti aðalfundur benti á nokkrar leiðir og samþykkti m.a. að sótt yrði um 10 styrki til fyrirtækja og stofnana. Þegar hér er komið sögu hefur verið sótt um 5 styrki og er niðurstaðan þessi:

Landsvirkjun - við fengum 350.000.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið - við fengum 700.000.

Arion banki sagði nei.

KEA sagði nei.

Landsbanki svarar í desember.

Sala á Allt fyrir andann, sögu Bandalagsins, hefur skilað um 340 þkr. það sem af er árinu. Í ársbyrjun var tilboð sent

til allra bókasafna á landinu og eftir aðalfundinn keyptu mörg aðildarfélaganna bókina, frá 5 og upp í 21 eintak hvert.

Samkvæmt nýju fyrirkomulagi hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu fær Bandalagið ekki fjárframlag til rekstrar þjónustumiðstöðvar á fjárlögum eins og áður, heldur þarf að sækja um í nýjan safnliðasjóð sem ráðuneytið mun úthluta úr árlega. Auglýst verður eftir umsóknum í sjóðinn á næstu dögum. Styrkir til starfsemi leikfélaganna eru áfram inni á fjárlögum og er upphæðin 16,4 mkr. vegna ársins 2013. Stjórn er sammála um að mikilvægt sé að báðir þessir liðir séu sýnilegir á fjárlögum, öðruvísi verði ekki tryggt að Bandalagið fái þessa styrki.

Leiklistarskóli Bandalagsins gekk vel á Húnavöllum í sumar og stóð rekstur hans undir sér.

Leiklistarvefurinn hefur verið rekinn með lágmarkskostnaði, engar nýjar uppfærslur eða viðbætur keyptar en þó hefur verið unnið að undirbúningi netsólukerfis innan-húss. Óvíst er hvenær það kemst í gagnið.

b) Sérverkefni

Námskeið í stjórnun leikfélaga og markaðssetningu var haldið í Bæjarleikhúsinu í Mosfellsbæ 29. september og tókst ágætlega. 26 manns frá 13 leikfélögum sóttu námskeiðið. Stjórn þakkar Leikfélagi Mosfellsveitar og Ólöfu Þórðardóttur kærlega fyrir lán á húsnæði og góðar móttökur.

Ákveðið að stefna að því að halda aðalfund Bandalagsins í Logalandi í Borgarfirði helgina 3.-5. maí 2013. Einþáttingahátíðin yrði þá haldin á föstudeginum 3. maí.

### 3. Verkefni frá aðalfundi 2013

Tekin fyrir tillaga sem vísað var til stjórnar um að félög greiði sem nemur gjaldi fyrir einn fulltrúa á aðalfund, hvort sem þau senda hann eða ekki. Stjórn telur að ekki sé grundvöllur fyrir slíkri ákvörðun. Í framhaldi af þeirri umræðu var ákveðið nota fösturfélagakerfið til að hvetja félögin til að mæta á aðalfund og hátíð.

### 4. Nýtt frumvarp til Sviðslistalaga

Fyrir alþingi liggur nýtt frumvarp til sviðslistalaga, lagt fram af mennta- og menningarmálaráðherra þann 16. október sl. Það telst til nýmæla hvað áhugaleikhúsið varðar að það er ekki minnst á það einu orði í þessum nýju lögum.

Rök ráðherra fyrir því eru m.a. þau að lögin fjalli ein-göngu um leiklist atvinnufólks og að starfsemi áhuga-leikfélaga ætti að vera styrkt í gegnum menningarsamningana sem ráðuneytið hefur gert við sveitarfélög víða um land. Vilborg sendi strax tölvupóst til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, fjármálaráðuneytisins, fjárlaganefndar Alþingis, allra alþingismanna og aðildarfélaga Leiklistarsambands Íslands og mótmælti þessu ákveðið. Svar kom strax frá tveimur alþingismönnum, þeim Björgvini Sigurðssyni og Þránni Bertelssyni sem sögðu báðir að þetta yrði skoðað mjög vandlega. Forseti Leiklistarsambandsins sendi einnig strax erindi til formanns allsherjar- og menntamálanefndar, Skúla Helgasonar, og bað hann liðsinnis við okkar málstað.

Stjórn Bandalagsins er sammála um að það sé glórulest að hvergi sé minnst á áhugaleikhúsi í sviðslistalögum og áhugaleiklistin verði þannig háð duttlungum stjórn mála- og embættismanna.

Þorgeir sagði að formið á styrkjakerfinu sem hingað til hafi verið notað væri framúrskarandi og ætti stóran þátt í





Ólöf Þórðardóttir, ritari stjórnar Bandalagsins.

öflugu áhugaleikhústarfi í landi. Leikfélögin þurfa að hafa þennan stöðugleika sem glatast gæti við að verða háð menningarsamningum við sveitarfélögin. Þar hafa þau enga tryggingu fyrir styrkveitingum frá ári til árs.

Þorgeir hefur sótt aðal- og fulltrúaráðsfund Leiklistarsambandsins og segir þar fullan stuðning við að áhuga-leikfélögin verði áfram inni í sviðslistalögum. Leiklistarsambandið ætlar að andmæla þeim atriðum í frumvarpinu sem eru ekki ásættanleg fyrir aðildarfélög þess og stofnanir.

Þrjú mikilvæg verkefni þarf að vinna sem fyrst:

1. Sækja um rekstrarstyrk vegna þjónustumiðstöðvar í nýjan sjóð.
2. Herja á fjárlaganefnd um að hækka styrki til starfsemi leikfélaga.
3. Senda alþingi athugasemdir okkar við frumvarp til nýrra sviðslistalaga.

## 5. Erlent samstarf

Ekkert leikfélag sótti um að fara á IATA-hátíðina í Mónakó 2013.

Þorgeir rakti síðustu samskiptin innan NEATA en þar var rætt um framboð aðildarlandanna í stjórnarstöður í IATA á aðalfundinum í Mónakó. Danir bjóða Villy Dall fram sem gjaldkera og hefur það framboð víðtækan stuðning innan NEATA.

Rætt hefur verið um hvort auka eigi samstarf á milli Evrópu-sambandanna þriggja, NEATA, CEC og CIFTA. Fundur um það mál var fyrirhugaður í október, Hilmar Joensen formaður NEATA sækir hann.

Talsverður áhugi ku vera fyrir fjölbjóðlegri stuttverkahátíð hér á Íslandi sem er á starfsáætlun NEATA 2013–14. Þar munu verða íslenskar og færeyskar sýningar og mögulega norskar og jafnvel frá fleiri NEATA-löndum. Við ráðum tímasetningu hátíðarinnar.

## 6. Önnur mál

Halldór ræddi möguleika á að leikfélögin taki sig saman í innkaupum á ljósum og öðrum tækniúnaði. Þorgeir taldi að þetta væri eitthvað sem leikfélögin ættu að hafa frumkvæði að þótt sjálfsgagt væri að þjónustumiðstöðin yrði þeim innan handar eftir því sem þyrfti, t.d. með kynningu á verkefninu.

Rætt um hvort að halda eigi stóra innlenda leiklistarhátíð 2015 en slíkar hafa verið haldnar á 5 ára fresti frá árinu 1990, með erlendri þátttöku á stundum. Ákveðið að bera



Halldór Sigurgeirsson og Þráinn Sigvaldason, meðstjórnendur.

málið undir aðalfund 2013.

Rætt hvort ekki væri grúpplagt að skipuleggja væntanleg hátíðahöld þannig:

- a) Einþáttingahátíð samhliða aðalfundi – maí 2013
- b) NEATA stuttverkahátíð – vor 2014
- c) Stór hátíð í tilefni 65 ára afmælis Bandalagsins sumar 2015

Ákveðið að stefna að því að halda næsta stjórnarfund þann 16. mars 2013 (23. mars til vara).

*Fundargerð rituðu Ármann Guðmundsson og Vilborg Valgarðsdóttir*

## Stjórnarfundur 16. mars 2013

Stjórnarfundur Bandalags íslenskra leikfélaga, haldinn 16. mars 2013 í þjónustumiðstöðinni að Kleppsmýrarvegi 8 í Reykjavík

*Mætt: Þorgeir Tryggvason, Guðfinna Gunnarsdóttir, Ólöf Þórðardóttir, Halldór Sigurgeirsson, Bernharð Arnarson, Þórvör Embla Guðmundsdóttir, Vilborg Valgarðsdóttir og Ármann Guðmundsson.*

Fundur settur kl. 9.00

### 1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Fundargerðin yfirfarin og samþykkt athugasemdalaust.

### 2. Starfsáætlun leikárið 2012-13

- a. Skráning í Leiklistarskólann fór mjög vel af stað og bókaðist í u.þ.b. helming plássá á fyrsta sólarhringnum.
- b. Leiklistarvefurinn hefur verið rekinn með lágmarks-kostnaði á leikárinu.
- c. Rekstur þjónustumiðstöðvar.

Reksturinn var mjög erfiður síðustu 2 mánuði ársins 2012 og alveg fram í febrúar sl. þegar loksins fékkst niðurstaða varðandi opinbera styrki fyrir árið 2013. Ekki var hægt að greiða reikninga vegna innflutnings á vörum í verslun og smátt og smátt varð vöruúrvalið heldur ræfilslegt. Hægt var að standa á skilum með flesta aðra rekstrarliði utan laun starfsmanna. Í byrjun febrúar kom í ljós að þjónustumiðstöð Bandalagsins fær 5 milljónir á ári næstu 3 árin frá menntamálaráðuneytinu og var undirritaður samningur þar um 12. febrúar. Það dugar þó því miður ekki til og er ljóst að leita þarf leiða til að tryggja

meira fjármagn ef halda á óbreyttu þjónustustigi. Vilborg sendi umsókn um styrk til Reykjavíkurborgar sem nemur launum hálfstarfsmanns en hefur ekki fengið svör. Hún ætlar að leitast við að fá viðtal við menningarfulltrúa borgarinnar fyrir aðalfund.

Halldór velti upp spurningunni um hvort hægt væri að leita til menningarráða landshlutanna um að styrkja starfsemi Bandalagsins þar sem það þjónustar öll svæðin. Vilborg taldi það ólíklegt, hún átti fund með fulltrúum þeirra í lok febrúar og sagði að þau væru óörugg vegna ummæla menntamálaráðherra þegar hún sagði að áhuga-leikfélögin ættu að leita eftir styrkjum til menningarráða víðs vegar um landið. Forsvarsmenn menningarráðanna lýstu stuðningi við okkar málstað á allan máta nema kannski fjárhagslegan.

Guðfinna stakk upp á gerð yrði áætlun um hvað við þurfum mikið fjármagn til að halda óbreyttum rekstri og hvað hægt er að gera fyrir það fjármagn sem við hefðum nú úr að móða.

Vilborg lagði til að aðalfundur yrði nýttur til þarfagreiningar þar sem félögin væru látin forgangsraða þeirri þjónustu sem þau telja mikilvægasta hjá Bandalaginu.

Fólk var sammála um að við óbreytt ástand verði varla hjá því komist að segja upp starfsmanni eða minnka starfshlutföll starfsmanna.

Ákveðið að Þorgeir, Guðfinna og Ólöf skipi nefnd sem fer yfir málin og skili tillögum fyrir mánaðarmótin mars/apríl.

d. Síðasti aðalfundur setti stjórn fyrir það verkefni að sækja um styrki til 10 fyrirtækja og stofnana og hefur þegar verið sótt um til 9 aðila. Styrkir hafa fengist frá Samfélagsgjóði Landsvirkjunar, Samfélagsgjóði Landsbankans og Mennta- og menningarmálaráðuneytinu til skönnunar og varðveislu handritasafnsins, alls 1.550.000 kr. Haldið verður áfram að sækja um til fleiri fyrirtækja.

e. Kynning á einþáttungahátíð í Logalandi samhliða aðalfundi 2013 á að fara á fullt eftir helgi. Ákveðið að fá hæft fólk til að fjalla um sýningarnar á henni án greiðslu. Ármann og Embla halda utan um hátíðina.

### 3. Aðalfundur 2013 undirbúinn

a. Ársreikningur yfirfarinn og undirritaður

Vilborg lagði fram ársreikning ársins 2012 og kynnti. Vegna gjaldþrots kaupanda að Laugavegi 96 og stórfelldra birgðabreytinga vegna verðlækkunar á bókalager er tap á rekstrarreikningi 13.581.875 kr. Tap af reglulegum rekstri er þó ekki nema 2.503.298 kr. að þessum liðum frátöldum en það var 7.590.993 kr. í árslok 2011. Það hefur því náðst umtalsverður árangur í hagræðingu með ítrasta niðurskurði á flestum liðum í rekstrinum og öflun styrkja frá einkaaðilum.

Ársreikningur undirritaður.

b. Aðstaða og verð í Reykholti

Embla leggur til að einþáttungahátíð, fundur og matur verði í Logalandi, einungis gisting og morgunmatur verði keypt af hótelinu. Ákveðið að hún athugi líka með verð á hátíðarkvöldverði þar. Hún verður tilbúin með verð á pakkanum um mánaðarmótin.

c. Dagskrá fundar og einþáttungahátíð

Dagskrár aðalfundar verður með hefðbundnum hætti en gefa þarf tíma fyrir þarfagreiningu og umræður um starfsemi þjónustumiðstöðvar í hópstarfi.

d. Stjórnarkjör

Þorgeir og Ólöf eiga að ganga úr aðalstjórn. Úr vara-stjórn eiga að ganga Magnús, Prúður og Embla. Þau hafa ekki ákveðið hvort þau gefa kost á sér til áframhaldandi setu.

e. Lagabreytingar

Stjórn leggur ekki fram neinar lagabreytingar.

f. Starfsáætlun 2013-14

NEATA stuttverkahátíð verður haldin á Íslandi í apríl 2014. Vilborg stakk upp á að halda hana í Mosfellsbæ, ákveðið að fara þess á leit við Leikfélag Mosfellsuveitar að fá Bæjarleikhúsið undir hátíðina.

### 4. Önnur mál

NEATA-stjórnarfundur verður haldinn í Finnlandi í apríl nk. Ákveðið að senda ekki fulltrúa á hann þar sem flug þangað er dýrt en senda þess í stað fulltrúa á einn fund seinna á árinu sem ódýrara verður að sækja. Fundarmenn sammála um að skera erlent samstarf niður eins og hægt er á árinu.

Það þýðir að ekki verður sendur fulltrúi á aðalfund IATA í Monaco í sumar. Fela þarf einhverri Norðurlandþjóð að fara með atkvæði Íslands á fundinum, mögulega Danmörku.

Bernharð lagði til að fósturfélagakerfið yrði virkjað til að hvetja félög til að mæta á aðalfund. Ákveðið að það verði gert í byrjun apríl þegar búið er að senda út fundarboð.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 13.00.

*Fundargerð ritaði Ármann Guðmundsson  
(Viðbætur Vilborg Valgarðsdóttir)*

## Stjórnarfundur 3. maí 2013

Stjórnarfundur Bandalags íslenskra leikfélaga, haldinn í 3. maí 2013, í Logalandi, Reykholtssdal.

*Mætt: Þorgeir Tryggvason, Guðfinna Gunnarsdóttir, Ólöf Þórðardóttir, Halldór Sigurgeirsson, Þráinn Sigvaldason, Bernharð Arnason, Þórvör Embla Guðmundsdóttir, Prúður Sigurðar, Vilborg Valgarðsdóttir og Ármann Guðmundsson.*

1. Stjórn skipti með sér verkum fyrir aðalfund og útnefndi fundarstjóra, ritara og hópstjóra.

2. Stjórn ákvað að leggja til að 1 milljón verði tekin af verkefnastyrkjum aðildarfélaga Bandalagsins til reksturs þjónustumiðstöðvar.

3. Ræddar mögulegar lausnir á fjárlagagati leikársins. Minnkun vinnuhlutfalls starfsmanna, uppsögn ritara, að fella ræstingar inn í störf ritara (fá þó utanaðkomandi þrif einu sinni í mánuði), launalaust leyfi Ármanns til að leikstýra úti á landi (að hans tillögu) og fleiri leiðir ræddar. Ekkert ákveðið að svo stöddu annað en ákveðið að aðalverkefni hópavinnu verði að ræða leiðir til að ná endum saman.

4. Stjórn ákvað að leggja ekki til hækkun á árgjaldi.

Fleira ekki gert

*Fundargerð ritaði Ármann Guðmundsson*

# Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga

Haldinn 4. maí 2013 í Logalandi, Reykholtssdal



Formaður og framkvæmdastjóri.



Kjörnefndarkonurnar Sigríður Lára og Dýrleif.

## 1. Fundarsetning. Kosning 2ja fundarstjóra og 2ja fundarritara, sem taka þegar til starfa. Lögmæti fundarins kannað.

Þorgeir Tryggvason, formaður Bandalagsins, setti fundinn og stakk upp á Bernharð Arnarsyni, Leikfélagi Hörgdæla, og Sigríði Láru Sigurjónsdóttur, Leikfélagi Fljótssdalshéraðs, sem fundarstjórum og Ármanni Guðmundssyni, ritara þjónustumiðstöðvar, og Magnþóru Kristjánsdóttur, Leikfélagi Ölfuss, sem fundarriturum. Tillagan samþykkt. Lögmæti fundarins staðfest. Fundar-menn kynntu sig.

## 2. Kjörnefnd afgreiðir kjörbréf og afhendir atkvæðaspjöld, skýrir stöðu mála varðandi stjórnarkjör og auglýsir eftir tillögum.

Kjörnefnd deildi út atkvæðaseðlum og Dýrleif Jónsdóttir, Leikfélaginu Sýnum og formaður kjörnefndar gerði grein fyrir stöðu mála varðandi stjórnarkjör.

## 3. Menningarstefna Bandalagsins lesin og rædd.

Ólöf Þórðardóttir, Leikfélagi Mosfellssveitar og ritari stjórnar, las Menningarstefnu Bandalagsins. Engar umræður.

## 4. Staðfest inntaka nýrra félaga, félög tekin af félagskrá.

Þráinn Sigvaldason, Leikfélagi Fljótssdalshéraðs og stjórnarmaður Bandalagsins, greindi frá því að ekkert félag gekk til liðs við Bandalagið á leikárinu en Leiklistarfélag Seltjarness, Leikfélag Raufarhafnar, Leikfélagið Baldur og Leikfélag Siglufjarðar gengu úr Bandalaginu. Það síðastnefnda hyggst þó sameinast Leikfélagi Ólafsfjarðar undir merkjum Leikfélags Fjallabyggðar.

## 5. Fundargerð síðasta aðalfundar afgreidd.

Bernharð Arnarson bar fundargerð síðasta aðalfundar undir fundinn og var hún samþykkt.

## 6. Skýrsla stjórnar.

Þorgeir Tryggvason flutti skýrslu stjórnar (sjá bls. 8)

## 7. Framkvæmdastjóri leggur fram endurskoðaða reikninga síðasta árs og skýrir þá.

Vilborg Valgarðsdóttir lagði fram og skýrði reikninga. Tap á rekstrarreikningi var 13.581.875 kr. Það skýrist aðallega af gjaldþroti kaupandans að húseigninni að Laugavegi 96, þar var tjónið 9.701.922 kr. Bókalager var færður verulega niður og var birgðabreyting 1.376.655 kr. Ef þessir þættir eru frátaldir var tap á reglulegum rekstri 2.503.298 kr. og hafa því aðhaldsaðgerðir skilað tæplega 6 milljón króna betri stöðu en í árslok 2011, en þá var tapið 7.590.993 kr.

Eigið fé og skuldir í árslok voru 4.449.159 kr. Þær lækkuðu um 11.519.869 kr. frá fyrra ári sem skýrist að mestu af gjaldþrotinu og birgðabreytingunni ásamt hærri skuldum en í árslok skuldaði Bandalagið 3.410.420 kr. og telur þar mest yfirdráttarskuld við Arion banka að upphæð 2.013.479 kr. Annað eru laun, launatengd gjöld og reikningar vegna innfluttrar vöru.

## 8. Umræður um skýrslu stjórnar og afgreiðsla reikninga.

Þróstur Guðnason, Leikfélagi Rangæinga, þakkaði stjórn og framkvæmdastjóra fyrir góða fjárhagsstjórn þrátt fyrir erfiðar ástæður.

Hörður Sigurðason, Leikfélagi Kópavogs, sagði að þó svo að húsnæðismálin væru tekin út úr reiknisdæminu væri samt sem áður umtalsvert tap á rekstri Bandalagsins. Hann spurði stjórn hvort búið væri að gera einhverjar langtímaáætlanir til að stemma stígu við frekari taprekstri.

F. Elli Hafliðason, Leikfélagi Selfoss, bað um frekari skýringar á sviðslistalögum og tilgangi þeirra og spurði



Einbeittir fundargestir.

hvort þeir styrkir sem Bandalagið hefði fengið fyrir utan hefðbundinn ríkisstyrk, væru til ákveðinna verkefna.

Ingólfur Þórsson, Freyvangsleikhúsinu, benti að á árgjöld hefðu í heildina hækkað á milli ára um næstum milljón og að auki hefði milljón verið tekin af verkefnastyrkjum leikfélaganna. Hann sagði það ekki gott mál að Bandalagið gengi sífellt fjárhagslega nær aðildarfélögnum heldur hlyti fundurinn að þurfa að leysa þetta til framtíðar.

Þorgeir Tryggvason svaraði fyrirsprungnum. Hann sagði að styrkir hefðu verið fengnir til skönnunar og skráningar handritasafnsins og slíkir styrkir væru jafnan verkefnabundir og fáiast tæplega til almenns reksturs. Hann útskýrði nánar ferlið með leiklistarlögin. Þorgeir tók undir að lausn fjárhagsvanda Bandalagsins væri stóra verkefni þessa fundar. Hann greindi lauslega frá hugmyndum stjórnar um lausnir. Stærsti liðurinn er að að skerða starfshlutfall starfsmanna, framkvæmdastjóra í úr 100% í 80% og ritara úr 50% í 40% sem mundi skila 2 milljónum.

Guðfinna Gunnarsdóttir sagði að ekki yrði ráðist í þessar aðgerðir umsvifalaust heldur þyrfti að útfæra þær í samvinnu við starfsmenn.

Hörður Sigurðarson spurði hvort plön stjórnar yrðu lögð fram á fundinum.

Þorgeir Tryggvason svaraði að það yrði gert undir lið 10.

## 9. Skýrslur nefnda og umræður um þær.

a. Hrefna Friðriksdóttir flutti skýrslu skólanefndar (sjá bls. 9).

b. Hörður Sigurðarson flutti skýrslu vefnefndar (sjá bls. 11).

c. Ármann Guðmundsson flutti skýrslu handritasafnsnefndar (sjá bls. 10).

### Umræður um skýrslur nefnda:

Þorgeir Tryggvason greindi frá því að hann er þátttakandi í verkefni þar sem bækur sem dottnar eru úr höfundarrétti eru skannaðar inn og gerðar aðgengilegar á netinu, bæði fyrir lestölvur og í pdf-formi. Hann hefur m.a. séð um að gera lista yfir leikrit sem falla þarna undir og sagði þann lista vera lengri en hann átti von á. Hann taldi að þarna væri mögulega flötur á samstarfi.



Hluti hóps 1 að störfum.

## 10. Drög að starfsáætlun næsta árs kynnt og skipað í starfshópa.

Þorgeir Tryggvason kynnti tillögu stjórnar að starfsáætlun næsta leikárs.

### Tillaga stjórnar að Starfsáætlun Bandalags íslenskra leikfélaga leikárið 2013–2014

#### Almenn starfsemi

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfseminni.
2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.
3. Halda áfram samstarfi við Þjóðleikhúsið með Athyglisverðustu áhugaleiksyningu ársins.

#### Sérverkefni ársins

1. Skipuleggja stuttverkahátíð NEATA á Íslandi vorið 2014.

Þorgeir lagði einnig fram, til kynningar og umræðu, tillögur stjórnar að aðgerðum til að bregðast við fjárhagsvanda þjónustumiðstöðvar Bandalagsins.

### Tillaga stjórnar að aðgerðum vegna fjárhagsstöðu, vinnuplagg frá aðalfundi í Logalandi í maí 2013

- Ríkisstyrkur til þjónustumiðstöðvarinnar: 5 milljónir á ári 2013–2015
- Það sem út af stendur m.v. núverandi rekstur: 2,5 milljónir á ári 2013
- Ármann Guðmundsson tekur sér launalaust leyfi í tvo mánuði, fái hann leikstjórnarverkefni.
- Aðkeypt ræsting einu sinni í mánuði, í stað vikulegrar.
- Styrkir frá Landsbankanum (500.000 kr.).
- 1 milljón kr. af verkefnastyrk frá ríkinu. 2014–2015 (og áfram, ef ekki fæst hækkun við endurnýjun samnings)
- Lækkum starfshlutfall beggja starfsmanna, þannig að framkvæmdastjóri sé í 80% starfi og ritari í 40%.



Gerður og Sigríður Lára fara yfir stöðu framboðsmála.

- Aðkeypt ræsting einu sinni í mánuði. 2016 (og áfram ef hækkun fæst).
- Snúum aftur til fyrra fyrirkomulags með 100/50% starfs hlutfall.

### 11. Kjörnefnd tilkynnir niðurstöður sínar og mælir með a.m.k. 1 aðila í hvert sæti sem kjósa skal í.

Gerður Sigurðardóttir, Leikfélagi Selfoss, gerði grein fyrir stöðu mála í framboðsmálum.

### 12. Lagabreytingar.

Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinum.

### 13. Starfsáætlun afgreidd.

Fundurinn samþykkti að breyta dagskrá og afgreiða starfsáætlun áður en tillögur yrðu lagðar fyrir fundinn. Fundarmönnum skipt í fjóra hópa sem tóku umsvifalaust til starfa og skiluðu svo niðurstöðum sínum. Stjórnar- og starfsfólk gekk á milli hópana og svaraði fyrirspurnum sem upp komu.

Fanney Valsdóttir gerði grein fyrir niðurstöðum hóps 1.

Hópur 1 var þannig skipaður:

Fanney Valsdóttir, Leikfélagi Hörgdæla, hópstjóri

Árný Leifsdóttir, Leikfélagi Ölfuss

Axel Vatnsdal, Leikfélagi Hörgdæla

Hulda Hákonardóttir, Hugleik

Anna Margrét Pálsdóttir, Leikfélagi Kópavogs

Guðlaug Sigfúsdóttir, Leikfélagi Seyðisfjarðar

Linda Guðmundsdóttir, Freyvangsleikhúsinu

Jónas Þorkelsson, Umf. Skallagrími

Kristín Pála Sigurðardóttir, Leikfélagi Rangæinga

Sigríður Hafsteinsdóttir, Leikfélagi Selfoss

Zindri Freyr Ragnarsson, Leikfélagi Vestmannaeyja

Almenn starfsemi

### 1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leik-



Glaðbeittir fundargestir.

### listarvefsins og annarra fastra liða í starfsemi.

Leiklistarskólinn er sjálfbær og á að vera þannig áfram.

Vefurinn – hugmyndir honum tengdar:

- Sækja um styrki og eyrnamerkja til að uppfæra vefkerfið.

- Sækja um styrki til fyrirtækja, þau eru reyndar oft treg til að láta peninga en hugsanlega væri hægt að fá vinnu frá einhverjum sem hafa með uppfærslur að gera. Það fyrirtæki fengi þá í staðinn auglýsingu á vefnum.

- Félagar verði duglegri að deila vefnum á fésbók þannig að fyrirtæki sjái sér hag í að auglýsa á honum.

- Koma vefverslun í gagnið til að létta vinnuálagi á starfsfólki.

Skrifstofan – Almenn ánægja með þjónustumiðstöð

Það mikilvægasta:

- Handritasafnið.

- Aðstoð við verkefnaval.

- Aðgengi að sminki en með vefversluninni gæti þessi liður minnkað verulega.

Peningamálin: Ef starfsmenn samþykkja skerðingu á starfshlutfalli þá leysir það mikinn vanda en það er samt ömurleg aðgerð, það er gríðarlega mikilvægt að hafa fleiri en einn starfsmann.

Bandalagið á ræstingagræjur og því leggjum við til að ræstingar verði settar alfarið inn í starfslýsingu og hætt verði að kaupa utanaðkomandi þjónustu í eitt til tvö ár.

Það mætti yta meira við lestrahestum til að létta á starfsfólkinu, gera alvöru skurk! Virkja félögin betur og láta stjórnir kynna innan sinna félaga.

Árman fær pottþétt leikstjórastöðu, fallega boðið.

Komum okkur í Lions, Kiwanis, Rotary, Frímúrararegluna, þar eru peningarnir!

### 2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfél- aganna og sameiginlegra verkefna.

Halda áfram að sækja um styrki alls staðar, hvetjum stjórnina til að halda þessu góða starfi áfram.

### 3. Halda áfram samstarfi við Þjóðleikhúsið með Athyglisverðustu áhugaleiksyningu ársins.

Við viljum endilega að Þjóðleikhúsið haldi áfram þessu góða starfi meðan félögin sækja um þátttöku.



Málin vandlega ígrunduð í hóp 4.

Sérverkefni ársins

### 1. Skipuleggja stuttverkahátíð NEATA á Íslandi vorið 2014.

Stuttverkahátíðin er stórt já!

Aðrar umræður:

Stöðugar klípur af fénu sem er ætlað til styrkja geta valdið sundrunu á meðal aðildarfélagum og því er mikilvægt að við munum hver stóra ástæðan er; ráðuneytið og ríkisstjórn. Höldum áfram að sýna samstöðu og herjum á þessa aðila, við verðum að fá styrkina hækkada aftur!

Hugmyndir reifaðar um stofnun stjórnvaldaflokks eða trúfélags þar sem slík starfsemi fær tryggt fjármagn.

Herdís Þorgeirsdóttir gerði grein fyrir niðurstöðum hóps 2.

Hóp 2 skipuðu:

Herdís Þorgeirsdóttir, Halaleikhópnum, hópstjóri

Þrúður Sigurðar, Leikfélagi Ölfuss

Ylfa Mist Helgadóttir, Leikfélagi Bolungarvíkur

Viktor Ritmüller, Leikfélagi Vestmannaeyja

Þróstur Jónsson, Halaleikhópnum

Þórir Gunnar Valgeirsson, Leikfélagi Hörgdæla

Magnþóra Kristjánsdóttir, Leikfélagi Ölfuss

Guðbjörg Árnadóttir, Leikfélaginu Skagaleikfloknum

Guðrún Esther Árnadóttir, Leikfélagi Mosfellssveitar

Halldóra Vilhjálmstöddóttir, Freyvangsleikhúsinu

Árni Friðriksson, Hugleik

Arnfinnur Daníelsson, Leikfélagi Kópavogs

Almenn starfsemi

### 1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfseminni.

Við erum ánægð með að skólinn hafi verið sjálfbær og standi yfirleitt alveg undir sér. Fjölbreytt námskeið. Almenn ánægja með úrval og starf skólanevndar. Hópurinn hefur áhyggjur af að minna starfshlutfall á þjónustumiðstöð muni gera skólanum erfiðara að standa undir sér.

Hvað má ekki missa af í þjónustunni? Við verðum að geta gengið að handritum og það þarf að halda vel utan um handritasafnið (væri hægt að sækja um frekari styrki fyrir handritaskönnun?) Það þarf að efla sminksölu, gera



Hópur 3 í þungum þönkum.

vefverslun aðgengilegri með myndum, sækja um styrk til að uppfæra vef.

Herdís, Guðbjörg og hugsanlega fleiri gætu hugsað sér að vinna í sjálfboðastarfi í þjónustumiðstöð. Ljósrita, þrif o.fl. Skera þannig ræstingu alveg niður.

Tapast hugsanlega sambönd og tækifæri til styrkja ef starfsmenn þjónustumiðstöðvar lækka við sig starfshlutfall? Hópurinn hefur áhyggjur af því. Við viljum alls ekki missa Ármann og Vilborgu!

Semja og senda staðlaða styrkumsókn til sveitarfélaga og biðja um x margar krónur, t.d. 100.000 kr. (jafnvel minna 50.000 kr. eða 70.000 kr., meiri líkur á árangri) fyrir rekstur skrifstofunnar. Hvert sveitarfélag þyrfti ekki að styrkja um háa upphæð til að rétta af stöðuna. Rökstyðja vel mikilvægi skrifstofunnar. Það þarf ekki nema eitt sveitarfélag til að koma keðjunni af stað. Að fá umboð frá leikfélögum til að setja nöfn leikfélaganna undir bréfið.

Hópurinn velti fyrir sér hversu mikill hluti starfsins eru samskipti við erlenda aðila og fékk þau svör frá Vilborgu að þau væru ekki mikil. Halda utanlandsferðum í lágmarki áfram, nota tölvusamskipti meira.

### 2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

Hópurinn vill leita til fyrirtækja um styrki. Við erum samála um að það sé erfitt að fá styrki, þar sem allir eru að skera niður. Sérstaklega er erfitt að sækja um styrki fyrir rekstur. Skynsamlegast er að sækja um styrki fyrir sérverkefni, eins og handritaskönnun og Bandalagsskólann. Það þarf að útfæra styrkumsóknir þannig að styrkir nýtist í rekstur þjónustumiðstöðvar. Nauðsynlegt að núlla mínus inn á rekstri hennar. Tala við sveitarfélög. Getum við krækt í styrki í gegnum skipulagt barnastarfi? Námskeið o.s.frv.?

Fram kom tillaga um að öll leikfélög gæfu innkomu af einni sýningu. Sú hugmynd var slegin út af borðinu um leið og hún fæddist.

### 3. Halda áfram samstarfi við Þjóðleikhúsið með Athyglisverðustu áhugaleiksýningu ársins.

Endilega halda áfram samstarfi við Þjóðleikhúsið.

Sérverkefni ársins

### 1. Skipuleggja stuttverkahátíð NEATA á Íslandi vorið 2014.

Hópnum líst mjög vel á stuttverkahátíð.



Hópur 2 ræður ráðum sínum.

F. Elli Hafliðason gerði grein fyrir niðurstöðum hóps 3. Í hópi 3 voru:

F. Elli Hafliðason Leikfélagi Selfoss, hópstjóri  
Ólína Adda Sigurðardóttir, Leikfélagi Bolungarvíkur  
Birkir Thór Högnason, Leikfélagi Vestmannaeyja  
Hulda Gunnarsdóttir, Leikfélagi Ölfuss  
Jenný Dögg Heiðarsdóttir, Leikfélagi Dalvíkur  
Kristín Ásgeirsdóttir, Leikfélaginu Skagaleikfloknum  
Ingólfur Þórsson, Freyvangsleikhúsinu  
Hörður Sigurðarson, Leikfélagi Kópavogs  
Stefanía Björg Björnsdóttir, Halaleikhópnum  
María Guðmundsdóttir, Leikfélagi Mosfellssveitar

#### Almenn starfsemi

### 1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfseminni.

1.1 Lagt til að stofna sérsvait áhugaræstitækna sem tekur að sér mánaðarleg þrif og sparar með því 330.000 kr. Ef 10-12 manna hópur næst saman og 3-4 taka hvern mánuð þýðir það að hver ræstitæknir þyrfti aðeins að mæta þrisvar til fjórum sinnum á ári.

1.2. Beinum því til stjórnar að skoða alla möguleika á að skera niður kostnað við fundahöld, m.a. með auknum tölvusamskiptum, fjarfundum o.þ.h.

1.3 Hópurinn sér ekki aðra leið en að skera niður stöðugildi til að rétta af fjárhag Bandalagsins. Til að það sé hægt þarf að forgangsræða starfi þjónustumiðstöðvar svo þær breytingar komi sem minnst niður á brýnustu verkefnum.

1.4 Möguleikar eru á að nýta vefinn betur til að afla fjár t.d. með sölu auglýsinga. Beinum því til stjórnar að hún hrindi af stað átaki í samvinnu við félögin um sölu auglýsinga. Fleiri möguleikar eru til staðar svo sem hækkað gjald fyrir veru á leikstjóraalista sem er í dag 2.000 kr. á ári.

### 2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfél-aganna og sameiginlegra verkefna.

Hvetjum stjórn til að halda áfram vinnu við að fá hækkuð framlög úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum og spýta í frekar en hitt.

Skoða hvort til séu sjóðir eða fyrirtæki sem hægt væri að sækja um sérstakan styrk hjá til að uppfæra vefinn.

### 3. Halda áfram samstarfi við Þjóðleikhúsið með



Leikskrár og veggspjöld skoðuð.

### Athyglisverðustu áhugaleiksyningu ársins.

Miklar umræður hvort þessi liður eigi heima á starfsáætlun. Ekki spurning um gildi fyrirbærisins sem slíks heldur einungis hvort hann eigi heima á starfsáætlun.

Hópurinn leggur til að þessi liður verði felldur úr starfsáætlun.

#### Sérverkefni ársins

1. Skipuleggja stuttverkahátíð NEATA á Íslandi vorið 2014.

Hópurinn mjög jákvæður gagnvart verkefninu en beinir því til stjórnar að hún geri sitt ýtrasta til að gerð verði raunhæf fjárhagsáætlun þannig að Bandalagið beri ekki fjárhagslegan skaða af.

Silja Björk Huldudóttir gerði grein fyrir niðurstöðum hóps 4.

Hóp 4 skipuðu:

Silja Björk Huldudóttir, Hugleik, hópstjóri  
Alexander Páll Salberg, Leikfélagi Vestmannaeyja  
Kristján Guðmundsson, Leikfélagi Dalvíkur  
Salbjörg Engilbertsdóttir, Leikfélagi Hólmavíkur  
Ingibjörg Emilsdóttir, Leikfélagi Hólmavíkur  
Hjálmar Arinbjarnarson, Freyvangsleikhúsinu  
Brynhildur Sveinsdóttir, Leikfélagi Mosfellssveitar  
Þróstur Guðnason, Leikfélagi Rangæinga  
Helga Björk Pálsdóttir, Leikfélagi Kópavogs  
Hildur Tryggvadóttir, Leikfélagi Kópavogs  
Ágúst Torfi Magnússon, Leikfélagi Seyðisfjarðar

#### Almenn starfsemi

### 1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfseminni.

Skólinn að Húnavöllum. Ekkert var nema gott um hann að segja, enda kemur enginn samur þaðan, í jákvæðum skilningi. Allir voru sammála um að mikill metnaður ríkti í skólanum og hversu gott væri að geta einbeitt sér alfarið að náminu. Fram kom sú hugmynd að gaman gæti verið að bæta við námskeiði í sminki og gerð gerva. Hópurinn var sammála um að gott og nauðsynlegt væri að skólinn



Fólkið sem stýrir Bandalaginu, Ylfa, Guðfinna og Bernharð.

stæði undir sér. Einnig var rætt um nauðsyn þess að halda reglulega tækninámskeið, en dræm þátttaka í þeim hefur stundum valdið því að fella hefur þurft þau niður. Hópurinn taldi það jákvætt þegar félagsmenn geta nýtt sér tækninámskeið t.d. hjá Tækniskólanum, sem hægt er að fá metið til náms.

Leiklistarvefurinn - Lítil hreyfing á vefnum. Dagleg umræða er þar lítil, en gott að geta notað sem uppflettirit t.d. fyrir leikritasafnið og ýmsar praktískar upplýsingar.

Hópurinn ræddi almennt um rekstur þjónustumiðstöðvarinnar og kom fram að almenn ánægja væri með starfseminna og þjónustuna. Fram kom að flestir nýttu sér miðstöðina til að sjá um höfundarréttarmál og til að kaupa handrit og farða. Sumir bentu þó á að þeir versluðu fördunarvörur frekar á erlendum vefsíðum.

## 2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

Hópurinn var sammála um að halda þyrfti áfram að herja á stjórnvöld um mikilvægi þess að hækka aftur fjárfraðslög til starfsemi leikfélaganna í landinu.

Hópurinn ræddi tillögur stjórnar við fjárhagshalla BÍL og leist almennt ágætlega á þær. En í ljósi þess hve mikið fjárfraðslög til starfsemi leikfélaganna hafa lækkað á síðustu árum fannst mönnum mikið að þurfa að sjá á eftir milljón til reksturs skrifstofunnar og veltu fyrir sér hvort ekki væri frekar hægt að skera í staðinn niður í rekstrinum.

Hópnum fannst erfitt að gera þarfagreiningu á rekstri skrifstofunnar þar sem menn töldu sig ekki hafa nógu tæmandi yfirsýn yfir reksturinn og verkefni skrifstofunnar og því erfitt að gera sér góða grein fyrir hvar mætti spara og hvernig væri best að forgangsraða verkefnum. Hins vegar væri ljóst að nauðsynlegt væri að skera niður í launakostnaði fáist ekki hækkuð framlög eða styrkir.

Þeirri spurningu var þó velt upp hvort ástæða væri til að hætta allri farðasölu og vísa fólki á erlenda söluvefi. Einnig veltu menn fyrir sér hvort Bandalagið hefði efni á að vera með opna skrifstofu og búð allan ársins hring. Spurning hvort nóg væri að vera með tvo starfsmenn í 50%.

Hópurinn leggur til að hætt verði að kaupa ræstingaþjónustu og að ræsting verði sett í hendur núverandi starfsmanna skrifstofunnar.

Þeirri spurningu var einnig velt upp hvort hægt væri að



Stund milli stríða, Magnþóra, Þröstur, Þrúður og Sigríður.

lækka kostnað vegna fundarhaldna stjórnar, með því að nota tölvusamskipti meira og skype.

Hópurinn velti fyrir sér hverja skrifstofan þjónustar, þ.e. hvort skrifstofan sé að þjónusta aðila sem ekki greiða til rekstursins, s.s. skólaleikfélög.

## 3. Halda áfram samstarfi við Þjóðleikhúsið með Athyglisverðustu áhugaleiksfýningu ársins.

Hópurinn var sammála um að mikilvægt væri að halda áfram samstarfinu við Þjóðleikhúsið um Athyglisverðustu áhugaleiksfýningu ársins, enda hefði samstarfið gefist vel og væri góð leið til að gera áhugaleikfélög landsins sýnileg. Því væri full ástæða til að hvetja aðildarfélög til að sækja um, en viðtökur hafa verið góðar. Einnig varð nokkur umræða um hvort hægt væri að nýta viðburðinn til frekari kynningar á áhugaleiklistarstarfseminni. Þeirri spurningu var síðan velt upp í hópnum hvort hægt væri að efla tengsl við Borgarleikhúsið með einhverjum samþærilegum hætti.

### Sérverkefni ársins

## 1. Skipuleggja stuttverkahátíð NEATA á Íslandi vorið 2014.

Hópnum líst mjög vel á að haldin verði stuttverkahátíð NEATA hérlandis vorið 2014. Menntu almennt sannfærðir um að þátttaka gæti orðið góð væri auglýst eftir stuttverkasýningum með góðum fyrirvara. Rætt var um styrkjaleiðir og í því samhengi nefnt að athuga mætti með Nuuk-sjóðinn svonefnda sem styrkir verkefni sem fela í sér samvinnu á milli Reykjavíkur, Þórshafnar og Nuuk.

Þar sem ekki liggur ljóst fyrir hvar slík hátíð yrði haldin voru ræddir kostir og gallar hinna ólíku staðsetninga. Kostir þess að halda hátíð sem þessa á landsbyggðinni væru m.a. að auðveldara gæti verið að mynda skemmtilegt hátíðarsamfélag, en á móti kæmi að hærri ferðakostnaður gæti fylgt því fyrir erlenda gesti að vera ekki á höfuðborgarsvæðinu. Hópurinn var almennt sammála um að skemmtilegra væri að hafa hátíðina yfir tvo daga heldur en ef hátíðin væri bara einn dagur, enda næðist þá meiri hátíðarstemning. Slagorðinu „Stórhuga en samt raunsæ“ var haldið á lofti.

### Umræður um skýrslur hópa:

Sigríður Lára Sigurjónsdóttir sagði að ef styrkir fengjust





Formaður og frú, Þorgeir og Hulda.

til ákveðinna verkefna væri alls ekkert óeðlilegt við að hluti þeirra færi til verkefnastjórnunar á skrifstofu. Það væri hægt að sækja um styrki til mismunandi verkefna í mismunandi sjóði.

Ármann Guðmundsson gerði grein fyrir hvaða áhrif skert starfshlutfall hefði á forgangsörðun á sín verkefni í þjónustumiðstöðinni, fyrst og fremst mundi hægjast á allri vinnu við handritasafnið. Öðrum verkefnum eins og afgreiðslu, uppfærslu vefs og ráðgjöf þyrfti alltaf að sinna eftir því sem upp kæmi. Hann sagði að sér þætti ástæða til að minna á að ef ætlunin væri að halda stóra leiklistarhátíð árið 2015, eins og gert hefur verið á 5 ára fresti frá árinu 2000, þyrfti að fara huga að undirbúningi fyrir hana fljótlega og eitthvað þyrfti að koma fram um það á þessum aðalfundi, of seint væri að ákveða þetta eftir ár.

### Hópur 3. lagði fram eftirfarandi tillögu:

Hópur 3 leggur til að liður 3 á starfsáætlun um almenna starfsemi verði felldur út.

*F.h. hóps 3, F. Elli Hafliðason*

Dýrleif Jónsdóttir benti á að hægt væri að fella 3. lið inn í 1. lið ef menn vildu ekki hafa þetta sem sérlið á starfsáætlun en þó halda þessu á starfsáætlun.

Hörður Sigurðarson andmælti Dýrleifi, sagði að þetta ætti alls ekki heima í starfsáætlun þótt langflestir væru sammála um að halda ætti áfram þessu góða samstarfi.

Atkvæði greidd um tillöguna, hún samþykkt og liður 3. í starfsáætlunin felldur út.

Þorgeir Tryggvason lagði fram eftirfarandi tillögu:


Að stjórn kanni möguleika á að halda leiklistarhátíð 2015 og hefji undirbúning, telji stjórn slíka hátíð framkvæmanlegt verkefni.

*Þorgeir Tryggvason*

Ingólfur spurði hvort ekki ætti að nefna Akureyri í tillögunni. Þorgeir svaraði því neitandi, það væri ekki tímabært.

Tillagan samþykkt.

### Starfsáætlun Bandalags íslenskra leikfélaga fyrir leikárið 2013-14 er því eftirfarandi:



Þórhallur Sigurðsson, fulltrúi Þjóðleikhússins, tilkynnir valið á Athyglisverðustu áhugaleiksyningunni.

#### Almenn starfsemi

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfsemi.

2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

#### Sérverkefni ársins

1. Skipuleggja stuttverkahátíð NEATA á Íslandi vorið 2014.

2. Að stjórn kanni möguleika á að halda leiklistarhátíð 2015 og hefji undirbúning, telji stjórn slíka hátíð framkvæmanlegt verkefni.

### 14. Tillögur lagðar fyrir fundinn.

Þorgeir Tryggvason lagði fram eftirfarandi tillögu:

#### Tillaga lögð fyrir aðalfund Bandalags leikfélaga 2013

Stjórn Bandalags íslenskra leikfélaga leggur til að 1 milljón kr. af verkefnastyrk aðildarfélaganna verði látin ganga til reksturs þjónustumiðstöðvar Bandalagsins.

*f.h. stjórnar*

*Þorgeir Tryggvason*

Þorgeir sagði að þetta væri vissulega ekki skemmtilegt en hefði verið gert undanfarin ár og stjórn mæti það þannig að þetta væri nauðsynlegt.

Ingólfur Þórsson sagðist í prinsippinu vera á móti þessu, þetta væri vond lausn. Það ætti ekki að klípa af ríkisstyrkunum til leikfélaganna á hverju ári.

Hörður Sigurðarson sagði þetta vissulega vera súrt epli að bíta í en það séu ekki aðrar lausnir í boði þetta árið.

Ingólfur sagði að þetta væri sama umræða og á fundum síðastliðinna ára og niðurstaðan væri alltaf sú að skorið væri af pengingum sem leikfélögin ættu að fá. Það þyrfti að gera eitthvað róttækt í fjármálum Bandalagsins, skera þyrfti niður í rekstrinum, það væri ekki flóknara en það.

Þorgeir sagði að það hefði tvennt mikilvægt gerst varðandi fjárhag Bandalagsins síðan í fyrra, málið með Laugavegseignina hefði leysts, þótt vissulega hefði það ekki verið á þá leið sem við kusum, og svo hefði samningur við ríkið um 5 milljóna króna styrk á ári, næstu 3 árin, verið



Gerður og Halldór glöð á góðri stund.

gerður. Ákveðinni óvissu væri þ.a.l. eytt og auðveldara yrði framvegis að gera markvissar ráðstafanir.

Tillagan borin upp og samþykkt.

Hörður Sigurðarson ræddi höfundarréttar- og höfundagreiðslumál og sýndi dæmi um það hvernig það, að setja upp nokkur stuttverk, getur verið mun dýrara en að setja upp leikrit í fullri lengd þar sem samkvæmt samningi við Félag leikskálda og handritshöfunda þarf ávallt að greiða fyrir átta sýningar eins og þegar um lengri sýningar er að ræða, en stuttverkasýningar séu langoftast sýndar aðeins 1–3 sinnum. Hörður lagði eftirfarandi tillögu fram:

Aðalfundur felur stjórn að kanna hvort sömu lög eigi ekki við um samning sem BÍL hefur gert við Rithöfundasambandið og Félag leikskálda og handritshöfunda um taxta fyrir höfunda- og þýðendalaun og giltu fyrir leikstjórasmningana svokölluðu, og hann sé því ekki löglegur.

Ef samingurinn reynist löglegur er stjórn falið að fá fram endurskoðun á samningnum með það fyrir augum að fá fram lækkun á höfundarlaunum fyrir styttri verk.

*Hörður Sigurðarson*

Hrefna Friðriksdóttir sagði að það væri sitthvor hluturinn, leyfi og greiðsla. Hún hvatti leikfélög sem hefðu hug á að setja upp stuttverk til að hafa samband við höfunda og semja við þá um lægri greiðslur eða fá þá til að fella með öllu niður höfundagreiðslur.

Atkvæði greidd og tillagan samþykkt.

### 15. Stjórnarkjör.

Dýrleif Jónsdóttir gerði grein fyrir stöðu framboðsmála. Þorgeir Tryggvason gaf kost á sér til áframhaldandi setu sem formaður og Ólöf Þórðardóttir gaf kost á sér í stjórn.

Þrúður Sigurðar og Þórvör Embla Guðmundsdóttir gáfu kost á sér til áframhaldandi setu í varastjórn og Salbjörg Engilbertsdóttir, Leikfélagi Hólmavíkur, gaf jafnframt kost á sér í varastjórn.

Öll voru þau því sjálfkjörin og því fagnað með lófaklappi.

### 16. a. Kosning 3ja manna kjörnefndar og eins vara-



„Ertu að tala við okkur?“ Kristján og Axel.

### manns til eins árs.

Dýrleif Jónsdóttir, Sigríður Lára Sigurjónsdóttir og Gerður Sigurðardóttir voru endurkjörnar og Gunnhildur Sigurðardóttir til vara.

### 16. Kosning 2ja skoðunarmanna reikninga og eins til vara til eins árs.

Hrefna Friðriksdóttir og Anna Jórunn Stefánsdóttir, Leikfélagi Hveragerðis, voru endurkjörnar og Júlía Hannam, Hugleik, til vara.

### 17. Ákveðið árgjald til Bandalagsins.

Halldór Sigurgeirsson gerði grein fyrir tillögu stjórnar að árgjaldi. Stjórn lagði til óbreytt árgjald frá fyrra ári:

### Tillaga stjórnar að árgjaldi 2013-2014

Stjórn Bandalags íslenskra leikfélaga leggur til að árgjöld aðildarfélaga fyrir leikárið 2013-2014 verði kr. 60.000.

Félög sem setja upp tvær styrkhæfar sýningar á leikárinu borgi eitt og hálf gjald eða 90.000 og félög sem setja upp þrjár sýningar eða fleiri borgi tvöfalt gjald eða kr. 120.000.

Félög sem setja ekki upp styrkhæfa sýningu á leikárinu borgi hálf árgjald eða kr. 30.000.

Tillaga stjórnar samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

### 18. Önnur mál

Hörður kynnti miðakaupakerfi sem Leikfélag Kópavogs hefur verið að nota í vetur, midakaup.is. Samningurinn gengur út á að Miðakaup tekur 49 kr. og 4,9% af hverjum miða. Hann lét mjög vel af samstarfinu og sagði að þeir hefðu boðið upp á að ef nokkur félög tækju sig saman gætu þau mögulega gert samning um betri kjör. Einnig væru midakaup.is með samning við mbl.is sem gerði þá viðburði sem eru þar í sölu sýnilega á mbl.is.

Helena Helgadóttir sagðist telja að liðurinn „Önnur mál“ ætti almennt ekki heima á dagskrá aðalfundar þar sem öll mál ættu að liggja fyrir, fyrir fund.

Bernharð Arnarson sagði að stjórn mundi taka það til athugunar en það kallaði á lagabreytingar.



Ölfyssingarnir Magnþóra, Árný og Hulda.



Kærleikur sveif yfir vötnum, Þráinn, Ármann og Bernharð.

### 19. Næsti aðalfundur, hugmyndir reifaðar um stað og stund.


Zindri Freyr Ragnarsson sagði Leikfélag Vestmannaeyja bjóðast til að halda næsta aðalfund og bauð fundargesti velkomna til Eyja á næsta ári.

Þorgeir þakkaði fundarmönnum fyrir fjölmennan og öflugan fund og hvatti menn til að hætta aldrei að reyna gera starf áhugaleikfélagana öflugra og skemmtilegra. Að því loknu sleit hann fundi.

*Fundargerð ritaði  
Ármann Guðmundsson*



Dýrleif, Guðfinna og Sigríður Lára setja sigí fyrirsætustellingar.



Aldursforsetinn og eilífðarunglambið María Guðmundsdóttir.

## Menningarstefna Bandalags íslenskra leikfélaga

Blómleg starfsemi og fjöldi leikfélaga hér á landi vitnar um að leiklistin er almenningsseign. Stór hópur fólks, óháð aldri, kyni og þjóðfélagsstöðu, nýtir frítíma sinn í skapandi starf og vinnur saman að leiklist. Bandalag íslenskra leikfélaga vill vinna að þróun og eflingu leiklistar með því:

- að stuðla að uppbyggingu leiklistarstarfs í öllum byggðarlögum.
- að gera áhugafólki kleift að afla sér menntunar í listinni og skapa því aðstöðu til að þroskast í menningarlegu og faglegu tilliti.
- að stuðla að því að börn og unglingar kynnist leiklist, jafnt sem þátttakendur og áhorfendur.
- að starfa með atvinnufólki að því markmiði að leiklistinni verði ætíð tryggð þroskavænleg skilyrði.
- að stuðla að samskiptum og samvinnu leiklistaráhuga fólks á norrænum og alþjóðlegum vettvangi.
- að hvetja til að listrænn metnaður og virðing fyrir leiklistinni sé leiðarljós allra áhugaleikara.
- að halda á lofti gildi þeirrar reynslu sem fæst með samstarfi og í samneyti við annað fólk.

*Samþykkt á aðalfundi í Reykholti 5. maí 2001.*

## Allt fyrir andann

*Sameiningarsöngur Bandalags íslenskra leikfélaga*

Það mælti mín móðir  
að mér skyldi kaupa  
fleyg af fegursta víni.  
En lát'eins og leikstjórinn  
– lítið mig staupa'  
en ég stressast svo þegar ég sýni.

Og botnlanginn brostinn  
og bévítans sárin í maganum,  
hvað ég er kvalinn.  
Og gómana glepti'  
en ég gat gegnum tárinn  
brosað samt út í salinn.

Því ég er einskis dóttir, ég er einskis son  
ég er ykkar systkin, það er engin von  
í heiminum fyrir handan  
Bandalagið.  
Sem elding leiftri inní mér  
mitt annað heimili er hér  
er allt fyrir andann  
Bandalagið.

Og víst er að vörðinn  
við vandlega stöndum  
um menningararfinn okkar.  
Af hugsjónahita  
á hrollköldum ströndum  
Íslands – því leikhúsið lokkar.

Sá grátur, sú gleði  
sá galdur að skapa  
fegurð oft furðu vekur.  
En ef ég er álitinn  
ærunni tapa  
af að leika er ljóst ég er sekur.

Því ég er einskis dóttir, ég er einskis son ...

*Lag: Oddur Bjarni Þorkelsson og Sigurður Illugason*

*Texti: Oddur Bjarni Þorkelsson*

# Ársreikningur Bandalags íslenskra leikfélaga 2012

**Bandalag íslenskra leikfélaga**

**ÁRSREIKNINGUR**

---

2012

**Efnisyfirlit**

Skýrsla stjórnar og framkv.stjóra	2
Áritun endurskoðanda	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5 - 6
Sundurliðanir	7 - 8

---


## Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

---

Stjórn og framkvæmdastjóri Bandalags íslenskra leikfélaga staðfesta hér með ársreikning Bandalagsins fyrir árið 2012 með áritun sinni

Reykjavík, 16. mars 2013

Stjórn :


  
Póttur Sigurðsson
   
Guðjónna Gunnarsdóttir
   
Ólaf A. Þórðardóttir
   
Ráðdal Sigrún


  
Bernhard Árnason
   
Förvi Embla Guðmundsd.

Framkvæmdastjóri

Vilborg Arny Valgautsdóttir

## Áritun Bókhalds og kennslu ehf

---


Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir Bandalag íslenskra leikfélaga vegna ársins 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar nr. 1-8

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir við gerð óendurskoðara ársreikninga með það að markmiði að aðstoða Bandalag íslenskra leikfélaga við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum. Við höfum tekið ákveðna liði ársreikningsins til sérstakrar skoðunar og yfirfarið framsetningu hans í heild.

Við höfum ekki endurskoðað ársreikninginn og þar af leiðandi ekki sannreynt grundvöll hans.

Framsetning ársreiknings er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram.

Reykjavík 12. febrúar 2013



---

Bókhald og kennsla ehf  
Inga Jóna Óskarsdóttir, viðurkenndur bókari

---

Við undirritaðir, félagslegir skoðunarmenn Bandalags íslenskra leikfélaga, höfum yfirfarið ársreikning þennan fyrir árið 2012 og ekkert fundið athugavert.


Reykjavík

8. mars 2013



---

Anna Jóna Stefánsdóttir



---

Hrefna Friðriksdóttir

## Rekstrarreikningur ársins 2012

Rekstrartekjur	skýr	2012	2011
<b>Árgjöld, styrkir og fleira:</b>			
Árgjöld aðildarfélaga		3.895.000	2.905.000
Ríkissjóðsstyrkur		3.500.000	3.600.000
Aðrir styrkir		2.050.000	0
Leiklistarskóli BÍL	1	3.363.300	2.591.500
Leiklist.is	2	67.645	38.570
Aðrar tekjur	3	199.969	270.559
<b>Samtals</b>		<b>13.075.914</b>	<b>9.405.629</b>
<b>Sala:</b>			
Sala á farða		3.344.394	3.025.863
Sala á handritum		391.495	427.011
Sala á bókum		340.275	26.899
<b>Samtals</b>		<b>4.076.164</b>	<b>3.479.773</b>
<b>Rekstrartekjur samtals</b>		<b>17.152.078</b>	<b>12.885.402</b>
<b>Rekstrargjöld</b>			
<b>Kostnaðarverð seldra vara og fleira:</b>			
Farði		1.799.847	2.403.097
Handrit		645.206	751.213
Birgðabreyting	8	1.376.655	-471.813
Afskrifaðar ónýttar vörur		65.134	13.033
<b>Samtals</b>		<b>3.886.842</b>	<b>2.695.530</b>
Laun og launat. Gjöld	4	10.019.739	9.910.378
Ýmiss rekstrarkostnaður	5	2.324.133	2.851.831
Húsaleiga		1.033.025	2.079.398
Leiklistarskóli BÍL	1	3.343.836	2.757.691
leiklist.is	2	31.162	90.297
Vaxtagjöld		141.500	3.636
Tapaðar kröfur v. faseignar		9.701.922	0
Afskriftir fastafjármuna	6	251.794	87.634
<b>Samtals</b>		<b>26.847.111</b>	<b>17.780.865</b>
<b>Rekstrargjöld samtals</b>		<b>30.733.953</b>	<b>20.476.395</b>
<b>HAGNAÐUR (TAP) ÁRSINS</b>		<b>-13.581.875</b>	<b>-7.590.993</b>



**Efnahagsreikningur 31. desember 2012**

<b>Eignir</b>	skýr	<b>31.12.2012</b>	<b>31.12.2011</b>
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Innrettingar og húsbúnaður		156.099	214.309
Áhöld og tæki		320.596	514.180
<b>Samtals</b>		<u>476.695</u>	<u>728.489</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Birgðir	7	3.473.930	4.908.597
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		191.175	274.575
Útistandandi vegna sölu fasteignar		0	9.701.922
Handbært fé	8	307.358	355.444
<b>Samtals</b>		<u>3.972.463</u>	<u>15.240.538</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>4.449.158</u></u>	<u><u>15.969.027</u></u>

**Efnahagsreikningur 31. desember 2012**

<b>Eigið fé og skuldir</b>	skýr	<b>31.12.2012</b>	<b>31.12.2011</b>
<b>Eigið fé</b>			
Höfuðstóll 1.1.		14.620.613	22.211.606
Rekstrarhagnaður		-13.581.875	-7.590.993
Eigið fé alls		<u>1.038.737</u>	<u>14.620.613</u>
<b>Skuldir</b>			
Bankreikningslán		2.013.479	775.873
Ýmsir lánadrottnar		701.931	228.658
Ógreidd laun og launatengd gjöld		695.010	343.883
Samtals		<u>3.410.420</u>	<u>1.348.414</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u><b>4.449.157</b></u>	<u><b>15.969.027</b></u>

**Sundurliðanir**

	2012	2011
<b>1. Leiklistarskóli BIL</b>		
<b>Tekjur</b>		
Húnavallaskóli - Þátttökugjöld nemenda	3.233.300	2.591.500
Stjórnun leikfélaga, þátttökugjöld nemenda	130.000	
<b>Samtals</b>	<b>3.363.300</b>	<b>2.591.500</b>
<b>Gjöld</b>		
Húnavallaskóli	3.242.833	2.757.691
Stjórnun leikfélaga	101.003	
<b>Samtals</b>	<b>3.343.836</b>	<b>2.757.691</b>
<b>2. Leiklist.is</b>		
<b>Tekjur</b>		
Auglýsingar	34.645	35.570
Skráningargjöld	33.000	3.000
<b>Samtals</b>	<b>67.645</b>	<b>38.570</b>
<b>Gjöld</b>		
Dropbox vefafritun	12.685	12.130
Hýsing vefs og áskrift þjónustu	18.477	78.167
Viðhald og endurbætur	0	0
<b>Samtals</b>	<b>31.162</b>	<b>90.297</b>
<b>3. Aðrar tekjur</b>		
Ymsar tekjur	2.418	0
Vaxtatekjur	23.287	56.670
Tekjur vegna innheimtu höfundarlauna	174.264	213.889
<b>Samtals</b>	<b>199.969</b>	<b>270.559</b>
<b>4. Laun og launatengd gjöld</b>		
Laun starfsfólks	6.776.250	6.732.382
Lífeyrissjóðsgjöld	677.625	673.242
Sjúkra-, orlofs- og starfsmenntasjóður	107.061	106.366
Tryggingagjald	585.903	640.588
Dagpeningar	1.872.900	1.757.800
<b>Samtals</b>	<b>10.019.739</b>	<b>9.910.378</b>
<b>5. Ymiss rekstrarkostnaður</b>		
Rafmagn, ræsting	338.640	381.664
Viðhald húsnæðis	0	50.192
Vátryggingar	110.668	102.930
Akstur og burðargjöld	224.177	219.510
Símakostnaður	181.242	97.317
Ritföng	26.030	65.221
Greiðsluseðlar og þjónustugjöld	92.615	79.191
Rekstur tölvukerfis	0	32.980
Kaffi og hreinlætisvörur	40.036	40.729
Kynningarstarf og auglýsingar	0	0
<b>framhald á næstu síðu</b>	<b>1.013.408</b>	<b>1.069.734</b>

**Sundurliðanir, framhald**

	2012	2011	
<b>5. Ymiss rekstrarkostnaður</b>			
<b>Flutt af fyrri síðu</b>	<b>1.013.408</b>	<b>1.069.734</b>	
Gjaldfærð áhöld	0	2.940	
Stjórnarfundir	223.478	80.189	
Aðalfundur BIL	1.040.740	820.481	
Innheimtur kostn. vegna aðalfundar BIL	-743.000	-564.800	
Kostnaður vegna nefnda	20.550	18.534	
Kostnaður vegna NAR, NUTU, NEATA og IATA	151.805	260.541	
Félagsgjald IATA	106.581	102.000	
Félagsgjald Leiklistarsambands Íslands	40.000	0	
Securitas, vöktun	149.447	118.981	
Hugbúnaðarleiga, Netbókhalð.is	92.616	110.569	
Arsuppgjör og bókhaldsþjónusta	94.125	246.755	
Askript og bókakaup	6.654	6.975	
Gjafir	26.489	57.739	
Utgáfa ársrits	65.728	177.959	
Smááhöld á skrifstofu	10.978	28.989	
Stuttverkahátíðin Margt smátt	0	65.590	
Annar kostnaður	23.412	237.322	
Fjármagnstekjuskattur	1.122	11.333	
<b>Samtals</b>	<b>2.324.133</b>	<b>2.851.831</b>	
<b>6. Varanlegir rekstrarfjármunir</b>			
	Innréttingar og húsbúnaður	Tölvur og tæki	Samtals
Bókfært virði 01.01	214.309	514.180	728.489
Afskrifað á árinu	58.210	193.584	251.794
Bókfært virði 31.12	<b>156.099</b>	<b>320.596</b>	<b>476.695</b>
<b>7. Birgðir</b>			
Birgðir greinast þannig :			
Saga BÍL, bókabirgðir	572.012	2.173.473	
Farði	2.906.930	2.682.124	
	<b>3.478.942</b>	<b>4.855.597</b>	
<b>8. Handbært fé</b>			
Sparisjóðsbók 0334-15-2020729	0	11.295	
Húsaleigutrygging 0301-13-304003	257.239	252.792	
Sjóður - peningakassi	50.119	91.357	
	<b>307.358</b>	<b>355.444</b>	

# Greinargerð vegna Laugavegsmálsins

Eins og ykkur er öllum kunnugt þá seldi Bandalagið húseign sína að Laugavegi 96 í Reykjavík í júní 2008. Kaupandi var Continental á Íslandi ehf, fyrirtæki sem er í eigu Andreasar Roth sem einnig er eigandi efstu hæðarinnar í sama húsi, ásamt því að eiga fyrirtækið CHI Sparibill ehf, Fiskislóð 16 í Reykjavík.

Kaupverðið var 26,8 mkr. og voru 3,5 mkr. greiddar við undirskrift kaupsamnings. Eftirstöðvar áttu að greiðast við afhendingu sem var 1. september 2008. Við rýmdu húsnæðið á umsömdum tíma en þegar við ætluðum að ganga frá afsali þá var komið eitthvað babb í bátinn hjá kaupandanum og lán sem hann var búinn að fá loforð fyrir hjá Verðbréfa- og fasteignafjármögnunarfyrirtækinu Virðingu dróst eitthvað á langinn og loforð var gefið um að ganga frá þessu að fullu í október. Við höfðum ekki stórar áhyggjur af þessu enda með fullvissu frá Virðingu um að þetta myndi allt ganga á endanum.

En áður en það gerðist hrundi bankakerfið og allt fraus fast.

Það varð að samkomulagi eftir mikið japl, jaml og fuður að kaupanda yrði gefinn frestur til 1. september 2010 til að klára að fjármagna kaupin. Fram að þeim tíma greiddi hann málamyndavexti mánaðarlega. Þegar lánið loksins kom frá Virðingu dekkjaði það einungis 14,1 mkr. og enn voru því eftirstöðvar af kaupverði 9,2 mkr.

Og við það sat allar götur síðan. Ekki hefur verið greidd ein einasta króna í 2 ár.

En kaupandinn hefur reglulega haft samband við okkur til að láta okkur vita um þróun mála; að hann væri komin með öll sín mál í endurfjármögnun hjá Landsbankanum, fyrst hans persónulegu eignir, síðan Sparibill og restina átti að reka endurfjármögnun á fyrirtækinu sem keypti af okkur, Continental á Íslandi ehf. Við höfðum meira segja fengið staðfestingu frá sérfræðingi bankans í fyrirtækjavíðskiptum, Magnúsi Ægissyni, á því að þetta væri allt eins og sagt var. Við yrðum bara að halda áfram að sýna þolinmæði, þetta myndi allt leysast á endanum.

Stjórn Bandalagsins hefur haft af þessu máli miklar áhyggjur og var það rætt á öllum stjórnar- og aðalfundum, en úrræði voru fá. Þó var ákveðið á stjórnarfundi í júní sl. að leita aftur aðstoðar fasteignasölnunnar sem sá um söluna á sínum tíma og ef það bæri ekki árangur þá myndi Bandalagið ráða sér lögfræðing í september til að koma einhverri hreyfingu á málið. Þolinmæðin væri á þrotum.

Það var gert og fengum við til liðs við okkur sómamanninn Eggert Pál Ólason hjá Íslensku lögfræðistofunni sem lofaðist til að taka málið að sér endurgjaldslaut, a.m.k. þangað til í ljós kæmi hvort innheimta bæri árangur.

En málið tók óvænta stefnu þann 26. september þegar bréf barst frá Sýslumanninum í Reykjavík þar sem okkur var tjáð að nauðungarsala á eigninni færi fram þann 16. október 2012. Við tók mikið stress og stríð við að reyna allt sem hugsast gat til að gæta okkar hagsmuna. En áhvilandi á eigninni var lánið frá Virðingu, sem nú var komið í rúmar 20 mkr. ásamt fasteignagjöldum og öðrum opinberum gjöldum, alls að upphæð um 21 mkr.

Það sem við okkur blasti var að reyna að yfirtaka lánið og halda þar með eigninni, með það fyrir augum að selja hana aftur og reyna að fá uppi skuldina. Virðing var til viðræðu um að við yfirtækjum lánið en til þess þyrftum við að greiða þeim 4 mkr. en ekkert hafði greinlega verið greitt af þessu láni frá upphafi. Eins þyrftum við að standa skil á ógreiddum opinberum gjöldum, samtals þyrfti Bandalagið að fá að láni 4,5 mkr. til að yfirtaka okkar á eigninni gæti gengið upp. Fjárhagsstaða Bandalagsins er eins og ykkur mun kunnugt þannig að þessi leið var okkur ófær og var sameiginleg niðurstaða stjórnar að uppboðið yrði að hafa sinn gang.

Nauðungarsalan fór svo fram í eigninni sjálfri þriðjudaginn 16. október kl. 11.00 að viðstöddum fulltrúum sýslumanns, kaupandanum, undirritaðri og löfræðingnum okkar, ásamt fulltrúa Virðingar og tveimur öðrum mönnum. Þegar inn var komið var ömurlegt um að litast, búíð var að rífa allt innan úr húsnæðinu og hvorki var þar að finna vask né klósett og meira að segja virðist sem burðarveggir hafi verið rifnir líka því stífað hafði verið undir loftið sem virtist hafa sigið hér og þar. Það blasti við að það hefði kostað mikla peninga að koma eigninni í það horf að fyrir hana fengist meira en á henni hvíldi. Enda virtist mönnum ekki litast á blikuna, fyrsta boð var frá Virðingu uppá 12 mkr. þá buðu þessir tveir ókunnugu menn á móti en niðurstaðan varð sú að eignin var slegin Virðingu á 18 mkr. en fulltrúi fyrirtækisins sagði okkur á eftir að hann hefði haft umboð til að bjóða upphæðina sem lánið þeirra stóð í.

Lögfræðingurinn okkar ætlar að senda Virðingu kröfu um að ef fyrirtækið selur eignina og fær fyrir hana meira en kostnaðinn sem þeir leggja út ásamt láninu þá fái Bandalagið mismuninn. Það er svo undir Virðingu komið hvort á það verður hlustað. Mestar líkur eru þó á því að þessir fjármunir séu okkur tapaðir.

Þannig fór nú það.

Best er líklega, úr því sem komið er, að taka jákvæðina á þetta og segja sem svo;

Við keyptum eignina árið 1995 í frekar slæmu ásigkomulagi á 4,5 mkr. - gerðum hana að mestu leiti sjálf í stand og bjuggum þar í 13 ár. Þá var komið að því að ráðast þurfti í mikið viðhald á eigninni, sérstaklega að utanverðu, og hefði Bandalagið þurft að taka lán til þeirra framkvæmda. Frekar en að gera það var ákveðið að selja og var það gert í júní árið 2008 fyrir 17,6 mkr. en þeir peningar hafa haldið starfsemi þjónustumiðstöðvarinnar á floti í þessum mikla niðurskurði opinberra styrkja sem Bandalagið hefur orðið fyrir frá hrúni.

*F.h. stjórnar BÍL  
Vilborg Árný Valgarðsdóttir  
framkvæmdastjóri*

# Lög Bandalags íslenskra leikfélaga

## 1. grein

Samtökin nefnast Bandalag íslenskra leikfélaga. Heimili Bandalagsins og varnarþing er í Reykjavík.

## 2. grein

Bandalagið er landssamtök áhugaleikfélaga á Íslandi og kemur fram fyrir hönd leikfélaganna gagnvart íslenskum og erlendum yfirvöldum. Það gætir hagsmuna áhugaleiklistarinnar innan samtaka leikhúsfólks, t.d. í Leiklistarsambandi Íslands og fer með aðild Íslands að Norræna áhugaleikhúsráðinu, NAR, Norður-evrópska áhugaleikhúsráðinu, NEATA, og Þjóðlega áhugaleikhúsráðinu, IATA.

## 3. grein

Markmið Bandalagsins er að vinna að þróun og eflingu leiklistar á Íslandi.

Markmiði þessu hyggst það ná með því:

1. Að stuðla að uppbyggingu leiklistarstarfs í öllum byggðarlögum landsins.
2. Að gera áhugafólki kleift að afla sér menntunar í listinni og skapa því aðstöðu til að þroskast í menningarlegu og faglegu tilliti.
3. Að annast innkaup og sölu á varningi sem leiklistarstarfsemi þarfnast.
4. Að útvega leikverk og sjá um fjölrítun þeirra eða útgáfu.
5. Að útvega leikstjóra/leiðbeinendur sé þess óskað.
6. Að miðla upplýsingum og fræðslu á skilvirkan hátt.
7. Að kynna starfsemi íslenskra áhugaleikfélaga innan lands sem utan.
8. Að örva leikfélög til að leita nýrra leiða í leiklistarstarfi.

Til að auðvelda sér að ná markmiðum sínum rekur Bandalagið þjónustumiðstöð og heldur úti Leiklistarvefnum.

## 4. grein

Öll félög áhugamanna, sem hafa leiklist á stefnuskrá sinni og verja öllum sínum tekjum til viðhalds og uppbyggingar leiklistinni sjálfri og ekki eru tengd neinni stofnun, geta gerst aðilar að Bandalaginu. Heimilt er þó að veita leikfélögum aldraðra og öryrkja aðild, þó þau séu tengd stofnun, enda uppfylli þau önnur skilyrði um inngöngu. Inngöngubeiðni þarf að vera skrifleg og skal fylgja afrit af lögum félagsins og upplýsingar um hverjir skipa stjórn þess. Stjórn Bandalagsins afgreiðir inngöngubeiðnir og leggur samþykktar beiðnir fram til staðfestingar á aðalfundi. Gæta þarf þess að félagslög brjóti ekki í bága við lög Bandalagsins. Aðildarfélög greiða árgjöld til Bandalagsins samkvæmt ákvörðun aðalfundar þess. Gjaldldagi árgjalda er 1. september.

## 5. grein

Bandalagið aflar sér tekna með:

1. Opinberum styrkjum.
2. Árgjöldum félaganna.

3. Öðrum þeim leiðum sem stjórn og framkvæmdastjóri sameiginlega telja færar.

## 6. grein

a) Aðalfundur er æðsta vald Bandalagsins og skal hann haldinn eigi síðar en í september ár hvert. Stjórn Bandalagsins ákveður þingstað hverju sinni. Aðalfundur skal boðaður með minnst mánaðar fyrirvara. Í fundarboði skal tilgreina þingstað, fundartíma og dagskrá fundarins. Fundarboði skulu fylgja reikningar Bandalagsins og framkomnar lagabreytingartillögur. Tillögur til lagabreytinga skulu sendar þjónustumiðstöð Bandalagsins eigi síðar en 6 vikum fyrir aðalfund. Hvert aðildarfélag hefur eitt atkvæði á aðalfundi og skal einn fulltrúi fara með atkvæðið. Heimilt er að tilnefna annan fulltrúa til vara. Allir fundarmenn hafa málfrelsi og tillögurétt. Kjörbréf til handa fulltrúanum og varamanni hans skulu staðfest af formanni eða ritara viðkomandi félags og afhent starfsfólki þjónustumiðstöðvar fyrir fundinn.

b) Verkefni aðalfundar skulu vera:

1. Fundarsetning. Kosning 2ja fundarstjóra og 2ja fundarritara, sem taka þegar til starfa. Lögmati fundarins kannað.
2. Kjörnefnd afgreiðir kjörbréf og afhendir atkvæðaspjöld, skýrir stöðu mála varðandi stjórnarkjör og auglýsir eftir tillögum.
3. Menningarstefna Bandalagsins lesin og rædd.
4. Staðfest inntaka nýrra félaga, félög tekin af félagaskrá.
5. Fundargerð síðasta aðalfundar afgreidd.
6. Skýrsla stjórnar.
7. Framkvæmdastjóri leggur fram endurskoðaða reikninga síðasta árs og skýrir þá.
8. Umræður um skýrslu stjórnar og afgreiðsla reikninga.
9. Skýrslur nefnda og umræður um þær.
10. Drög að starfsáætlun næsta árs kynnt og skipað í starfshöpa.
11. Kjörnefnd tilkynnir niðurstöður sínar og mælir með a.m.k. 1 aðila í hvert sæti sem kjósa skal í.
12. Lagabreytingar.
13. Tillögur lagðar fyrir fundinn.
14. Starfsáætlun afgreidd.
15. Stjórnarkjör.
16. a. Kosning 3ja manna kjörnefndar og eins varamanns til eins árs.
- 16.b. Kosning 2ja skoðunarmanna reikninga og eins til vara til eins árs.
17. Ákveðið árgjald til Bandalagsins.
18. Önnur mál
19. Næsti aðalfundur, hugmyndir reifaðar um stað og stund.

c) Tillögur sem kjörnefnd getur ekki gert að sínum og tillögur sem berast eftir að kjörnefnd lýkur störfum skulu studdar af a.m.k. 3 atkvæðisbærum fulltrúum. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður útslitum mála á aðalfundi, þar sem annað er ekki tekið fram. Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á aðalfundi. Til lagabreytinga og brottvikningar úr Bandalaginu þarf 2/3 greiddra atkvæða á aðalfundi.

d) Kveða skal til aukafundar ef tíu eða fleiri félög óska þess. Framkvæmdastjóri skal þá boða strax til aukafundar og skal hann haldinn innan eins mánaðar frá boðun. Aðalfundir og aukafundir eru löglegir og ályktunarhæfir ef löglega er til þeirra boðað.

e) Fundargerðir aðalfunda skulu samþykktar af stjórn og birtar á Leiklistarvefnum.

### 7. grein

Stjórn Bandalagsins fer með æðsta vald Bandalagsins milli aðalfunda, hana skipi 5 menn, formaður, varaformaður, ritari og tveir meðstjórnendur. Þeir skulu kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn, þannig að annað árið er kosinn formaður og einn stjórnarmanna, en næsta ár þrír stjórnarmenn. Formaður er kosinn sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Á sama hátt skal kjósa ýmist tvo eða þrjá í fimm manna varastjórn. Varastjórnarmenn eru boðaðir á alla stjórnarfundir og hafa málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt nema þegar þeir taka sæti í aðalstjórn vegna forfalla aðalmanna. Kosningar skulu bundnar við uppástungur. Formaður boðar til stjórnarfunda. Halda skal minnst fjóra stjórnarfundir á ári og skulu fundargerðir birtar á Leiklistarvefnum og í Ársriti Bandalagsins. Fundur er lögmætur ef minnst þrír aðalmenn mæta.

### 8. grein

Stjórn ræður framkvæmdastjóra fyrir Bandalagið, svo og annað starfsfólk. Framkvæmdastjóri fer með framkvæmdavald í umboði stjórnar. Hann skal annast daglegan rekstur Bandalagsins og vinna að öðru leyti í samræmi við þessi lög. Um önnur nauðsynleg atriði skal fjalla í ráðningarsamningi. Framkvæmdastjóri er ábyrgur gagnvart stjórn Bandalagsins og aðalfundi þess. Hann, sem og annað fastráðið starfsfólk Bandalagsins, skal hafa málfrelsi og tillögurétt á aðalfundi og öðrum fundum bandalagsins. Starfsfólk Bandalagsins skal ekki fara með atkvæði á aðalfundi.

### 9. grein

Starfsfólki Bandalagsins er heimilt að greiða fyrir einstaklingum, skólum og félögum utan Bandalagsins, enda sé því kunnugt að það brjóti ekki í bága við hagsmuni Bandalagsfélaganna. Fyrir slíka aðstoð áskilur Bandalagið sér þóknun.

### 10. grein

Stjórn skipar nefndir til að sinna þeim verkefnum sem þurfa þykir, eða kveðið er á um í starfsáætlun. Stjórn afhendir hverri nefnd skipunarbréf þar sem kveðið er á um hlutverk nefndarinnar. Nefndir starfa eftir tímaramma og gera stjórn grein fyrir framvindu mála sé þess óskað. Nefndir skila skýrslu á aðalfundi.

### 11. grein

Kjörnefnd starfar milli aðalfunda. Skal hún kanna hug aðildarfélaganna til stjórnarkjörs og taka við tillögum.

### 12. grein

Reikningsár Bandalagsins er almanaksárið. Reikningar þess skulu settir upp af viðurkenndum bókará eða löggiltum endurskoðanda og skulu þeir vera tilbúnir fyrir

skoðunarmenn reikninga eigi síðar er fjórum vikum fyrir aðalfund.

### 13. grein

Sérhvert aðildarfélag skal senda Bandalaginu ítarlega skýrslu um starfsemi sína, fyrir 10. júní ár hvert, á þar til gerðum eyðublöðum frá þjónustumiðstöðinni. Þar skal getið verkefna á leikárinu, fjölda leiksýninga, sýningarstaða og annars þess sem máli kann að skipta. Á sama tíma skulu stjórnir aðildarfélaganna skila greinargerð um starfsemi ársins til birtingar í í Ársriti bandalagsins. Stjórn Bandalagsins er heimilt að setja nánari reglur um hvaða gögn þurfa að fylgja skýrslu.

### 14. grein

Aðildarfélögum er heimilt að stofna með sér sérsambönd og skulu þau vinna að sameiginlegum hagsmunamálum eftir því sem aðstæður leyfa. Lög og reglur skulu vera í samræmi við lög Bandalagsins.

### 15. grein

Sé árgjald aðildarfélags eigi greitt fyrir aðalfund missir félagið atkvæðisrétt sinn á fundinum. Vanskil á greiðslu árgjalds í tvö ár veitir stjórn Bandalagsins heimild til að víkja viðkomandi félagi úr Bandalaginu með samþykki aðalfundar. Aðalfundur getur vikið félagi úr Bandalaginu hafi það gerst brotlegt við lög eða samþykktir þess.

### 16. grein

Heimilt er að stofnsetja sjóði innan Bandalagsins, enda séu þeir ætlaðir til framgangs málefnum þess. Stjórnin setur reglur varðandi lán eða leigu Bandalagsins á eignum þess eða sameiginlegri eign Bandalagsfélaganna í vörslu Bandalagsins.

### 17. grein

Bandalagsfélög sem ferðast með leikrit til sýninga, skulu hafa samráð við leikfélög á fyrirhuguðum sýningarstöðum, svo sýningar þeirra skaði ekki viðkomandi félög. Í sýningarferðum skulu Bandalagsfélögin aðstoða hvert annað eftir bestu getu.

### 18. grein

Hvert aðildarfélag hefur rétt til að skjóta öllum ágreiningsmálum sem rísa kunna í félaginu eða milli einstakra aðildarfélaga, til stjórnar Bandalagsins.

### 19. grein

Bandalagi íslenskra leikfélaga verður ekki slitið nema 4/5 atkvæðisbærra fulltrúa á aðalfundi séu því samþykktir. Stjórn Bandalagsins skal þó sitja áfram og boða til annars fundar 4–6 mánuðum síðar. Sé þá aftur samþykkt með 4/5 hluta atkvæða að slíta Bandalaginu skulu það heita lögleg félags slit. Sé Bandalaginu þannig löglega slitið skulu allar eignir þess afhentar menntamálaráðuneytinu til varðveislu og ávöxtunar.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi fallin eldri lög Bandalags íslenskra leikfélaga.

*Samþykkt á aðalfundi í Skagafirði 3. maí 2008 með viðbótum frá aðalfundi á Ísafirði 5. maí 2012.*